allt

HALLDÓRA SVERRISDÓTTIR

Ekki bara að lesa og svara spurningum

• atvinna

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

HLJÓMSVEITIN FLÍS

Lögreglan tróð upp á útgáfutónleikum

KOMU OG GERÐU ALLT VITLAUST

FÓLK 33 ▶

HALLDÓR HALLDÓRSSON

Hafskip drap Helgarpóstinn

Fyrrum ritstjóri segir Hafskipsmenn hafa háð rógsherferð gegn Helgarpóstinum VIÐTAL 18 ▶

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

21. ágúst 2005 - 224. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Fengu báðir væna sneið af amerísku bökunni

Helgi Már Magnússon og Jakob Sigurðarson hafa stundað nám samhliða því að leika körfuknattleik í Bandaríkjunum undanfarin ár.

ÍÞRÓTTIR 30

Pólitískt læknisstarf í borginni

Manst þú eftir og syrgir kannski gamla tívolíið í Vatnsmýrinni og þegar mannlífið iðaði flugvallarmegin Hringbrautarinnar og rómantíkin blómstraði við sæinn? Dagur B. Eggertsson formaður skipulagsráðs Reykjavíkur veit meira um málið.

SKIPULAGSMÁL 22

Bókmenntalegur skyndibiti

Arndís Þórarinsdóttir hefur skrifað smásögur sem hengdar hafa verið upp í strætisvögnum farþegum þeirra til skemmtunar. Hún segir sögurnar fjölbreyttar en að strætisvagnar komi fyrir í mörgum þeirra.

FÓLK 38

VEÐRIÐ Í DAG

BJART MEÐ KÖFLUM austan til, annars fremur skýjað og skúrir á víð og dreif, einkum sunnan og vestan til. Hiti 10-18 stig, hlýjast austan til.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

FJÖLMENNI Í MIÐBÆNUM Síðdegis voru fleiri í miðbænum en á sama tíma í fyrra. Fólk var hins vegar seinna á ferð í bæinn um kvöldið og voru færri í miðbænum um klukkan 22 í gærkvöldi en á sama tíma í fyrra að mati Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns.

Vel heppnuð og friðsamleg Menningarnótt:

Tugþúsundir lögðu leið sína í bæinn

MENNINGARNÓTT Gífurlegur mannfjöldi kom saman í miðbæ Reykjavíkur til að taka þátt í atburðum Menningarnætur í gærdag og fram eftir kvöldi. Hámarki náðu hátíðahöldin með tónleikum á Miðbakkanum og flugeldasýningu að þeim loknum.

Hátíðahöldin fóru vel fram og hafði ekkert komið upp á þegar Fréttablaðið fór í prentun. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn sagði fleira fólk hafa verið í bænum í gærdag en í fyrra. Hann sagði hins vegar allt hafa farið vel fram og friðsamlega.

Vinkonurnar Ásta Lind og Rakel, sem báðar eru fjórtán ára voru í langri röð fyrir framan draugahúsið í Austurstræti um kvöldmatarleytið í gær. „Við komum í bæinn um þrjúleytið og þetta er búið að vera geggjað," sögðu þær þar sem þær biðu spenntar eftir að komast inn að skoða draugana. Skemmtilegast sögðu þær þó að hitta allt fólkið í miðbænum og þær voru staðráðnar í að vera í bænum allt kvöldið, í það minnsta þar til flugeldasýningin væri afstaðin.

„Alveg frábært," sagði Nína úr Hafnarfirði aðspurð um hvernig henni þætti Menningarnótt. „Ég er búin að vera sérstaklega ánægð með kristilega dagskrá sem boðið hefur verið upp á hér á Ingólfstorgi í dag."

Til marks um þann mikla mannfjölda sem mætti í miðbæ Reykjavíkur og tók þátt í atburðum Menningarnætur má nefna að annað árið í röð var slegið þátttökumet í Reykjavíkurmaraþoni. 4.136 tóku þátt og voru slegin þátttökumet í öllum vegalengdum. Hjördís Guðmundsdóttir hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur var hæstánægð og sagði þetta góðan árangur, sérstaklega í ljósi óhagstæðrar veðurspár. **-þþg**

Tvítugur maður stunginn til bana

Tvítugur Reykvíkingur var stunginn til bana í heimahúsi í gærmorgun. Fjórir karlmenn og ein kona voru handtekin og yfirheyrð við rannsókn málsins. 23 ára karlmaður úrskurðaður í tíu daga gæsluvarðhald.

MANNDRÁP Tvítugur Reykvíkingur var stunginn til bana í kjallaraíbúð við Hverfisgötu 58 í gærmorgun. 23 ára karlmaður var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald, grunaður um að hafa stungið hinn látna í vinstra brjóstholið. Þeir voru saman í samkvæmi í húsinu ásamt húsráðendum, karli og konu á fimmtugsaldri, og karlmanni um tvítugt.

Orsakir morðsins lágu ekki ljósar fyrir í gærkvöldi að sögn lögreglu. Neyðarlína fékk tilkynningu klukkan hálf tíu í gærmorgun um að maður væri lífshættulega særður. Lögregla og slökkvilið komu fljótlega á staðinn og var reynt að lífga unga manninn við en hann lýstur látinn klukkan ellefu.

Fólkið hafði verið saman í gleðskap frá því fyrr um morguninn þegar maðurinn var stunginn. Enga áverka var að sjá á þeim fjórum sem voru í samkvæminu með hinum látna og segja nágrannar og lögregla að ekkert hafi heyrst sem gefið hafi til kynna að átök hefðu brotist út. Útlit er fyrir að árásarmaðurinn hafi stungið hinn látna í stundaræði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FÆRÐUR FYRIR DÓMARA 23 ára karlmaður var færður fyrir dómara og úrskurðaður í tíu daga gæsluvarðhald.

Fjórmenningarnir sem voru í húsinu voru allir handteknir og færðir til yfirheyrslna. Fólkið var í annarlegu ástandi og hefur allt komið við sögu lögreglunnar áður. Síðar í gær var fimmti einstaklingurinn handtekinn, maður um tvítugt, en sá var talinn búa yfir upplýsingum sem gætu reynst mikilvægar við rannsókn málsins. Þeir sem voru handteknir þekktu allir hinn látna.

Eftir yfirheyrslur var 23 ára karlmaður færður fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur. Þar var hann úrskurðaður í tíu daga gæsluvarðhald meðan unnið er að rannsókn málsins. Hitt fólkið var yfirheyrt fram eftir kvöldi í gær. **-jse**

MYND/AP

VINSÆLL 400.000 ungmenni tóku þátt í messu páfa nærri Köln, þar á meðal nokkrir Íslendingar.

Páfi með múslimum:

Hvatti til samstöðu

KÖLN, AP Á fundi með múslimaleiðtogum í Köln í Þýskalandi í gær fordæmdi Benedikt páfi XVI „grimma öfgahyggju" hryðjuverkamanna og skoraði á múslima að taka höndum saman með kristnum mönnum í baráttunni gegn þeim.

Páfi vék ekki sérstaklega að tilteknum árásum eða þeim sem ábyrgð bera á slíku en engu að síður þykir athyglisvert að hann noti tækifærið til að ræða um hryðjuverk á fundi með múslimum.

Benedikt XVI er í Þýskalandi í tilefni æskulýðsdags kaþólsku kirkjunnar en í gær messaði hann á akri skammt frá Köln þar sem 400.000 ungmenni hlýddu á. ■

SPURNING DAGSINS

Sif, ertu ekkert orðin syfjuð?

"Fyrir mig sem heitir Sif hefur það að vera „sifjuð" allt aðra merkingu en fyrir aðra, fyrir mig þýðir það að vera orkubolti.

Sif Gunnarsdóttir er verkefnisstjóri viðburða á Menningarnótt og hefur unnið nótt sem nýtan dag að undirbúningi Menningarnætur.

Landnemabyggðir Ísraela verða almenningseign:

Framtíðin ákveðin

GAZABORG, AP Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar gaf út tilskipun í gær sem kveður á um að landið þar sem byggðir Ísraela á Gaza stóðu áður yrðu almenningseign. Auk þess tilkynnti hann að þingkosningar yrðu haldnar 25. janúar næstkomandi.

Hlé var gert á brottflutningi landnema í gær vegna hvíldardags gyðinga en á morgun fer allt á fulla ferð á ný. Ísraelskir embættismenn segjast stefna að því að allar byggðirnar verði tæmdar á morgun og þá verður tekið til við fjögur hverfi á Vesturbakkanum.

Markmið yfirlýsingar Abbas er vafalaust að slá á áhyggjur almennings um að landsvæðin verði veitt hátt settum félögum í Fatah-hreyfingu forsetans en þar hefur spilling verið landlæg um árabil.

Þingkosningar í Palestínu átti upphaflega að halda í júlí en Abbas frestaði þeim, að eigin sögn vegna brottflutnings landtökumanna. Búist er við að Hamas-samtökunum muni vegna vel í þeim en þau unnu fjölmörg sæti af Fatah í bæjarstjórnarkosningum fyrr á þessu ári. Leiðtogar Hamas kváðust í gær hæstánægðir með tilkynningu Abbas og sögðu að undirbúningur fyrir kosningarnar væri þegar hafinn. **-shg**

MYND/AP

HAMAS-LIÐAR Nokkrir vígbúnir liðsmenn Hamas tóku sér stöðu á aðaltorginu í Gazaborg í gær til að sýna að þeir hefðu engin áform um að afvopnast, hvað sem orðum Abbas liði.

MYND/AP

BEÐIÐ FYRIR EININGU Tugþúsundir sjía komu saman í Bagdad í gær og báðu Guð um að landinu yrði ekki skipt upp.

Íraskir sjíar:

Íslam í öndvegi

BAGDAD, AP Þegar aðeins dagur er til stefnu fyrir íraska stjórnmálaleiðtoga að semja uppkast til stjórnarskrár virðist sem fyrr allt í hnút.

Sjíar hafa síðustu daga sett fram kröfur um að íslam verði undirstaða löggjafar landsins og að klerkar fái sérstaka lagalega stöðu. Þessu leggjast Kúrdar og súnníar hins vegar gegn. Sjíarnir krefjast þess að auki að utanríkismál verði í höndum stjórnarinnar í Bagdad en Kúrdar vilja að þau verði í höndum héraðsstjórna. Þeir eru aftur á móti sagðir til viðræðu um að láta af kröfum um að Kúrdistan geti sagt sig úr lögum við aðra hluta Íraks.

Náist ekki samkomulag fyrir miðnætti annað kvöld verður Íraksþing leyst upp. ■

BANDARÍKIN

ÓSÁTTUR VIÐ ÍRAK Lawrence Wilkerson, einn helsti ráðgjafi Colin Powell, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir í nýrri heimildarmynd að þátttaka sín í að sannfæra öryggisráð Sameinuðu þjóðanna um nauðsyn innrásar í Írak hafi verið ömurlegasti kafli lífs síns. Málið er talið ein ástæða þess að Powell yfirgaf Bush-stjórnina að loknum kosningunum 2004.

Áhrif Vioxx-lyfsins hérlendis rannsökuð

Ekki er vitað um nein dauðsföll hér á landi af völdum gigtarlyfsins Vioxx en það á þó að rannsaka betur. Merck & co. ætlar að áfrýja dómi um skaðabætur sem fyrirtækið var dæmt til að greiða.

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjarisinn Merck & co. telur kviðdóminn í Texas hafa komist að rangri niðurstöðu þegar hann ákvað að fyrirtækinu bæri að greiða ekkju manns sem hafði dáið úr hjartaáfalli sextán milljarða króna. Ekki er vitað um dauðsföll af völdum Vioxx-lyfsins hérlendis en rannsókn er í bígerð um hvort slíkt hafi hent.

Skaðabæturnar sem dæmdar voru Carol Ernst á föstudaginn teljast í ríflegra lagi en Robert, eiginmaður hennar, lést úr hjartaáfalli eftir að hafa tekið verkjalyfið Vioxx. Allar líkur eru hins vegar taldar á að bótafjárhæðin verði á endanum 1,6 milljarður króna þar sem lög í Texas kveða á um að bætur sem fyrirtæki er dæmt til að greiða í refsingarskyni megi ekki vera meira en tvöfalt hærri en efnhagslegur skaði sem af dauðsfallinu hlýst.

Merck hefur þegar sagst ætla að áfrýja dómnum enda telur fyrirtækið niðurstöðu kviðdómsins ekki vera nægilega vel rökstudda út frá vísindalegu sjónarmiði. Mikið er í húfi, því þúsundir málsókna bíða fyrirtækisins vegna dauðsfalla sem sögð eru stafa af Vioxx-neyslu.

Vioxx er í flokki svonefndra COX-2 hemla. Það var tekið af markaði hérlendis fyrir um ári síðan þegar grunur vaknaði um að neysla þess gæti verið skaðleg en það hafði þá verið til sölu síðan 1999. Ekki er vitað um neina Íslendinga sem taldir eru hafa látist af völdum þess. Vegna málsins undibýr hins vegar Lyfjastofnun, í samvinnu við Landspítalann og landlæknisembættið, rannsókn þar sem skoðað verður hvort um slíkt geti verið að ræða með því að keyra saman í gagnagrunni notkun á COX-2 hemlum og skráðum hjartaáföllum síðustu árin. „Það er mjög erfitt að fullyrða nokkuð í þessum efnum því hjartaáföll geta komið fyrir hvenær sem er. Undirliggjandi sjúkdómur getur verið orsökin eða eitthvað annað. Það er mjög erfitt að segja að eitthvert tilteknið lyf hafi valdið áfallinu," segir Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar. Hún ítrekar mikilvægi þess í þessu sambandi að heilbrigðisstarfsmenn tilkynni um allar aukaverkanir lyfja sem þeir frétta af.

sveinng@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MIKIL GLEÐI Carol Ernst og Mark Lanier, lögfræðingur hennar, voru að vonum ánægð með dóminn. Lanier ákallaði Guð þegar hann var lesinn upp.

RANNVEIG GUNNARSDÓTTIR Ekki er vitað til að Íslendingar hafi látist af völdum Vioxx.

SIGURSÆLIR BRÆÐUR Í fyrra kepptu bræðurnir báðir í maraþoninu en nú fór sá eldri í hálfmaraþonið.

Reykjavíkurmaraþon:

Systkin í sviðsljósinu

MENNINGARNÓTT Íslenskar systur unnu maraþon og hálfmaraþon kvenna í Reykjavíkur-maraþoninu meðan sænskir bræður voru jafn sigursælir í maraþoni og hálfmaraþoni karla. Bryndís Ernstdóttir fagnaði sigri í maraþoni kvenna og systir hennar Martha Ernstdóttir í hálfmaraþoni. Mäns Hoiom varð fyrstur í maraþoni karla og eldri bróðir hans Runar í hálfmaraþoninu. Þriðji bróðirinn komst einnig á verðlaunapall. ■

SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR Sólveig varð 108 ára gömul í gær.

Næstelst Íslendinga:

108 ára gömul

HEILSA Sólveig Pétursdóttir fyrrverandi húsfreyja í Svínafelli í Öræfum hélt upp á 108 ára afmæli sitt í gær á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands. Hún er næstelst allra Íslendinga.

Að sögn starfsfólks er Sólveig við nokkuð góða heilsu þótt sjón og heyrn séu farin að dvína. Hún tók á móti ættingjum og vinum í gær og var hrókur alls fagnaðar en oft er kátt í kringum hana að sögn starfsmanna. **-jse**

Jamie Oliver hvað?

Lundúnalögreglan hefur farið yfir starfsaðferðir sínar:

Engin stefnubreyting hjá lögreglunni

HRYÐJUVERK Lundúnalögreglan ætlar ekki að láta af stefnu sinni að skjóta á grunaða sjálfsmorðsprengjumenn sem óhlýðnast skipunum hennar.

Lögreglan í Lundúnum hefur sætt mikilli gagnrýni vegna drápsins á Brasilíumanninum Jean Charles de Menezes í síðasta mánuði. Í gær var tilkynnt um smávægilegar breytingar á stefnu hennar en eftir sem áður heldur lögreglan því til streitu að réttlætanlegt sé að skjóta á menn sem hún telur komna á fremsta hlunn með að fremja hryðjuverk.

Fjölskylda de Menezes er stödd í Lundúnum og hefur skorað á Ian Blair, yfirmann Lundúnalögreglunnar, að segja af sér en í vikunni var skýrslu lekið þar sem fram kom að hegðun Brasilíumannsins hefði ekki á nokkurn hátt réttlætt viðbrögð lögreglunnar.

MYND/AP

GRÁIR FYRIR JÁRNUM Þrátt fyrir drápið á Jean Charles de Menezes telur Lundúnalögreglan ekki þörf á að láta af stefnu sinni um að skjóta á grunaða sjálfsmorðssprengjumenn.

Blair baðst í gær innilegrar afsökunar á drápinu í samtali við BBC en neitaði hins vegar staðfastlega að hann hefði reynt að koma í veg fyrir rannsóknina sem skýrslan er byggð á. Blair sagði jafnframt að ekki væri hægt að líta fram hjá í samhengi við dauða de Menezes, að 52 saklausir borgarar hefðu beðið bana nokkrum dögum áður í hryðjuverki. Mál Brasilíumannsins mætti ekki yfirskyggja þá staðreynd. **-shg**

STÓÓÓR ÚTSALA:

VERÐ – HRUUN

Á KLETTHÁLSI

Örfá sýnishorn:

Suzuki Vitara
árg. 99 ek. 128.000
verð 520.000 kr.
verð áður 790.000 kr.

MMC Space Star
árg. 00 ek. 111.000
verð 450.000 kr.
verð áður 690.000 kr.

MMC Pajero GLS 3,5
árg. 02 ek. 89.000
verð 2.940.000 kr.
verð áður 3.390.000 kr.

Nissan Primera station
árg. 00 ek. 118.000
verð 560.000 kr.
verð áður 750.000 kr.

Kia Grand Sportage
árg. 99 ek. 93.000
verð 540.000 kr.
verð áður 830.000 kr.

Opel Vectra
árg. 97 ek. 90.000
verð 390.000 kr.
verð áður 590.000 kr.

Galloper
árg. 99 ek. 125.000
verð 890.000 kr.
verð áður 1.080.000 kr.

Opel Zafira
árg. 00 ek. 109.000
verð 940.000 kr.
verð áður 1.170.000 kr.

VW Caddy
árg. 01 ek. 54.000
verð 560.000 kr.
verð áður 750.000 kr.

Ford Mondeo 2,0
árg. 98 ek. 105.000
verð 520.000 kr.
verð áður 730.000 kr.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 4015

OPIÐ Í DAG 12–16

Einnig stórútsala hjá:
Söluumboði Heklu á Selfossi, sími 482 1416
Söluumboði Heklu í Reykjanesbæ, sími 420 5000

Smelltu þér á www.bilathing.is og skoðaðu útsölubílana!

ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÍLA
ALLT AÐ 150.000 KR. VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

100% FJÁRMÖGNUN á völdum bílum

ALLT AÐ 750 ÞÚS. kr. AFSLÁTTUR!

HEKLA®
Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Laugavegi 174
Kletthálsi 11
sími 590 5040
www.bilathing.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 19.08.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	63,87	64,17
Sterlingspund	GBP	114,66	115,22
Evra	EUR	77,72	78,16
Dönsk króna	DKK	10,424	10,484
Norsk króna	NOK	9,739	9,797
Sænsk króna	SEK	8,317	8,365
Japanskt jen	JPY	0,5775	0,5809
SDR	XDR	93,34	93,9

Gengisvísitala krónunnar

108,9703 -0,01%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Unnið að vaxtalækkun innan Íbúðalánasjóðs:

Geta boðið enn ódýrari íbúðalán

HÚSNÆÐISMÁL Innan Íbúðalánasjóðs er unnið að því að lækka vexti á íbúðalánum enn frekar. Nú eru vextir íbúðalána sjóðsins 4,15 prósent eins og hjá bönkum og sparisjóðum. Gangi breytingarnar eftir gætu vextirnir farið niður fyrir fjögur prósent.

Þetta kom fram í máli Halls Magnússonar og Jóhanns G. Jóhannssonar, sem eru sviðstjórar hjá Íbúðalánasjóði, þegar sex mánaða uppgjör sjóðsins var kynnt.

Sögðu þeir svigrúm til að lækka svokallað uppgreiðsluálag sem lagt væri ofan á vexti sjóðsins. Nú næmi þetta álag um 0,25 prósentum og væri til að mæta uppgreiðsluáhættu, en sjóðurinn tekur ekkert gjald fyrir uppgreiðslu lána eins og þekkist hjá bönkum.

Í hálffimm fréttum KB banka í gær sagði að þetta gæti aukið áhættu í rekstri Íbúðalánasjóðs og þenslu í þjóðfélaginu. Það gengi þvert gegn stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum.

- bg

FJÖLBÝLISHÚS Í BREIÐHOLTI Sviðsstjórar hjá Íbúðalánasjóði telja svigrúm til vaxtalækkunar.

IKEA í Þýskalandi:

Sakað um mútuþægni

ÞÝSKALAND IKEA í Þýskalandi sætir nú lögregluannsókn eftir að upp komst að forsvarsmenn fyrirtækisins tóku við tugmilljóna króna mútum frá byggingaverktökum.

Þýsk lögregluyfirvöld hafa undanfarið gert fjölda húsleita í fyrirtækinu, meðal annars í höfuðstöðvum þess í Wallau, svo og í Bremen, Hamborg og Düsseldorf.

„Við erum mjög hneyksluð. Heiðarleiki samstarfsaðila okkar er einn af hornsteinunum í stefnu okkar og framferðið sem þeim er gefið að sök er algerlega óásættanlegt," sagði Eva Stål, upplýsingafulltrúi IKEA í Svíþjóð í samtali við dagblaðið Dagens Industri. **-shg**

AF VETTVANGI Lík lögreglumannanna voru sveipuð klæði.

Dagestan:

Þrír féllu í hryðjuverki

MAKHACHKALA, AP Þrír lögreglumenn biðu bana og fjöldi særðist í sprengjutilræði í Makhachkala, höfuðborg rússneska sjálfstjórnarhéraðsins Dagestan í Kákasusfjöllum.

Fjarstýrð sprengja sprakk þegar lögreglumennirnir voru á eftirlitsgöngu í borginni og létust tveir þeirra samstundis.

Enginn hefur lýst ábyrgð á hendur sér en róstusamt hefur verið í héraðinu að undanförnu. Það á landamæri að Tsjetsjeníu og því óttast margir að ofbeldið þar teygi anga sína þangað. Það er þó ekki sjálfgefið því yfir hundrað þjóðarbrot búa í Dagestan og oft er grunnt á því góða á milli þeirra. ■

PAKISTAN

HERMAÐUR HENGDUR Pakistanskur hermaður var í gær hengdur fyrir aðild sína að banatilræði við Pervez Musharraf árið 2003. Nokkur fjöldi hermanna var handtekinn eftir morðtilraunina en al-Kaída og innlendir öfgamenn eru sagðir hafa staðið fyrir henni.

LEIÐRÉTTING

Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarmaður í Strætó, vill að leiðakerfi strætisvagna verði breytt öllu í einu eftir að búið er að ákvarða hvaða breytingar þurfi að gera en ekki að hver breytingin sé gerð á fætur annari líkt og misritaðist í blaðinu í gær.

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Fyrir mynni Skerjafjarðar eru Löngusker en þau eru á um tveggja kílómetra löngu belti og sjást vel þegar lágsjávað er. Siglingarleiðin til Kópavogshafnar liggur inn fjörðinn.

Skaðabætur fyrir Kópavogshöfn

Dagur B. Eggertsson segir ummæli Gunnars I. Birgissonar benda til þess að bæjaryfirvöld í Kópavogi séu til viðræðu um bætur fyrir Kópavogshöfn komi til flugvallargerðar á Lönguskerjum.

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi R-listans og formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar segist líta svo á að Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri Kópavogs sé til viðræðu um nýjan flugvöll höfuðborgarsvæðisins á Lönguskerjum.

Gunnar sagði meðal annars í samtali við Fréttablaðið í gær að nýr flugvöllur á Lönguskerjum yrði til þess að Kópavogshöfn yrði innlyksa og fyrir það yrðu að koma bætur. „Ef maður skilur stóryrðin frá sýnist mér Gunnar vera með mikilvæga og athyglisverða yfirlýsingu um að bæjaryfirvöld í Kópavogi séu til viðræðu um bætur fyrir Kópavogshöfn verði hún innlyksa vegna flugvallargerðar á Lönguskerjum," segir Dagur. Hann kveðst ekki vita hvort útfærslan á flugbrautum þar komi í veg fyrir skipaumferð um Kópavogshöfn en ekki sé útilokað að svo verði. „Fjölmörgum spurningum er enn ósvarað, en ég bendi einnig á að bæjarstjórinn á Álftanesi kveðst hlynntur flugvelli á Lönguskerjum."

Félög í flugrekstri hafa gefið til kynna að þau vilji helst hafa starfsemina áfram á núverandi stað í Vatnsmýrinni en eru þó ekki andsnúin því að skoða nýjar hugmyndir.

Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar, segir að ef af nýjum flugvelli verði þurfi að setja gerð hans í útboð á evrópska efnahagssvæðinu. „Nú er starfandi nefnd á vegum samgönguráðuneytis og Reykjavíkurborgar um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Ef niðurstaða yfirvalda eftir þá vinnu verður að byggja nýjan flugvöll í eða við Reykjavík yrði að setja slíka framkvæmd í útboð á evrópska efnahagssvæðinu. Við erum bundin af alþjóðlegum samþykktum um gerð flugvalla, meðal annars reglum og stöðlum Alþjóðlegu flugmálastofnunarinnar og Flugmálastjórn myndi koma að því," segir Heimir.

Hann segir að Flugmálastjórn hafi ekki gert neinar rannsóknir á flugvallarstæði á Lönguskerjum.

- jh / hb

JENS STOLTENBERG Formaður Verkamannaflokksins þarf að herða róðurinn.

Norska vinstrið:

Fylgið fer dvínandi

NOREGUR Þegar rétt rúmar þrjár vikur eru til norsku þingkosninganna virðist fylgi Verkamannaflokksins og bandalagsflokka hans hafa dalað.

Skoðanakönnun sem Opinion-fyrirtækið vann fyrir Aftenposten og NRK og birt var í vikunni sýnir að ef gengið yrði nú til kosninga fengju vinstriflokkarnir aðeins 86 þingsæti en 85 sæti þarf til að ná meirihluta á norska stórþinginu. Gallup-könnun fyrir TV2 bendir hins vegar til að bandalagið fengi 95 þingsæti.

Staða stjórnarflokkanna er eftir sem áður heldur slæm en samkvæmt Opinion-könnuninni fengju þeir einungis 48 þingsæti ef kosið yrði nú. ■

BÚRÚNDÍ

ÞINGIÐ VELUR FORSETA Búrúndíska þingið kaus í fyrradag Pierre Nkurunziza forseta landsins en flokkur hans sigraði í þingkosningum á dögunum. Nkurunziza er fyrsti forseti Búrúndí sem kosinn er lýðræðislega eftir að borgarastyrjöld braust þar út 1993. Forsetinn, sem er Hútúi, kveðst ætla að koma á fullum friði á milli Hútúa og Tútsa í landinu.

VEÐRIÐ Í DAG

BERA ÍSFIRÐINGAR ÁBYRGÐ?? Þekktur tónlistarmaður frá Ísafirði kvað "Mér finnst rigningin góð.." Ekki veit ég í hvernig skapi hann var þegar hann samdi þetta en almennt hefur mér fundist fólk sáttara án hennar, a.m.k. þegar hún er ótt og títt. Enn einn daginn má búast við skúraleiðingum nokkuð víða á landinu og þegar horft er til baka yfir sumarið hefur vesturhelmingur landsins ekki notið mikillar sólarhylli á helgum.....því miður!! Eru óskir Ísfirðinga nú e.t.v. uppfylltar???

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Í dag um hádegi



Á morgun



Nokkur vindur vestan til, annars hægari.

Þriðjudagur



Fremur hægur vindur, síst á Vestfjörðum.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	25°C	heiðskírt	París	20°C	hálfskýjað	Alicante	28°C	heiðskírt
Ósló	22°C	hálfskýjað	Berlín	27°C	heiðskírt	Milano	22°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	23°C	heiðskírt	Frankfurt	23°C	heiðskírt	New York	30°C	hálfskýjað
Helsinki	20°C	hálfskýjað	Madrid	27°C	heiðskírt	San Francisco	19°C	heiðskírt
London	21°C	léttskýjað	Barcelona	26°C	heiðskírt	Orlando/Florida	34°C	hálfskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

25% afsláttur

af öllum skólavörum BARA þessa helgi!

Gateway gleði BARA þessa helgi!

Þú kaupir M360X fartölvu og færð 41.209 kr. í kaupauka :)

= Epson prentara, fartölvutösku, fartölvustand, fartölvulás, 5 DVD diska, límmiða á geisladiska, fjölnotapappír og músarmottu.

= kaupauki að andvirði 41.209 kr.

Gateway M360X

Intel Pentium M 735 1.7GHz
512 Mb vinnsluminni
15,4" skjár
60GB harður diskur
DVD skrifari
Þráðlaust netkort
Microsoft Windows XP Professional
2 ára ábyrgð

Verð: 124.900 kr.

Gateway®

HÖNNUN ODDI MÁ/018

Verslanir Odda: Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið mán. - fös. 8-18, lau. 10-17 og sun. 13-17
Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opið mán. - fös. 8-18, lau. 10-17* og sun. 13-17**

* 20. ágúst **21.ágúst

KJÖRKASSINN

Á að flytja Reykjavíkurflugvöll út á Löngusker?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	51%
Nei	49%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eru fordómar gagnvart innflytjendum vandamál?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Atvinnubílstjórar sem missa leigubílaleyfi sitt vegna aldurs:

Heimilt að aka rútum

ATVINNUMÁL „Frá umferðaröryggissjónarmiði er þetta aldeilis út úr kú og ég mun beita mér fyrir því að þessu verði breytt," segir Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs Umferðarstofu.

Dæmi eru um að menn sem starfað hafa sem leigubílstjórar en eru komnir á aldur og missa leyfið þess vegna taki til við að aka rútum í staðinn. Tilgangurinn með aldurstakmörkum leigubílstjóra er að hluta til að öryggi farþega sé sem best tryggt en samkvæmt reglunum getur hver sem er með ökuskírteini og meirapróf ekið fullri rútu af farþegum eins lengi og viðkomandi vill.

Birgir segir mismuninn helgast af því að sérstakt atvinnuleyfi þarf til leigubílaaksturs en ekki er farið fram á slík leyfi til farþegaflutninga. „Hver sem er getur ekið rútum svo lengi sem hann hefur ökuskírteini og engin aldurstakmörk eru tilgreind í lögum vegna þess. Þetta er nokkuð sem ég vissi ekki af en mun ganga í að þessu verði breytt." -aöe

FARÞEGAR VIÐ HLIÐ HÓPFERÐABÍLS Leigubílstjórar verða að jafnaði að leggja inn atvinnuleyfi sitt 75 ára en ekkert kemur í veg fyrir að þeir aki hópferðabílum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

TEKNIR Í SUNDI Tveir tvítugir menn brutust inn í sundlaugina í Kópavogi í morgunsárið í gærmorgun og fengi sér sundsprett. Ekki fengu þeir að svamla lengi þar sem lögreglan í Kópavogi var fljót á svæðið og greip sundgarpana. Kalla þurfti út starfsmann laugarinnar til að þrífa eftir mennina og verða þeir látnir greiða þann kostnað.

ÖLVAÐUR OG RÉTTINDALAUS Á OFSAHRAÐA Ökumaður var tekinn á 144 kílómetra hraða um klukkan tíu í gærmorgun á Reykjanesbraut skammt frá Smáralind. Þar er sjötíu kílómetra hámarkshraði og var maðurinn því á rúmlega tvöfalt meiri hraða en leyfilegt er. Ekki var nóg með það, því maðurinn var einnig ölvaður undir stýri og hafði misst ökuréttindi sín nokkru áður.

Batt, pyntaði og myrti

Dómstóll í Sedgwick-sýslu í Kansas dæmdi á fimmtudaginn Dennis Rader, betur þekktan sem BTK, í tífalt lífstíðarfangelsi. Þar með er endi bundinn á harmleik sem rekur sig þrjátíu ár aftur í tímann.

BANDARÍKIN Ættingjar fórnarlamba raðmorðingjans Dennis Rader sögðu honum til syndanna í réttarsalnum á fimmtudaginn. Dagana áður höfðu þau mátt hlusta á kvalirnar sem ódæðismaðurinn lét ástvini þeirra ganga í gegnum.

Með dómnum lýkur einhverju umtalaðasta morðmáli í Bandaríkjunum um árabil en það á sér rúmlega þrjátíu ára sögu. Árið 1974 valdi Rader sín fyrstu fórnarlömb: Otero-hjónin og tvö af börnum þeirra fimm í Sedgwick-sýslu í Kansas, og næstu sautján árin myrti hann sex konur til viðbótar á svæðinu á langdreginn og kvalafullan hátt. Eftir hvert morð skrifaði hann bréf til lögreglu og fjölmiðla þar sem hann lýsti drápinu og aðdraganda þess í smáatriðum. Bréfin undirritaði hann jafnan „BTK" sem stendur fyrir „Bind, Torture, and Kill" eða „binda, pynta og drepa."

Síðasta morðið framdi BTK árið 1991 en þá kyrkti hann Dolores Davis, 63 ára, með sokkabuxum og fleygði svo líkinu undir brú þar sem það síðan rotnaði. Hann lagði leið sína nokkrum sinnum á staðinn og tók myndir af líkinu með grímu sem hann hafði búið til.

Það var svo í febrúar á þessu ári sem lögregla hafði loks hendur í hári Rader en þá hafði hann nýlega byrjað að senda frá sér BTK-bréf á nýjan leik. Fáa íbúa í Park City, Kansas, grunaði að þessi vingjarnlegi skátaforingi og sóknarnefndarformaður væri í raun kaldrifjaður morðingi.

Réttarhöldin yfir Dennis Rader hafa staðið yfir undanfarnar vikur og máttu ættingjar fórnarlambanna hlusta á ótrúlega nákvæmar og yfirvegaðar lýsingar hans á glæpum sínum. Hann kallaði morðin oftast „verkefni" og virtist hann líta á fólkið sem hann myrti sem dýr sem hann hefði „svæft".

„Ég vil að hann kveljist jafn mikið og fórnarlömbin," sagði Beverly Flapp, systir Nancy Fox sem BTK banaði árið 1977. „Það á að henda þessum manni ofan í djúpa, dimma holu og leyfa honum að rotna þar." Rader flutti sjálfur stutta en furðulega afsökunarræðu þar sem hann lýsti því sem hann sagðist eiga sameiginlegt með þeim sem hann drap.

Greg Waller dómari dæmdi svo hinn sextuga Rader í fjörutíu ára fangelsi án möguleika á reynslulausn. Dauðarefsing hafði ekki verið tekin upp í Kansas þegar morðin voru framin og því kom hún ekki til greina.

sveinng@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FUNDINN SEKUR UM MORÐ Dennis Rader, betur þekktur sem BTK, hlýddi svipbrigðalaus á dómsuppkvaðninguna á fimmtudaginn. Dauðarefsing var ekki í gildi í Kansas á þeim tíma sem brotin stóðu yfir. Ef svo hefði verið hefði Rader að öllum líkindum verið dæmdur til dauða.

Átak ASÍ gegn undirboðum á vinnumarkaði:

Unnið að rannsókn margra mála

ATVINNUMÁL Átakið Einn réttur – ekkert svindl sem Alþýðusamband Íslands hleypti af stokkunum í vor gengur vel en fjöldi mála hefur komið til kasta þeirra tveggja starfsmanna sem með þau fara.

Annar þeirra, Sigurður Magnússon, segir málin skipta tugum. „Þau eru af margvíslegum toga enda orðið ljóst að víða er pottur brotinn í atvinnumálum erlendra starfsmanna hér á landi. Mörg þeirra falla að einhverju leyti undir svokallaða þjónustusamninga en annars konar samningar þekkjast líka."

Fyrirhugað er að starfsmenn átaksins fari með haustinu sjálfir á stúfana og er þá ætlunin að kanna stöðu mála á landsbyggðinni en hingað til hafa sjónir þeirra fyrst og fremst beinst að málum sem ábendingar hafa komið um. Full ástæða þykir til að fara með einhver þeirra fyrir dómstóla en ákvörðun um það verður tekin síðar. -aöe

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

SKILAR ÁRANGRI Átak ASÍ gegn þeim er fá hingað erlent verkafólk á kjörum sem ekki samræmast íslenskum lögum og reglum gengur vel.


FLOTTUSTU FÖTIN
Á FLOTTUSTU KRAKKANA
Nýkomin æðislega flott föt frá Esprit, 66°N
og þekktum hönnuðum eins og Jasper Conran, John Rocha
og Matthew Williams, á verði sem kemur þér í rétta skólaskapið.
Ef keypt er fyrir 12.000 kr. eða meira í barnadeild
fylgir þriggja hæða pennaveski á meðan birgðir endast.
Alltaf
DEBENHAMS
SMÁRALIND

skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Rauði kross Íslands hvetur til betra samfélags

Geðfatlaðir njóti skilnings

Menningarnótt í Reykjavík er að baki með öllu því sem henni tilheyrir. Að þessu sinni var ekki aðeins um að ræða margskonar skemmtan á dagskránni, heldur var þar áberandi liður með alvarlegum undirtóni og þörfum skilaboðum til samfélagsins um að við þurfum að bæta okkur varðandi umgengni við nokkra hópa í samfélaginu. Þar er einkum um að ræða afstöðu manna til geðfatlaðra og múslima.

Rauði kross Íslands birti á föstudag niðurstöður könnunar um afstöðu almennings til innflytjenda og ýmissa minnihlutahópa í samfélaginu. Niðurstöðurnar komu kannski ekki mjög á óvart, en þær sýna að það er verk að vinna varðandi afstöðu og skilning fólks til ýmissa hópa í samfélaginu. Í þessu skyni hratt Rauði kross íslands í gær af stað herferð sem ber yfirskriftina „Byggjum betra samfélag“, en markmið hennar er að hvetja til umræðu í samfélaginu um hvernig megi gera gott samfélag betra á sama tíma og margvíslegar þjóðfélagsbreytingar eru að verða. Þetta er mjög þakkarvert hjá Rauða krossinum og þarna eru farnar nýjar leiðir til að vekja athygli á vandamálum þeirra hópa sem um ræðir. Í samvinnu við Alþjóðahúsið var í gær efnt til göngu niður Hverfisgötu og á mikla rokktónleika á hafnarbakkanum, sem Rauði krossinn stóð að ásamt Rás 2 og fleirum. Það má velta því fyrir sér hvers vegna Rauði krossinn er að halda rokktónleika, en skýringin er eflaust sú að það hefur gefist vel á undanförnum árum að halda slíka tónleika til að vekja athygli á neyð víða um heim og hvers vegna ekki að nota þessa aðferð líka til að vekja athygli á innlendum málefnum.

En það er ekki nóg að afstaðan til geðfatlaðra breytist, heldur þarf að búa betur að þeim hvað varðar húsnæði og annað, svo sem kennslu, þjálfun og endurhæfingu. Margir þeirra sem eru geðfatlaðir eiga fullt erindi á vinnumarkað með viðeigandi aðstoð.

Niðurstöður fyrrnefndrar könnunar sýna enn og aftur að margt er ógert varðandi geðfatlaða, og þá ekki síst varðandi aðstæður þeirra eldri í þessum hópi. Þeir bera ekki vanda sinn á torg og eiga oft við mikla fordóma að etja. Aðstæður margra í þessum hópi eru líka mjög bágar, kannski vegna þess að þeir eiga ekki nógu öflugt bakland sem berst fyrir þá.

Í Fréttablaðinu í gær var leitað álits Sigríðar Kristjánsdóttur framkvæmdastjóra Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi á niðurstöðum könnunar Rauða krossins, þar sem kom fram að einn af hverjum sjö aðspurðra vildi ekki búa í næsta húsi eða íbúð við geðfatlaða. „Ég tel að það sé með þessa fordóma eins og marga að þeir eru oftast sprottnir af einhverju sem fólk hefur ekki sjálft reynslu af, en ef þessir tveir hópar, geðfatlaðir og aðrir fengju reynslu hvor af öðrum tel ég að viðhorf myndu breytast og umburðarlyndi aukast,“ sagði hún.

En það er ekki nóg að afstaðan til geðfatlaðra breytist, heldur þarf að búa betur að þeim hvað varðar húsnæði og annað, svo sem kennslu, þjálfun og endurhæfingu. Margir þeirra sem eru geðfatlaðir eiga fullt erindi á vinnumarkað með viðeigandi aðstoð. Það er vonandi að framtak Rauða kross Íslands verði til þess að opna augu manna, ekki aðeins stjórnvalda, fyrir margvíslegum vanda sem að þessum minnihlutahópum steðjar.

SUMARFERÐ
Samfylkingarinnar

Árleg sumarferð Samfylkingarinnar verður farin í Þórsmörk, laugardaginn 27. ágúst.

Verð kr. 3.500
Verð kr. 2.500 fyrir lífeyrisþega og börn yngri en 12 ára

Sumarferð Samfylkingarinnar verður farin í Þórsmörk laugardaginn 27. ágúst. **Skipulagðar göngur og leikir. Ferðalangar þurfa að taka með sér hádegisnesti og drykkjarföng en innifalið í verði er rútuferð, leiðsögn og kvöldverður sem að vanda verður gómsætur grillmatur.** Brottför frá BSÍ kl. 8.00.
Ath! Þátttöku þarf að tilkynna fyrir 22. ágúst og miðasala er á skrifstofu Samfylkingarinnnar.

Félagar! Kveðjum sumarið og gleðjumst saman í Þórsmörkinni.

Þátttöku þarf að tilkynna á skrifstofu Samfylkingarinnar *í síma 414 2200 eða á netfangið samfylking@samfylking.is í síðasta lagi 22. ágúst. Sala miða fer fram á skrifstofu Samfylkingarinnar að Hallveigarstíg 1, 2.hæð til 24.ágúst frá 9-17.*

Samfylkingin

FRÁ DEGI TIL DAGS

Borgarstjóri í efsta sæti

Þegar ljóst er orðið að Reykjavíkurlistinn býður ekki fram í næstu kosningum, eru línur innan vinstri flokkanna farnar að taka á sig skýrari mynd. Þannig mun Samfylkingin halda opið prófkjör þar sem búast má við að keppt verði um efsta sætið. Steinunn V. Óskarsdóttir mun að öllum líkindum gefa kost á sér í fyrsta sætið en hún hefur náð miklum og góðum árangri í prófkjörum í borginni og má búast við sterkustu stöðu hennar fyrir fram. Enn hefur enginn tekið af skarið og boðið sig fram gegn Steinunni en þáttur Stefáns Jóns Hafstein er algjörlega óskrifað blað sem stendur...

Fléttulisti Vinstri grænna

Hjá Vinstri grænum er líklegt að Árni Þór Sigurðsson mun ná góðri kosningu en hann býður sig fram til forystu fyrir Vinstri-græna. Reglur Vinstri grænna kveða á um að næsta sætið þar á eftir muni skipa kona. Ekkert er ákveðið um hvort Björk Vilhelmsdóttir muni gefa kost á sér á nýju en ekki er búist við því. Þá hafa nöfn Katrínar Jakobsdóttur og Svandísar Svavarsdóttur verið nefnd.

Spenna hjá Framsókn

Mesta spennan getur orðið hjá Framsóknarflokknum. Þar á bæ hefur Alfreð Þorsteinsson ákveðið að fara fram í efsta sætið en ekki er vitað um hug Önnu Kristinsdóttur. Framsóknarmenn hafa lofað góðum framboðslista en nafn Jónínu Bjartmarz alþingismanns hefur heyrst nefnt þegar um leiðtoga framsóknarmanna í borginni er rætt. Framundan er því mikil barátta um efstu sætin hjá flokkunum þremur.

hjalmar@frettabladid.is

Ekki dauður úr öllum æðum

Í DAG
UPP ÚR EINS MANNS HLJÓÐI

ELLERT B SCHRAM

Komið þið sæl og blessuð nær og fjær. Jú, þetta er ég, Ellert, gamall samferðarmaður frá því á síðustu öld, orðinn lítið eitt eldri, en þó ekki alveg lagstur í kör. Margt hefur á dagana drifið í þjóðlífinu, á síðustu tveimur árum, án þess að ég hafi hirt um að hafa af því afskipti og í rauninni furðar maður sig á því hvað allt getur gerst og breyst án þess að maður komi þar nokkuð við sögu og þjóðfélagið fúnkerar þótt maður sitji á hliðarlínuni og vermi varamannabekkinn. Maður er altént ekki ómissandi!

En sem sagt, long time no see. Ég er með öðrum orðum hérna ennþá ljóslifandi, þótt ég hafi lagt pennann á hilluna frá því síðast, þegar ég hamaðist í kosningabaráttunni hér um árið. Heil eilífð síðan, maður lifandi, og það hefur sosum verið lífsreynsla út af fyrir sig að sitja álengdar í þessu þjóðfélagi án þess að abbast upp á aðra með sínar skoðanir eða hafa sig í frammi yfirleitt. Þið sjáið til að mynda hvað Baugsfeðgar hafa upp úr allri athyglinni sem þeir vekja: meira að segja sakaðir um að stela peningum af sjálfum sér!

Hefði nú ekki verið þægilegra fyrir þá feðgana að minnka við sig umsvifin og halda sig til hlés? Þessi déskotans dugnaður er bara til trafala og kallar á lögregluransóknir og sakargiftir frá bláókunnugu fólki.

Þannig að það hefur verið notalegt að sitja og þegja og lifa bara í eigin heimi, enda er ég farinn að reskjast, ekki satt, og ekki kannske við hæfi fyrir pensionista að vera að segja öðrum fyrir verkum um það sem kann að gerast seinna og löngu eftir að maður er dauður. Ég stend mig að því að lesa fréttir með hálfum huga, ég hef engan áhuga á að kaupa Frjálsa Verslun til að skoða hvað hver borgar í skatta, ég er löngu hættur að fylgjast með því hver eigi Burðarás eða Straum eða Eimskip (eða er kannske Eimskip ekki lengur til?) og það er helst að ég vakni til lífsins, þegar skýrt er frá því að einhver bankinn hafi sett nýtt Íslandsmet í hagnaði. Er það ekki einmitt þetta, gróðinn, sem lífið gengur út á nú til dags? Að hámarka hagnaðinn eins og sagt er á góðri íslensku

Auðstéttin stjórnar og auðurinn safnast á æ færri hendur og við, hinn sauðsvarti almenningur, berumst með straumnum, kaupum vörurnar í búðunum þeirra, geymum peningana í bönkunum þeirra, fljúgum milli landa í flugvélunum þeirra, lesum meira að segja blöðin þeirra og fáum kvef þegar auðmaðurinn hnerrar. Og svo skiptist almúginn i fylkingar með og móti, þegar stórlaxarnir eru dregnir fyrir rétt.

Sem er í takt við annað. Skoðanir og pólitík eru úr tísku. Bítta engu. Það er markaðurinn sem ræður, peningarnir og þeir sem yfir þeim ráða. Í gamla daga sátu bændur upp til sveita og hnakkrifust um íhald og framsókn og heilu fjölskyldurnar, mann fram af manni, stóðu dyggan vörð um sinn flokk og stundum valt á einu atkvæði fram og til baka, hver hlaut kosningu. Og hver stjórnaði landinu. Þá var fylgst vel með andlátsfregnum á flokksskrifstofunum og strokað út.

Þetta er breytt. Auðstéttin stjórnar og auðurinn safnast á æ færri hendur og við, hinn sauðsvarti almenningur, berumst með straumnum, kaupum vörurnar í búðunum þeirra, geymum peningana í bönkunum þeirra, fljúgum milli landa í flugvélunum þeirra, lesum meira að segja blöðin þeirra og fáum kvef þegar auðmaðurinn hnerrar. Og svo skiptist almúginn i fylkingar með og móti, þegar stórlaxarnir eru dregnir fyrir rétt.

Ekki það að ég sé á móti auðmönnum. Þetta eru dugnaðarmenn og fjárglöggir eins og bændur voru í gamla daga. Ég er bara að velta þessu fyrir mér, vegna þess að spurningin er sú, hvaða máli við skiptum, við hin, sem erum að bisa við að taka þátt í þessu samfélagi og velja á milli flokka og móta okkur skoðanir, ef það kemur allt út á eitt, sem sagt markaðurinn ræður, lögmál peninganna blívur og eftir höfðinu dansa limirnir.

Ég veit það ekki, ég veit bara það eitt, að það er freistandi á margan hátt að leggja til hliðar þessa þreytandi áráttu að hafa skoðun. Sér í lagi öðruvísi skoðanir. Þær geta komið manni í bobba. Kannske á yngra fólkið auðveldara með þetta en ég segi fyrir mig, að það tekur eldri manneskjur lengri tíma, líkt og sagt var að það sé erfitt að kenna gömlum hundi að sitja.

Ég er þó að reyna.

En aflúsun tekur tíma og á meðan er ég ekki alveg dauður úr öllum æðum. Ekki meðan báðir fætur eru jafnlangir. Þess vegna hef ég fallist á þá ósk ritstjóra Fréttablaðsins að senda inn nokkra pistla, við og við á sunnudögum, aðallega um sjálfan mig og hvunndagshlutina í kringum mig. Þó ekki sé til annars en að ná mér niður í hið fullkomna afskiptaleysi.

Þið afsakið ónæðið sem af því hlýst. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ótrúlegt úrval

af sófasettum á vaxtalausu tilboði

Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

Nýtt í Hagkaupum

Vaxtalaus tilboð
aðeins **9.999** kr á mán. í 15 mánuði
Verð 149.985,-

Leðursófasett 3+1+1 Flórens

Bycast sófasett 3+1+1 Roma



Leðursófasett 3+1+1 Nice

Leðursófasett 3+1+1 Verona

Leðursófasett m/skammel Nicoletti

Leðursófasett 3+1+1 M3208

Leðursófasett 3+1+1 M6217

Ítalskt leðursófasett 3+1+1

Sófasett 3+1+1 Chesterfield

Leðursófasett 3+1+1 G2041

41.999 kr — Verð nú 41.999,- — 3ja sæta sófi

Sófi 1, 2 eða 3 sæta 601

99.900 kr — Verð nú 99.900,- — Verð áður 149.900,-

Hornsófi tau áklæði Paris

99.900 kr — Verð nú 99.900,- — Verð áður 149.900,-

Hornsófi leður áklæði

Gildir á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Breiddin-Verslun opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4200 | **Timburverslun-Breidd** opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 sun: 10-17 - Sími: 515 4100 | **Lagnadeild-Breidd** opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 515 4040
Akranes opið virka daga: 8-18 laug: 10-16 - Sími: 433 4100 | **Akureyri, Glerártorg** opið virka daga: 8-18^{30} laug: 10-17 - Sími: 460 4800 | **Akureyri, Furuvöllum** opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 Sími: 460 4860

25% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM BOSCH VÖRUM!

ERSLUNUM BYKO

Vnr.65741410

Kaffikanna 2.243 ~~2.990~~

BOSCH Kaffikanna, 1000W, TKA.

Vnr.74810010

Háþrýsti-dæla 7.724 ~~10.299~~

BOSCH háþrýstidæla, AQUAT 10. 100 bar, 300 ltr. á klst., 1300W.

Vnr.65742313

Ryksuga 7.117 ~~9.490~~

BOSCH ryksuga, 1500W, BSD2313.

BORA & BITASETT FYLGIR

Vnr.74869903

Borvél 9.975 ~~13.300~~

BOSCH rafhlöðuborvél, PSR, 12V, 2 rafhlöður, bora & bitasett fylgir.

Vnr.74869913

Stingsög 4.995 ~~6.660~~

BOSCH stingsög, PST680E, 500W, vatnsheld myndavél fylgir.

Vnr.74879914

Borvél 14.925 ~~19.900~~

BOSCH rafhlöðuborvél, GSR 14,4V, 3x1,5AH rafhlöður.

BOSCH *veisla*

BYKO

BYGGIR MEÐ ÞÉR

| **Leigumarkaður BYKO** opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4020 | **Hringbraut** opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 562 9400 | **Hafnarfjörður** opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 555 4411 | **Reyðarfjörður** opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | **Suðurnes** opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 421 7000 | **Selfoss** opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 sun: 12-16 - Sími: 480 4600 |

viðskipti
vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Velta Kalls var á síðasta ári um 600 milljónir íslenskra króna, smávægilegur hagnaður varð af rekstrinum: „Við stefnum að því að auka þjónustuna enn frekar í náinni framtíð.

„Betur sjá augu en auga“

Og Vodafone keypti fyrr í sumar 68 prósenta hlut í færeyska fjarskiptafyrirtækinu Kalli. Forstjóri Kalls, Færeyingurinn Bjarni Askham Jónsson, var í heimsókn hjá nýju eigendunum á dögunum. Jón Skaftason hitti Bjarna í höfuðstöðvum Og Vodafone í Síðumúlanum.

„Hugmyndin að Kalli fæddist árið 1999. Við vorum nokkrir ungir menn sem fengum þessa hugmynd en áttum í upphafi ekki fé til að hrinda henni í framkvæmd,“ segir Bjarni Askham Bjarnason forstjóri Kalls.

Það rættist þó fljótlega úr hjá Bjarna og félögum og árið 2000 höfðu þeir safnað nægu fé til að hefja reksturinn. Í apríl árið 2001 hóf Kall að reka fastlínuþjónustu, seinni hluta árs 2002 höfðu þeir komið gsm-kerfi á laggirnar og skömmu síðar internetþjónustu: „Í dag erum við með um 21 prósenta markaðshlutdeild í fastlínusímum, 27 prósent í farsímum og eitthvað svipað er kemur að adsl-tengingum. Starfsmönnum hefur á þessu tímabili fjölgað úr sex í tuttugu, þannig að það má sjá að þróunin hefur verið tiltölulega hröð.“

Einkavæðing í Færeyjum

Í Færeyjum búa fimmtíu þúsund manns, þar af um tuttugu þúsund í höfuðplássinu, Þórshöfn. Í landinu eru tvö símafyrirtæki; Kall og ríkisfyrirtækið, Föroya Tele.

Föroya Tele verður þó ekki lengi í höndum ríkisins því til stendur að selja það til einkaaðila og er það liður í miklu einkavæðingarferli sem nú er fyrir dyrum í Færeyjum: „Við lögðum mikla áherslu á að grunnnetið yrði aðskilið Föroya Tele áður en það yrði selt og settum mikinn þrýsting á pólitíkusana í Þórshöfn. Við fengum það í gegn og mun grunnnetið áfram verða í höndum ríkisins.“

Bjarni segist hafa heyrt af því að grunnnetið hafi fylgt með þegar Landssími Íslands var seldur á dögunum: „Það sér hver maður hversu samkeppnishamlandi það er ef fyrirtæki í einkaeigu þarf í sífellu að versla við keppinautinn. Það gildir sama lögmál og með þjóðvegi, það dettur engum í hug að selja vegakerfið í hendur einkaaðila.“

Bjarni er annars á því að einkavæðingin muni gera færeysku samfélagi gott: „Einkavæðingin mun auka peninga í umferð, það verður meira um fjárfestingar, bæði innlendar og erlendar. Viðskiptaumhverfið í Færeyjum verður allt áhugaverðara.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BJARNI ASKHAM JÓNSSON FORSTJÓRI KALLS Fjarskiptafyrirtæki ríkisins í Færeyjum, Foroya Tele, verður einkavætt á næstunni. Bjarni er ánægður með að grunnnetið verði þó áfram í höndum ríkisins: „Það sér hver maður hversu samkeppnishamlandi það er ef fyrirtæki í einkaeigu þarf í sífellu að versla við keppinautinn.“

Að grípa tækifærin

Íslenskur fjarskiptamarkaður er töluvert þróaðari en sá færeyski að mati Bjarna: „Ísland er tveimur til þremur árum á undan Færeyjum í þessum efnum; hvort sem þú talar um útbreiðslu farsíma, netnotkun eða það hversu framarlega við stöndum í innleiðslu nýjunga. Samstarfið við Og Vodafone gefur okkur möguleika á að taka nýjungar hraðar í notkun og um leið ákveðið forskot á keppinautana.“

Velta Kalls var á síðasta ári um 600 milljónir íslenskra króna, smávægilegur hagnaður varð af rekstrinum: „Við stefnum að því að auka þjónustuna enn frekar í náinni framtíð. Það er annars einkenni fjarskiptamarkaðarins hversu erfitt er að spá fyrir um framtíðina. Tækni sem kann að þykja afskaplega ný og flott í dag verður fljótlega úrelt. Áskorunin er sú að sjá tækifærin fyrir og grípa þau þegar þau gefast.“

Bjarni er á því að samstarfið við Og Vodafone muni gera það að verkum að bæði fyrirtækin verði betur í stakk búin til að grípa þessi tækifæri: „Betur sjá augu en auga. Samvinnan verður báðum fyrirtækjum til góða.“

Aðspurður hvort til standi að breyta nafni Kalls, og taka upp einhverja útgáfu af Vodafone-nafninu, sagði Bjarni einfaldlega: „No comment.“ ■

65 milljónir lásu

Fréttatilkynning sem KOM sendi völdum miðlum vestur í Bandaríkjunum var lesin af tæplega 65 milljónum manna á þremur dögum. Þetta kemur fram á heimasíðu KOM. Fréttatilkynningin sem um ræðir var samstarfsverkefni Íslenskrar Getspár og bandaríska fyrirtækisins Scientific Games. Upplýsingaskylda bandaríska fjármálamarkaðarins kallaði á kynningu á verkefninu fyrir viðskiptaheiminum vestra, fjárfestum og kauphöllum.

Við þetta verkefni nýtti KOM sér áralangt samstarf og vinartengsl við bandaríska almannatengsla og ráðgjafafyrirtækið Plexus Consulting í Washington. Fréttatilkynningin var send út í samvinnu við Plexus Consulting og hún einnig send á fjármálavefi. Vefmælingar sýna að á þremur dögum lásu 64.1 milljón manna þessa fréttatilkynningu á vefnum, felstir á fjármálasíðu Yahoo! eða 50 milljónir manna. - dh

SÍFELLT BÆTAST FLEIRI LESENDUR Í HÓPINN Fréttatilkynningin eins og hún birtis á Yahoo.com.

Kögun undir væntingum

Hugbúnaðurinn skilar miklu en vélbúnaðurinn litlu.

Um 118 milljóna króna hagnaður varð af rekstri Kögunar á öðrum ársfjórðungi og 223 milljónir fyrir árið í heild.

Rekstrarhagnaður á fjórðungnum fyrir afskriftir og skatta (EBITDA) var 358 milljónir króna eða 8,1 prósent af rekstrartekjum en var 97 milljónir á öðrum ársfjórðungi árið 2004 og skýrist þessi vöxtur af komu Opinna Kerfa inn í samstæðuna. Arðsemi eigin fjár var níu prósent á ársgrundvelli sem er sú lægsta undanfarin fjögur ár.

Sérfræðingar höfðu búist við að meðaltalshagnaður félagsins yrði 140 milljónir á öðrum ársfjórðungi og er uppgjörið heldur undir væntingum. Vélbúnaðarhlutinn skilar sem áður litlum hagnaði.

Stjórnendur Kögunar eru ánægðir með niðurstöðuna og segja hana vera í samræmi við væntingar. Einkum eru þeir ánægðir með rekstur hugbúnaðarhlutans sem er vel yfir áætlunum.

Sem fyrr gengur rekstur Kögunar-samstæðunnar best á Íslandi þar sem hagnaður á fyrri árshelmingi var sá sami og fyrir félagið í heild. Um átta milljóna króna tap var í Svíþjóð og átta milljóna króna hagnaður í Danmörku.

Í lok júní voru heildareignir Kögunar 17,5 milljarðar króna og eigið fé um sex milljarðar.

- eþa

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

GUNNLAUGUR M. SIGMUNDSSON, FORSTJÓRI KÖGUNAR Félagið skilaði 118 milljóna króna hagnaði á öðrum ársfjórðungi. Hugbúnaðarhlutinn gengur vel en vélbúnaðarhlutinn skilar litlu.

Flutningshraði fjórfaldast

Og Vodafone og Síminn hyggjast á næstu mánuðum taka í notkun nýja tækni ætlaða þriðju-kynslóðar farsímum. Tæknin nefnist EDGE og mun auka hraða á gagnaflutningi í farsíma allt að fjórfalt. Þá verður ódýrara að hala niður af netinu þar sem þungt efni er þjappað.

Hjá Og Vodafone eru prófanir vegna EDGE hafnar og er gert ráð fyrir að kerfið verði tekið í notkun á síðasta ársfjórðungi þessa árs. Tæknin mun ná til notenda á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði fyrst um sinn. Kostnaður fyrirtækisins vegna EDGE væðingarinnar og tengdra verkefna er áætlaður um 250 milljónir króna.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segist reikna með því að EDGE þjónusta Símans verði komin í gagnið á svipuðum tíma og hjá Og Vodafone. Þjónusta Símans mun fyrst um sinn aðeins ná til höfuðborgarsvæðisins.

Sigrún segir aðal breytinguna fólgna í auknum flutningshraða: „Þetta er svipað stökk og þegar farið var úr gömlu innhringimódemunum í adsl-tengingarnar.“

-jsk

ÞRIÐJU-KYNSLÓÐAR FARSÍMI Símafyrirtækin taka brátt í gagnið svokallað EDGE tækni sem margfalda mun hraða á gagnaflutningi í farsíma.

Vínarborg
29. september
frá kr. 39.090

Einstakur tími í Vín

Kr. **39.090**
Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Netverð á mann.

Kr. **49.990**
Flug, skattar og gisting í tvíbýli í 3 nætur á Hotel Wilhelmshof. Netverð á mann.

Heimsferðir bjóða glæsilega helgarferð til Vínarborgar í 3 nætur þann 29.september í beinu flugi á frábærum kjörum. Kynnstu þessari höfuðborg lista og menningar um leið og þú nýtur toppþjónustu fararstjóra Heimsferða sem kynna þér borgina og lystisemdir hennar. Fjölbreyttir gistivalkostir í boði.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Það fá allir námsmannavexti af tölvulánum hjá S24

Aðeins **9,75%** vextir

Komdu á skóladaga í Kringlunni og kynntu þér hagstæð tölvulán hjá S24 og HP tölvur

Þeir sem kaupa fartölvu af viðurkenndum HP söluaðila dagana 18.- 21. ágúst og taka tölvulán hjá S24 eiga möguleika á glæsilegum vinningi. Um er að ræða HP Photosmart M22 stafræna myndavél og HP PSC 1610 fjölnotatæki.

EINN, TVEIR OG ÞRÍR 312.092

Höfuðborgarsvæðið: HP búðin, Oddi, Office1, Penninn.
Landsbyggðin: Bókaverslun Þórarins Stefánssonar - Húsavík, Hátíðni hf. - Höfn, Kaupfélag Skagfirðinga - Sauðárkróki, NetX - Egilstöðum, Office1 - Akureyri og Egilsstöðum, Samhæfni - Reykjanesbæ, Stefna - Akureyri, Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands - Selfossi, Tölvuþjónustan - Akranesi.

hp invent

Vertu viss um að þú sért að hagnast á þínum bankaviðskiptum...

S24 ...og þú hagnast

Sæktu um lán... www.s24.is Sími 533 2424 – Kringlan

*M.v. vaxtatöflu og gjaldskrá S24 1. 7. 2005.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar

LEON TROTSKÍ (1879-1940)
lést þennan dag.

Tilgangurinn getur helgað meðalið svo lengi sem eitthvað helgar tilganginn.

Leon Davidovich Trotskí var uppreisnarmaður og Bolséviki. Hann var áhrifamaður á fyrstu árum Sovétríkjanna og byggði meðal annars upp Rauða herinn. Hann var síðar gerður útlægur af Jósef Stalín og var myrtur í Mexíkó.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Mónu Lísu stolið af Louvre safninu

21. ÁGÚST 1911

Einn óskammfeilnasti þjófnaður allra tíma átti sér stað þennan dag árið 1911. Vincenzo Peruggia gekk þá í hægðum sínum inn í Louvre-safnið í Frakklandi, gekk rakleiðis að málverkinu af hinni víðfrægu Monu Lísu eftir Leonardo Da Vinci, tók hana af veggnum og stakk undir jakka sinn. Að því loknu lallaði Vincenzo hinn rólegasti út án þess að nokkur yrði þess var að konan með dularfulla brosið væri horfin.

Ránið vakti að vonum mikla athygli í Frakklandi og upp komu ýmsar kenningar um hvarf Monu Lisu. Flestir töldu þó ekki líklegt að hér hefðu fagmenn verið að verki því þeir hefðu án efa gert sér grein fyrir því hversu hættulegt væri að koma svo frægu listaverki í verð. Þá gengu einnig sögusagnir um að Þjóðverjar hefðu stolið verkinu til að niðurlægja Frakka.

Málverksins var leitað í yfir tvö ár án nokkurs árangurs. Í nóvember 1913 barst ítölskum listaverkasala bréf þar sem sagt var að Mona Lisa væri í Flórens og fengist í skiptum fyrir lausnargjald. Peruggia var handtekinn stuttu síðar þegar hann reyndi að nálgast peningana sem honum voru lofaðir.

Hann var fyrrum starfsmaður Louvre-safnsins og sagðist hafa ætlað að hefna Ítalíu vegna misgjörða Napóleons í Napóleonstríðinu. Flestir töldu það hæpna útskýringu enda benti flest til þess að peningar hefðu stjórnað gjörðum þjófsins. Peruggia sat í fangelsi í sjö mánuði fyrir misgjörðir sínar.

MERKISATBURÐIR

1011 Njálsbrenna. Njáll Þorgeirsson og fjölskylda hans eru brennd inni á Bergþórshvoli í Landeyjum.

1238 Örlygsstaðabardagi er háður í Blönduhlíð í Skagafirði.

1958 Friðrik Ólafsson er tekinn í tölu stórmeistara í skák, fyrstur Íslendinga.

1959 Hawaii verður fimmtugasta ríki Bandaríkjanna.

1973 Ásgeir Sigurvinsson leikur sinn fyrsta leik sem atvinnumaður í knattspyrnu átján ára gamall.

1986 Sautján hundruð Kamerúnbúa látast þegar eitraðar gufur losna úr læðingi úr stöðuvatni í eldfjallagíg.

1994 Bandarískri predikarinn Benny Hinn heldur fjölmenna samkomu í Hafnarfirði.

Helgihald á Kirkjulistahátíð

Kirkjulistahátíð hófst í Hallgrímskirkju í gær og stendur í rúma viku. Í dag verður hátíðarmessa klukkan ellefu. Voces Thules syngur og David Sanger konsertorganisti frá Englandi, sem er gestur Kirkjulistahátíðar, leikur eftirspil.

Alla daga Kirkjulistahátíðar verður hefðbundið helgihald í Hallgrímskirkju. Það er bænamessa klukkan hálf ellefu á þriðjudag og morgunmessa klukkan átta á miðvikudagsmorgun. Þá verður Tónlistarandakt á hádegi alla daga frá mánudegi til laugardags þar sem fjölmargir listamenn og prestar koma við sögu.

Lokadagur hátíðarinnar verður sunnudaginn 28. ágúst en þá verður meðal annars hátíðarmessa með biskupi Íslands, Karli Sigurbjörnssyni. ■

AFMÆLI

Theodór Júlíusson leikari er 56 ára.

Séra Pálmi Matthíasson er 54 ára.

Dröfn Þórisdóttir, útgáfustjóri Vöku-Helgafells, er 40 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1904 Count Basie tónlistarmaður

1930 Margrét prinsessa, systir drottningar

1936 Wilt Chamberlain körfuboltahetja

1938 Kenny Rogers söngvari

1965 Kim Catrall leikkona

†

Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug og veittu okkur ómetanlegan styrk og aðstoð við andlát og útför okkar ástkæra sonar og bróður,

Mána Magnússonar

Guð veri með ykkur.

Hjartans þakkir,

Magnús, Bryndís, Sigmundur og Dísa Ragnheiður.

†

Elskulegur faðir minn,

Óskar Theódór Valdimarsson

Merkurgötu 9b, Hafnarfirði,

lést 6. þessa mánuðar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Sigríður Jóhanns Óskarsdóttir.

ÞORSTEINN GYLFASON HEIMSPEKINGUR FALLINN FRÁ:

Var annt um framgang fræða og menningar

Þorsteinn Gylfason, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, lést þriðjudaginn 16. ágúst, 63 ára að aldri. Þorsteinn fæddist í Reykjavík hinn 12. ágúst árið 1942, sonur Guðrúnar Vilmundardóttur húsmóður og Gylfa Þ. Gíslasonar, prófessors og ráðherra.

Eftirlifandi bróðir Þorsteins er Þorvaldur, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, en Vilmundur bróðir þeirra lést árið 1983.

Allir fetuðu þeir bræður menntaveginn; Þorsteinn lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1961. Hann lagði stund á íslensk fræði við Háskóla Íslands veturinn 1962 til 1963. Þaðan lá leiðin til Harvardháskóla í Bandaríkjunum og útskrifaðist hann þaðan með BA-gráðu í heimspeki árið 1965. Eftir það hélt Þorsteinn til enn meira náms við Háskólann í München í Þýskalandi og fram til ársins 1971 stundaði hann framhaldsnám og rannsóknir í heimspeki við Magdalene College í Oxford.

Þorsteinn hóf störf sem kennari í heimspeki við Háskóla Íslands árið 1971 og var skipaður lektor tveimur árum seinna. Árið 1983 var hann skipaður dósent og sex árum síðar prófessor og gegndi því embætti til dauðadags.

Þorsteinn var virkur á ritvellinum, skrifaði og ritstýrði bókum um heimspeki og þýddi bækur eftir höfunda á borð við Platón, John Stuart Mill og Søren Kierkegaard.

ÞORSTEINN GYLFASON Þorsteinn var virkur á ritvellinum, skrifaði og ritstýrði bókum um heimspeki og þýddi bækur eftir höfunda á borð við Platón, John Stuart Mill og Søren Kierkegaard.

Um Þorstein hefur verið sagt að honum hafi verið annt um framgang bæði fræða og menningar. Hann var mikill tónlistarunnandi, sérstaklega sígildrar tónlistar, og tók virkan þátt í tónlistarlífi landsins. Auk þess að þýða óperur var Þorsteinn ritari í stjórn Íslensku óperunnar í tæplega tvo áratugi. Þá ritstýrði hann leikskrá óperunnar um árabil.

Þorsteinn var ókvæntur og barnlaus. ■

FYRSTA STARFIÐ: JÓN STEFÁNSSON ORGANISTI

Mokveiddi silung í Mývatni

„Ég hugsa að upp úr standi þegar mér var falið að sjá um netaveiðina hjá föður mínum og bróður hans á félagsbúinu norður í Mývatnssveit," segir Jón Stefánsson, organisti Langholtskirkju, um sitt fyrsta starf. Jón hefur verið um fimmtán ára gamall og varð að fara tvisvar á dag eða oftar út á Mývatn til að vitja þrjátíu neta. „Maður var úti á vatni í sex til átta tíma á dag og í minningunni var alltaf sól," segir Jón sem reri oft á brókinni einni saman. Yfirleitt var með honum yngri strákur og saman mokveiddu þeir silungana upp úr vatninu. „Við veiddum um 100 til 200 silunga á dag," segir Jón en aflinn var yfirleitt seldur ferskur á hótelið. Jón varð sjálfur að gera að fiskinum og ef hann seldist ekki strax varð hann að sjá um að flaka hann, salta og ganga frá í reyk.

Jón minnist þeirra stunda þegar þeir drengir fóru út á vatnið með lítersbrúsa af tei, fóru í land í einhverri eynni, týndu saman nokkur sprek og elduðu silunginn nýkominn úr vatninu. „Ég verð aldrei leiður á silung," segir Jón sem fannst gott kryddbragð koma úr sprekinu sem yfirleitt voru þurr hvannarsprek.

Jón fékk hluta af ágóðanum eftir sumarið og fannst það á sínum tíma hellings peningur. Líklega hafi hann eytt honum á skynsaman hátt enda hafi hann aldrei tekið námslán á ævinni. Í lok sumars hélt Jón í tónlistarnám til Reykjavíkur og því líklega gott að eiga góða sumarhýru. ■

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

STARFSMENNTUN

Tölvu- og skrifstofunám

Þrautreynt og vandað 220 stunda starfsnám fyrir fólk á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar jafnt starfandi skrifstofufólki sem vill dýpka þekkingu sína á upplýsingatækni og bókhaldi og þeim sem vilja undirbúa sig undir starf á nýjum vettvangi.
Námið hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.
Helstu kennslugreinar:

Tölvugreinar:
- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word grunnur og millistig
- Excel grunnur og Excel í stjórnun og rekstri
- Framsetning á kynningarefni í PowerPoint
- Stafrænar myndavélar og meðferð mynda í tölvu
- Netið og öryggi á Netinu
- Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag

Viðskiptagreinar:
- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur
- Tölvufært bókhald (Navision)

Hefst 7. september og lýkur 12. desember. Boðið er upp á kvöld- eða morguntíma.
Lengd: 220 stundir. Verð kr. 149.800,- stgr. Bjóðum einnig upp á VISA/EURO raðgreiðslur og starfsmenntalán.

Kristín K. Kristjánsdóttir
Verkefnisstjóri hjá VISA Íslandi

„Tölvu og skrifstofunámið nýttist mér strax í starfi og kemur til með að skila mér auknum árangri í vinnunni. Frábærir kennarar, ekki mikið heimanám og kennslutímar sem henta mjög vel þeim sem ætla sér að starfa með náminu. Mjög gagnlegt nám í skemmtilegum félagsskap, og get ég óhikað mælt með því."

Harpa Sigurbjörnsdóttir
Ritari LSH

„Ég hef unnið á skrifstofu við almenn ritarastörf í nokkurn tíma en var alltaf óörugg og taldi að ég gæti bætt kunnáttu mína. Ákvað að fara í Tölvu-og skrifstofunámið og sé ekki eftir því. Skemmtilegt og uppbyggilegt nám í góðum félagsskap sem jók stórlega sjálfsöryggið. Skólinn var mér mikil hvatning, reyndar svo mikil að mig langar til að halda áfram að læra meira og er búin að innrita mig í grafíska hönnun."

I Bókhald grunnur

110 kennslustunda hagnýtt og hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofufólk eða þá sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Hentar einnig sjálfstætt starfandi atvinnurekendum eða þeim sem eru að hefja rekstur og vilja vera sem mest sjálfbjarga við bókhaldið.
Uppbygging námsins miðast við nemendur með grunnþekkingu í tölvum og Excel. **Helstu kennslugreinar:**

- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur og handfært bókhald
- Tölvufært bókhald í Navision

Kennsla hefst 19. september og lýkur 28. október. Bjóðum uppá morgun- eða kvöldtíma. Verð kr. 86.000,-

II Bókhald framhald

Stutt framhaldsnámskeið í Navision tölvubókhaldi. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans **www.tsk.is**

Skráning á haustönn hafin í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is

GRAFÍSK HÖNNUN

Vinsælt og hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar og kynningarefni sjálfir hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla. Á þessu námskeiði eru tekin fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin á markaðnum; Photoshop, Freehand og Flash (auk Acrobat Distiller). Lengd 70 stundir, verð kr. 65.000,-

UMBROTSTÆKNI

Nám ætlað þeim sem þurfa að sjá um útgáfu kynningarbæklinga, frétta- og dreifibréfa og kennslu- og leiðbeiningabæklinga hvers konar. Hentar einnig þeim sem þurfa að ganga frá prentgripum til prentsmiðju. Farið er í myndvinnslu með Photoshop, teikningu með Illustrator, umbrotstækni í InDesign og frágangur efnis með PDF fyrir bæði prentaða útgáfu og Vefinn. Lengd 70 stundir, verð kr. 65.000,-

ALÞJÓÐLEGT TÖLVUNÁM • MCP XP • MCSA • A+

OPIÐ HÚS
Laugardaginn 27. ágúst kl. 13-16
Stuttar námskynningar, allir velkomnir.

STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS
Endurskoðuð

VIII. HLUTI

Þegar landamæri verða ógreinileg

Velgengni

Að ýmsu leyti hefur þjóðinni vegnað vel á undanförnum árum og þá ekki síst í efnahagslegu tilliti eins og útrás íslenskra fyrirtækja ber fyrst og fremst vott um. Sjálfstraust hennar hefur vaxið að sama skapi. Margir Íslendingar finna til sín þegar íslensk fyrirtæki leggja undir sig símafyrirtæki eða banka í Evrópu, eignast hluti í verslunar- framleiðslueða þjónustufyrirtækjum víða um álfuna. Hvað sem líður átökum um Baug og fjölmiðla hér heima kætast margir þegar forvígismenn félagsins taka áhættuna og leggja undir sig Illum og Magasin de Nord í Kaupmannahöfn.

Í seinni tíð hafa íslensk fyrirtæki og stjórnvöld sýnt viðskiptum við Asíulönd aukinn áhuga. Með sama hætti og áður er undanfari þess aukin stjórnmálaleg tengsl og aukin formleg samskipti sem aukin viðskipti geta fært sér í nyt. Með auknum viðskiptum lagar íslenska þjóðin sig með ákveðnum hætti að tilveru Asíubúa. Og öfugt.

Hvað með valdaframsalið?

Eiríkur Bergmann Einarsson, sem nú veitir forstöðu Evrópufræðasetri Háskólans á Bifröst, sagði í frétt Fréttablaðsins um tilskipanir Evrópusambandsins 12. maí síðastliðinn: „Lagarammi Íslands og Evrópusambandsins er í raun orðinn það líkur vegna EES-samningsins að þörfin á breytingum vegna tilskipana Evrópusambandsins fer minnkandi.“

Hvað sem mönnum kann að finnast um aukin tengsl og nánari samskipti Íslendinga við Evrópubúa, meðal annars í krafti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eru þau staðreynd. Réttara væri þó að tala um aukin samskipti og tengsl við allan umheiminn. Landamæri verða ógreinilegri í hugum þegna þjóðríkisins.

Anders Eka yfirdómari og ritari sænsku stjórnarskrárnefndarinnar segir í viðtali við Fréttablaðið hér á síðunni að nefndin beini sjónum sínum fyrst og fremst að lýðræðisfyrirkomulaginu í Svíþjóð, eftirliti með lagasetningu, aukinni þátttöku almennings í ákvarðanatöku og leiðum til að auka tiltrú þegnanna á lýðræðið.

Það er athyglisvert að Svíar, sem eiga aðild að Evrópusambandinu, virðast ekki hafa miklar áhyggjur af valdaframsali til yfirþjóðlegra stofnana þegar litið er til áhersluþátta í störfum stjórnarskrárnefndarinnar þar í landi.

Jóhann Hauksson

BJÖRG THORARENSEN LAGAPRÓFESSOR Björg á sæti í sérfræðinganefnd sem er stjórnarskrárnefndinni til halds og trausts.

Þögul stjórnarskrá

Í erindi sem Björg Thorarensen lagaprófessor flutti á ráðstefnu á vegum nefndarinnar þann 11. júní síðastliðinn sagði hún meðal annars:
„Það er ljóst að margvísleg og flókin stjórnskipuleg álitaefni vöknuðu við aðild Íslands að EES-samningnum sem lutu meðal annars að því að verið væri að framselja ríkisvald til yfirþjóðlegra stofnana þannig að farið væri í bága við þetta stjórnarskrárákvæði. Lögfræðiálit um efnið voru ekki samhljóða. Niðurstaðan varð þó sú að með nokkrum tilfæringum við gerð samningsins var unnt að halda því fram að ekki væri í þessu fólgið valdaframsal sem færi í bága við íslensku stjórnarskrána. Við ákvörðun um þátttöku í Schengen landamærasamstarfinu nokkrum árum síðar kom umræðan upp á nýjan leik, en með sömu niðurstöðu. Ég varpa fram þeirri spurningu hvort ekki er tímabært að stjórnarskrárgjafinn taki nú af skarið um að framsal ríkisvalds til yfirþjóðlegra stofnana geti verið heimilað, að undangenginni ítarlegri skoðun á kostum þess og göllum. Þá verði tryggt, í ljósi mikilvægis slíkrar ákvörðunar, að rík samstaða þurfi að vera meðal lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar til dæmis að aukinn meirihluta þeirra þurfi til samþykkis. Þá er líka ljóst að slík ákvörðun verður ávallt afturkallanleg. Ísland er nú eitt Norðurlandanna með stjórnarskrá sem er þögul um að framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana geti verið raunhæfur kostur, til dæmis í því skyni að tryggja samvinnu um alþjóðlegan frið og öryggi og að því gefnu að ekki verði farið gegn grundvallarréttindum borgaranna.“

> V. kafli stjórnarskrárinnar

59. gr. Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.
60. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.
61. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana.

Aðferðir við ráðningar í æðstu embætti til skoðunar

Anders Eka yfirdómari er jafnframt ritari nefndar sem endurskoðar stjórnarská Svía. Í viðtali við *Jóhann Hauksson* segir hann meðal annars að innan nefndarinnar sé fjallað um leiðir til þess að ganga úr skugga um það hvort ný lög samrýmist ákvæðum stjórnarskrár.

ANDERS EKA YFIRDÓMARI OG RITARI SÆNSKU STJÓRNARSKRÁRNEFNDARINNAR Árið 1997 kom fram tillaga um aukna möguleika kjósenda til að segja álit sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu um fleira en stjórnarskrárbreytingar. Þessi tillaga var aldrei afgreidd og er nú á borðum nefndarinnar til frekari skoðunar.

Sænska ríkisstjónin ákvað á fundi sínum 1. júlí 2004 að skipa nefnd þingmanna sem falið yrði að endurskoða sænsku stjórnarskrána eða stjórnskipanina. Nefndinni var ætlað að beina kröftum sínum að því að styrkja og auðga lýðræðið í landinu og auka tiltrú kjósenda lýðræðisskipanina og þar með þátttöku borgaranna í ákvarðanatökunni. Nefndin var skipuð í lok október og hélt sinn fyrsta fund 7. desember í fyrra. Nefndarmenn hafa góðan tíma til starfa sinna en þeir eiga að gera grein fyrir niðurstöðum sínum í árslok 2008.

Sænska stjórnarskráin er sett saman af fernum grunnlögum sem svo eru nefnd. Í fyrsta lagi er um að ræða stjórnskipunarlög frá árinu 1974. Í öðru lagi lög um prentfrelsi frá árinu 1949. Í þriðja lagi er um að ræða lög um tjáningarfrelsi sem endurskoðuð voru árið 1991. Í fjórða lagi eru lög um sænska konungdæmið sem hafa verið í gildi óbreytt frá árinu 1810.

Nefndinni er ætlað að stuðla að aukinni almennri umræðu um grundvallar leikreglur sænska samfélagsins. Hún stendur fyrir ráðstefnum og málþingum og stuðlar að aukinni umræðu með ýmsum öðrumhætti.

Anders Eka yfirdómari er ritari sænsku stjórnarskrárnefndarinnar. Hann sat norrænt þing lögfræðinga sem lauk í Reykjavík fyrir helgina. Í viðtali Fréttablaðsins við hann rekur hann störf nefndarinnar og helstu áherslur í starfi hennar.

Sérstakt markmið er að auka þátttöku kjósenda

Hverjar eru ástæður þess að ráðist er í endurskoðun sænsku stjórnarskrárinnar nú?

Við höfum staðið frammi fyrir mörgum spurningum um langa hríð sem gætu kallað á endurskoðun stjórnarskrárinnar. Umræðan um endurskoðun hefur staðið nokkra hríð, meðal annars í sænska þinginu. Ekki verður sagt að eitthvert eitt álitamál hafi hrundið endurskoðunarvinnunni af stað. Það best ég veit er þessu svipað farið hér á Íslandi. Um er að ræða almenna og vaxandi þörf á að endurskoða marga þætti í senn. Það er ekkert eitt svar við því hvers vegna ráðist er í þetta einmitt nú.

Voru það til dæmis ekki spurningar um aðild Svíþjóðar að Evrópusambandinu og fullveldi þjóðarinnar sem menn höfðu í huga þegar nefndin var skipuð?

Nei. En vinnan snertir að nokkru leyti aðildina að Evrópusambandinu engu að síður. Fyrst og fremst eru það þó spurningar sem snerta innri málefni sænsku þjóðarinnar eins og erindisbréf nefndarinnar gefur til kynna.

Hverjar eru mikilvægustu spurningarnar sem þið viljið eða ætlið að svara?

Þegar viðfangsefnið er dregið saman er ég vanur að flokka það í fjögur meginsvið þótt svo nefndin hafi víðtækt umboð og geti tekið upp nánast öll mál er snerta stjórnarskrána.

Í fyrsta lagi er um að ræða kosningakerfið. Svara þarf spurningum um kosningafyrirkomulag. Þetta eru spurningar um kjör meirihluta og hvort leggja skuli meiri áherslu á persónukjör. Rætt er um leiðir til að færa kjósendur og frambjóðendur nær hvorum öðrum. Við leitum að kosningakerfi sem stuðlað gæti að því að ná slíkum markmiðum.

Í öðru lagi er fjallað um þjóðaratkvæðagreiðslur. Rætt er um það hvernig sænska þjóðin geti stuðst við þjóðaratkvæðagreiðslur í framtíðinni.

Þriðja atriðið sem tekið er fyrir eru tengslin milli ríkisstjórnarinnar og þingsins. Þetta snýst ekki um hvernig framfylgja eigi þingræði í smáatriðum heldur fyrst og fremst um það hvernig ríkisstjórnir eru myndaðar og hvaða starfsreglum eigi að fylgja í þeim efnum. Einnig eru tekin fyrir ráðningarferli ríkisstjórna í æðri embætti. Menn leita eftir opnara fyrirkomulagi í þeim efnum.

Í fjórða lagi fjöllum við um hlutverk dómstólanna í stjórnskipaninni og mér sýnist stjórnarskrárumræðan á Íslandi vera í svipuðum farvegi að þessu leyti.

Standast ný lög alltaf ákvæði stjórnarskár?

Á Íslandi telja ýmsir að völd ríkisstjórna yfir þingi og jafnvel dómstólum sé mikið. Sjá Svíar þetta sem vanda í sinni lýðræðisskipan?

Það sem mjög hefur verið rætt á síðari árum í Svíþjóð er það sem við getum kallað lögmæti laga gagnvart stjórnarskrá eða einhvers konar fyrirkomulag til þess að ganga úr skugga um það hvort nýskipuð lög standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Spurningin er um það hvaða möguleika dómstóll ætti að hafa til þess að láta reyna á það hvort ný lög standist stjórnarskrá og möguleika til þess að ýta þeim jafnvel til hliðar ef þau stangast á við ákvæði stjórnarskrárinnar. Við höfum um þetta svipaðar reglur og Finnar en þær taka til augljósra frávika laga frá ákvæðum stjórnarskrár. Mjög hefur verið rætt um það hvort dómstólar ættu að fá auknar heimildir til þess að hafa eftirlit með löggjöfinni að þessu leyti.

Er fýsilegt að koma á fót stjórnlagadómstól?

Ég veit ekki hvernig þeirri umræðu lyktar. Fylgjendur slíks dómstóls eru margir en andstæðingar þessarar hugmyndar láta einnig í sér heyra.

Forseti Íslands notaði stjórnarskrárbundinn rétt sinn til að skjóta máli í dóm þjóðarinnar í fyrra og ætlast var til að því máli lyktaði með þjóðaratkvæðagreiðslu um nýsett lög. Hvernig fyrirkomulag er í Svíþjóð um þjóðaratkvæðagreiðslur?

Við höfum farið í gegn um sex þjóðaratkvæðagreiðslur sem teljast ráðgefandi og eru sem sagt ekki bindandi. Í núverandi stjórnarskrá er ákvæði sem lýtur að því að stjórnarskrárbreytingar verði aðeins gerðar með samþykkt tveggja þinga með almennum þingkosningum á milli. Áður en það verður getur tiltekinn meirihluti þingsins farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu. Og að gefnum ákveðnum skilyrðum getur þjóðin hafnað breytingunum. Þetta er bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla.

Árið 1997 kom fram tillaga um aukna möguleika kjósenda til þess að segja álit sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu um fleira en stjórnarskrárbreytingar. Þessi tillaga var aldrei afgreidd og er nú á borðum nefndarinnar til frekari skoðunar.

Er endurskoðunin sænsku stjórnarskrárinnar spurning um að sníða ákvæði hennar að breyttu samfélagi núttímans?

Já þetta snýst vitanlega um það. Eins og þetta er orðað í tilskipun okkar er viðleitnin í þá átt að auka trú kjósenda og traust á lýðræðið, hvetja þá til þess að nota kosningarétt sinn og taka þátt í lýðræðinu. Þetta eru okkar markmið og endurskoðunin miðar að því að fara yfir ríkjandi reglur með þetta fyrir augum.

Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrársíðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.

NETFANGIÐ ER:
stjornarskra@frettabladid.is

TAKTU ÞÁTT Í SKÓLASÖFNUNNI

VILT ÞÚ VINNA

FYRIR NEMENDAFÉLAGIÐ ÞITT!

Þeir sem versla í Office 1 gefa upp við afgreiðslukassa í hvaða skóla þeir eru. Þann sjöunda september fær svo nemendafélag þess skóla sem verslaði mest hjá Office 1 fyrstu verðlaun. Fylgstu með á www.office1.is!

Nemendastjórn þess skóla sem er í 1. sæti fær SAMSUNG GSM síma handa hverjum

og vodafone

GLÆSILEGIR VINNINGAR!

FRAMHALDSSKÓLAR

1. verðlaun
Sony 42" plasmatæki og HP skjávarpi!
að verðmæti 549.900 kr.

2. verðlaun
Sony 42" plasmatæki!
að verðmæti 323.900 kr.

3. verðlaun
Playstationpakki!
að verðmæti 100.000 kr.

GRUNNSKÓLAR

1. verðlaun
Playstation 2 pakki
að verðmæti 100.000 kr.

2. verðlaun
Þythokkíborði
að verðmæti 58.500 kr.

3. verðlaun
Fussballborð
að verðmæti 43.900 kr.

Minnum á langstærsta skiptibókamarkaðinn á Íslandi í Office 1 Skeifunni 17!

Skeifan
Smáralind
Akureyri
Egilsstaðir
Ísafjörður

Office 1 Superstore

Opið alla daga



HALLDÓR HALLDÓRSSON Segir forráðamenn Hafskips hafa farið í rógsherferð á hendur blaðinu og sér eftir að hafa byrjað að skrifa um fyrirtækið.

Hafskip drap Helgarpóstinn

Straumhvörf urðu í Hafskipsmálinu þegar Helgarpósturinn birti frétt um fjárhagsvanda fyrirtækisins sumarið 1985. **Halldór Halldórsson**, sem ritstýrði Helgarpóstinum, settist niður með ***Bergsteini Sigurðssyni*** og rifjaði upp málið eins og það kemur honum fyrir sjónir 20 árum síðar. Hann trúir því að forráðamenn Hafskips hafi átt sinn þátt í gjaldþroti Helgarpóstsins.

„Er Hafskip að sökkva?“ var spurt á forsíðu Helgarpóstsins 6. júní 1985. Greinin birtist degi fyrir aðalfund Hafskips og fjallaði um fjárhagsvanda félagsins. Var því haldið fram að skuldir fyrirtækisins næmu að minnsta kosti helmingi hærri upphæð en stjórnendur þess héldu fram.

„Ég byrjaði á þessari grein um það bil tveimur vikum áður en hún birtist,“ rifjar Halldór upp. „Á sínum tíma var ég ráðinn á Helgarpóstinn til að sinna rannsóknarblaðamennsku en var orðinn ritstjóri þegar þetta var. Eins og allir blaðamenn var ég með eyrun úti og þegar ég heyrði af fjárhagsvanda Hafskips sá ég að þar var frétt. Ég varð mér úti um ársreikninga fyrirtækisins og tók eftir að þar var ekki allt með felldu. Ég hafði svo sem ekki sinnt viðskiptafréttum að ráði, svo ég fékk sérfræðing til að lesa reikningana yfir fyrir mig og það var auðvelt að sjá að þeir stóðust ekki. Þá hellti ég mér í málið af fullum krafti og einbeitti mér að því næstu vikuna.“

Alkunna var að Hafskip átti í kröggum á þessum tíma. Í febrúar var haldinn hluthafafundur þar sem stjórnin sagði fyrirtækið róa lífróður og biðlaði til hluthafa um viðbótarhlutafé. „Menn gerðu sér vissulega grein fyrir erfiðri stöðu Hafskips,“ samsinnir Halldór, „en stjórnin fegraði stöðu félagsins og þóttist geta snúið rekstrinum við, sem var fráleitt. Þetta voru á sinn hátt svik við hluthafana því þeir voru blekktir til að leggja peninga í steindautt fyrirtæki. Því má heldur ekki gleyma að þetta snerist ekki bara um Hafskip. Útvegsbankinn var líka undir í málinu.“

Rógsherferð gegn Helgarpóstinum

Daginn eftir að greinin birtist var aðalfundur Hafskips haldinn. Miklu púðri var eytt í umfjöllun Helgarpóstsins og hún fordæmd. Halldór segir það tilviljun að greinin birtist daginn fyrir aðalfund. „Ég vissi ekki hvenær hann yrði haldinn þegar ég byrjaði á fréttinni og það kom flatt upp á mig þegar ég komst að því.“

Halldór segir birtingu fréttarinnar hafa ræst „maskínu Hafskipsmanna“, með sjálfan fjármálaráðherra landsins, Albert Guðmundsson, í broddi fylkingar. Albert var fyrrverandi stjórnarformaður Hafskips og formaður bankaráðs Útvegsbankans. „Albert steig í pontu og hélt tölu sem snerist bara um Helgarpóstinn. Svo fylgdi hver ræðan á fætur annarri þar sem mér var brigslað um „subbublaðamennsku“. Friðriki Sophussyni var sérstaklega umhugað um það orð. Málið snerti taugar víða um hið bláa kerfi samfélagsins. Sjálfstæðismenn voru í vörn til að byrja með, þótt þeir reyndu síðar að þvo hendur sínar af tengslum við Hafskipsmenn.“

Hin sterku viðbrögð segir Halldór að hluta til helgast af því að fyrir 20 árum hafi ekki tíðkast að gera viðskiptalegar úttektir á einkafyrirtækjum. „Það mátti ekki fjalla um innri málefni fyrirtækja, til dæmis hlutafé, nema á yfirborðskenndan hátt.“ Halldór hafnar því alfarið að fréttir Helgarpóstsins hafi átt nokkuð skylt við æsifréttir eða subbublaðamennsku, eins og forráðamenn Hafskips héldu fram. „Þetta var viðskiptaleg úttekt á fyrirtæki eins og tíðkast hjá viðskiptablaðamönnum í dag. Þessi grein myndi til dæmis sóma sér vel í viðskiptablaði Fréttablaðsins.“

> **„Albert steig í pontu og hélt tölu sem fjallaði bara um Helgarpóstinn. Svo fylgdi hver ræðan á fætur annarri þar sem mér var brigslað um „subbublaðamennsku“.**

Halldór segir að viðbrögð Hafskipsmanna hafi einkennst af dylgjum og rógi í garð Helgarpóstsins og persónulegum árásum í sinn garð. „Þeir máttu eiga það, Björgólfur Guðmundsson og Ragnar Kjartansson, að þeir voru klókir, sem skýrði vissulega fyrri velgengni Hafskips. En þegar vélin fór í gang réðust þeir á mig og Helgarpóstinn, sem síðar dó og ég get vel trúað að þeir hafi átt sinn þátt í því.“

Gripið til hégómans

Til að byrja með einbeitti Helgarpósturinn sér að rekstrarvanda Hafskips og meintum blekkingum stjórnar þess, en þegar leið á árið tóku að berast fréttir af lífsstíl forráðamanna fyrirtækisins, sem þótti veglegur svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þessar fréttir vöktu sterk viðbrögð og á Alþingi supu menn hveljur yfir fréttum af klæðskerasaumuðum fötum, flugferðum í Concorde-þotum og sérmerktum golfkúlum.

Halldór viðurkennir að þessar fréttir hafi ef til vill ekki verið málefnalegar og skipt litlu máli fyrir hið stóra samhengi, en engu að síður hafi honum þótt rétt að birta þær. „Ég greip til þess sem ég kalla hégómafaktor til að sýna flottræfilsháttinn sem var táknrænn fyrir sukkið á þessum mönnum. Þeir lifðu eins og kóngar á meðan fyrirtækið stefndi hraðbyri í gjaldþrot með að líkindum einn ríkisbanka í lestinni.“

na na thai
Thai Restaurant & Store
ÓDÝRT FERSKT GRÆNMETI OG ÁVEXTIR FRÁ TÆLANDI!
Kynningarverð á Thai Heritage sósum.
Langar þig til að elda tælenskan mat?
Hafðu samband!
Allt sem þarf til að búa til tælenskan mat.
Nana-thai thailenskur veitinga- og matvörustaður

SKEIFUNNI 4, BEINT Á MÓTI BT

Á þingi var óspart vitnað til skrifa fjölmiðla um Hafskip og Helgarpósturinn oftar en ekki hafður um hönd þegar stjórnarandstaðan sté í pontu. Halldór minnist mikils hita í þinginu en hann var ekki alltaf sammála því hvernig fréttirnar voru túlkaðar. „Mér fannst sumir þingmenn ganga dálítið langt. Á hinn bóginn er auðvitað eðlilegt að pólitíkusar geri sér mat úr svona máli. Stjórnarandstaðan vissi sem var að þetta var erfitt mál fyrir ríkisstjórnina, enda um sjálfstæðismenn í lykilstöðum að ræða. En ég var síður en svo sammála hverju orði sem datt úr þessu fólki.“

Fréttir en ekki ofsóknir

Sex menn voru hnepptir í gæsluvarðhald vegna rannsóknar Hafskipsmálsins og er það algeng skoðun að þar hafi yfirvöld farið offari. Halldór kveðst aldrei hafa fundist hann bera ábyrgð, beina eða óbeina, á því þótt Helgarpósturinn hafi af mörgum verið talinn örlagavaldur í málinu. „Það hefur aldrei hvarflað að mér að ég ætti nokkra sök á því að þessir menn voru fangelsaðir. Ég stóð ekki fyrir neinum ofsóknum eins og haldið var fram; ég skrifaði fréttir um málið. Rétt eins og flestir hafði ég trú á að dómsvaldið vissi hvernig það ætti að haga sér, þótt seinna kæmi í ljós að gæsluvarðhaldið var óþarft.“

Halldór minnir á að þótt sakborningar í málinu hafi verið sýknaðir af meirihluta ákæruliða, hafi fjórir verið sakfelldir, meðal annars fyrir fjárdrátt. „Mér finnst það segja sína sögu um dómsvaldið hvað þessir menn voru sakfelldir fyrir fá brot. Þar kemur margt til. Málið tafðist til dæmis ótæpilega og þessir strákar voru með landslið lögfræðinga sem tókst að gera allan andskotann tortryggilegan. Það verður að hafa í huga að þetta eru klókir menn og þeim tókst að miklu leyti að einfalda hlutina og ýmist kæfa sannleikann eða snúa honum á haus. Ég las viðtöl við þá í Mannlífi fyrir nokkrum árum og þar sagði Helgi Magnússon eitthvað á þá leið að áður hafi það verið talin skömm að vera Hafskipsmaður; nú væri það hálfgerður heiður. Þessi orð bera aðeins vott um firringu.“

> **Ég greip til þess sem ég kalla hégómafaktor til að sýna flottræfilsháttinn sem var táknrænn fyrir sukkið í þessum mönnum.**

Stendur við hvert orð

Nú, tuttugu árum síðar, stendur Halldór Halldórsson við hvert orð sem hann skrifaði um Hafskip. „Ég myndi skrifa nákvæmlega eins um þetta mál í dag og beita sömu efnistökum. Helgarpósturinn stundaði trausta blaðamennsku í Hafskipsmálinu.“

Oft er sagt um Hafskipsmálið að það hafi verið stormur í vatnsglasi og því haldið fram að skrif Helgarpóstsins hafi átt sinn þátt í að sökkva félaginu. Halldór viðurkennir að sé það viðtekin skoðun fari það sannarlega í taugarnar á honum. „Hins vegar held ég og vona að svo sé ekki. En það sem skiptir fyrst og fremst máli er að ég veit sannleikann í þessu máli og það dugar mér. Stuðningur almennings er mér ekki lífnauðsynlegur. Það hefur sýnt sig að menn geta keypt sér hann.“

FORSÍÐAN SÖGULEGA Margir telja skrif Helgarpóstsins örlagavald í Hafskipsmálinu og að það hafi jafnvel skrifað Hafskip í gjaldþrot. Halldór segir það af og frá.

Háteigsvegi 105 Reykjavík Sími 522 3300 Fax 522 3301 fti@fti.is www.fti.is

30RL RÉTTINDANÁM OG VÉLGÆSLUNÁMSKEIÐ

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS byggir á traustum grunni Stýrimannaskólans og Vélskólans og býður fjölbreytta möguleika í fjarnámi og endurmenntun.

30rl réttindanám
Kennd eru þau grundvallarfög sem þarf til að öðlast skipstjórnarréttindi á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna, skv. lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.
Efnisþættir: Siglingafræði og samlíkir, siglingareglur og vélfræði, siglinga- og fiskileitartæki, sjóhæfni, veðurfræði og öryggismál.
Að hluta kennt í samlíkjum. Námskeiðinu lýkur með prófum.
Tími: 19. sept. - 28. okt., kennt utan venjulegs vinnutíma.

Vélgæslunámskeið
A-námskeið fyrir vélgæslumenn skv. reglugerð 246/2003. Námskeiðið er grunnur að 375kW atvinnuréttindum vélgæslumanna á minni bátum.
Efnisþættir: Álagskeyrsla véla, dísilvélin + kerfi, forhleðsla o.fl., rafmagn, eldsneyti + kerfi, afgas + kerfi, varahlutir og vetrargeymsla, reglur o.fl., kælikerfi (freon!), vökvakerfi, frágangur véla.
Tími: 19.-29. sept., kennt utan venjulegs vinnutíma.

Ýmis styttri námskeið
- Málmsuða fyrir almenning.
- Tölvunámskeið í fjarnámi.
- Fjarnám í skipstjórn og vélstjórn.
- Námskeið fyrir starfandi undirmenn í fiskveiðiflotanum.
- Námskeið sérstaklega ætluð skipstjórnarmönnum, t.d. ARPA, GMDSS og IMDG.

Kynntu þér möguleikana í Fjöltækniskólanum á www.fti.is
– þar gæti verið áhugaverður kostur fyrir þig.

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

ENNEMM / SÍA / NM17606

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

MESSUFALL
Í umsjón Önnu Kristine Magnúsdóttur.
Á Talstöðinni alla sunnudaga kl. 11.
GOTT FÓLK McCANN

ÁHRIFAVALDAR ÖGMUNDUR JÓNASSON ÞINGMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

Mamma, Laxness og Mill

Fyrst myndi ég nefna foreldra mína og fjölskyldu. Þarna stendur móðir mín nokkuð sér á parti; hún hafði tvímælalaust mjög mótandi áhrif á mig, hún er ljóðelsk með óbilandi trú á hið góða í tilverunni. Hún hvatti mig alla tíð til að leita aldrei eftir því sem til vinsælda væri fallið, einvörðungu því sem ég teldi hafa gildi.

JOHN STUART MILL Enski heimspekingurinn og nytjahyggjumaðurinn er einn af helstu áhrifavöldunum í lífi Ögmundar Jónassonar þingmanns Vinstri grænna.

Ef ég ætti að freista þess að skilgreina hvað helst hafi haft áhrif á stjórnmálaskoðanir mínar og lífsviðhorf myndi ég nefna tiltekna strauma fremur en einstaklinga. Í fyrsta lagi myndi ég nefna hinn íslenska menningararf. Þar eru skáldin okkar og rithöfundar afgerandi. Ljóðskáld 19. aldarinnar voru innblásin og hafa haft áhrif á mig fram á þennan dag. Rithöfundar hafa margir verið afar áhrifaríkir, Halldór Laxness lét mig ekki fremur en aðra ósnortinn. Mér finnst íslenskir rithöfundar vera að sækja í sig veðrið að nýju. Áhugi minn á sögunni og menningararfinum skýrir að einhverju leyti umhyggju mína fyrir því sem íslenskt er og löngun til að hlúa að því.

Ætli ég myndi ekki síðan nefna sósíalísk áhrif. Ég sökkti mér niður í sósíalískar hugmyndir á námsárum mínum. Innan sósíalismans horfði ég ekki síst til einstaklinga sem stóðu í hita bardagans, einstaklinga á borð við Rosu Luxemburg. Ég horfði einnig með vaxandi áhuga, eftir því sem fram liðu stundir, til anarkista. Hugmyndir gegn hvers kyns valdstjórn hafa alla tíð höfðað til mín. Frelsi einstaklingsins í þeim skilningi að einstaklingurinn fái að lifa sínu lífi án þess að ráðskast sé með hann er þungamiðjan í minni pólitík. Frjálshyggjufólkið hefur stolið þessu hugtaki, frelsi einstaklingsins, og snúið því upp í andhverfu sína. Frjálshyggumenn tengja frelsi einstaklingsins því að einstaklingar geti hamast fyrir sinn hag á markaði og þurfi þá ekki að víla fyrir sér hvað hendir annað fólk. Við þessu varaði einn magnaðasti hugsuður frjálslyndisstefnunnar, fyrr og síðar, John Stuart Mill. Hann varði minnihlutaskoðanir, varaði við hóphyggju og undirgefni. Hann var minn maður.

ÖGMUNDUR JÓNASSON Hugmyndafræðingar sem sett hafa fram hugmyndir gegn hvers kyns valdstjórn hafa haft mikil áhrif á Ögmund.

UPPGÖTVUM REYKJAVÍK UPP Á NÝTT!
SIRKUS RVK
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓNN.
KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

NR. 19



A Á B Đ D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er O til dæmis í reit merktum 21 og fer þá O í alla aðra reiti með því númeri. T er í reit númer 5 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 5 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita número 27-16-7-28-25-6-16 (í þessari röð).*

Lausnarorð

27	16	7	28	25	6	16

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.
SMS-skeytið kostar 99 krónur.

Lausn nr. 17

SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um hljómsveitina Leaves?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900.**

Dæmi: Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND PAFINN** í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna! Þú gætir unnið nýja diskinn The Angela Test með íslensku hljómsveitinni Leaves.

Hvað heitir fyrsta smáskífa Leaves?
l) Breathe b) Exhale c) Billy Bob

Hvað eru meðlimir Leaves margir?
j)2 a) 4 k) 8

Hvað heitir aðalsöngvari Leaves?
w)Sigurður e)Jóhann u)Arnar

Hvað hafa Leaves gefið út margar breiðskífur með The Angela Test?
f) 2 q) 4 i) 8

Hvað heitir fyrsta lagið á The Angela Test?
a) Shakma r) Shakira s) Halim Al

Vinningshafi í SMS-leik síðustu viku var
Helgi Már Erlingsson

SMS skeytið kostar 99 krónur.

Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið hinn bráðskemmtilega PS2 tölvuleik Charlie and the chocolate factory.

Vinningshafi krossgátunnar síðustu viku var

Magnús Stefánsson

allt

atvinna o.fl.
Störf fyrir fólk á besta aldri
BLS. 2

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	5.37	13.31	21.22
AKUREYRI	5.13	13.15	21.16

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagurinn 21. ágúst, 233. dagur ársins 2005.

Vélamenn
Bílstjórar
Öryggisverðir
Verkamenn
Ráðgjafar
Sérfræðingar
Landslagsarkitekt
Skipulagsfræðingur
Vaktstjórar
Almenn afgreiðsla
Sölumaður
Rafvirkjar
Málmiðnaðarmenn
Rennismiðir
Leikskólakennarar
Fréttamenn
Starfsmaður í móttöku
Tónlistarkennari

Smáauglýsingar

Flokkar

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Halldóra og Jóhanna reyna að hafa kennsluna líflega og nýta sér sem flestar kennsluaðferðir.

Ekki bara að lesa og svara spurningum

Skólarnir byrja og kennararnir setja sig í stellingar á bak við púltið. Eða hvað? Eru þeir kannski ekkert við púlt lengur?

„Það er undir okkur sjálfum komið hvernig við högum kennslunni og það er mjög misjafnt eftir kennurum," segir Halldóra Sverrisdóttir sem er umsjónarkennari 7. bekkjar í Húsaskóla í Grafarvogi. Hún vinnur náið með samkennara sínum Jóhönnu Þorkelsdóttur og segir þær kappkosta að því að hafa kennsluna líflega og nýta sér sem flestar kennsluaðferðir. Þær eru í óðaönn að gera starfsáætlun fyrir veturinn og raða niður verkefnum fyrir hverja og eina viku þegar viðtalið er tekið. Náttúrufræðin og samfélagsfræðin verða teknar í lotum, að þeirra sögn. „Við höfum jafnvel átta tíma á viku í sömu greininni og ljúkum henni af á fjórum vikum. Erum með kennslubækur en börnin leita líka sjálf að heimildum á netinu og í öðrum bókum og búa til verkefni. Þá snýst námið ekki bara um að lesa og svara spurningum heldur eru börnin að pæla í efninu og vinna úr því eftir eigin höfði. Það er mun meira spennandi og tíminn nýtist betur en ella. Þannig komum við líka meira til móts við hvern og einn nemanda," segir Halldóra og talar af reynslu. Hún segir þær Jóhönnu hafa reynt í fyrra að láta nemendur leita heimilda á netinu þegar þær kenndu þeim um Norðurlöndin. „Þau voru tvö og tvö saman í Norðurlandaverkefninu og útbjuggu stórar og vandaðar möppur, hvert og eitt," lýsir hún.

Halldóra býst ekki við að kenna nema fram í nóvember í ár því hún á von á barni. „Ég mun kenna sömu nemendum og í fyrra, tók við þeim í fyrrahaust og ætlaði mér að fylgja þeim þar til þeir færu á unglingastigið í 8. bekk. En það tekst ekki, því náttúran kallar," segir hún hlæjandi.

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU
í atvinnu

Atvinnuleysi fer örlítið minnkandi
samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun. Í júlímánuði síðastliðnum voru skráðir 65.837 atvinnuleysisdagar á landinu öllu, sem jafngilda því að 3.135 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum.
Þessar tölur jafngilda tveggja prósenta atvinnuleysi en færri voru atvinnulausir í júlí nú en í sama mánuði í fyrra. Færri karlar eru á atvinnuleysisskrá nú en í fyrra.

Hreinn ávinningur - hvernig græða fyrirtæki á umhverfisstarfi?
er yfirskrift ráðstefnu sem haldin verður á Grand Hótel miðvikudaginn 28. september næstkomandi kl. 8.30-13.00. Þar munu fulltrúar fjölda fyrirtækja fjalla um umhverfisstjórnun, þýðingu umhverfisstarfs fyrir ímynd fyrirtækja, menningu og samkeppnishæfni og fjárhagslegan ávinning fyrirtækja af umhverfisstarfi. Dagskrá ráðstefnunnar verður kynnt innan tíðar en að henni standa Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Umhverfisfræðsluráð og Alþýðusamband Íslands.

Helmingur launþega
greiddi í séreignarsparnað tekjuárið 2004 og hafði þeim fjölgað um rúm átta prósent frá árinu áður samkvæmt upplýsingum í fréttabréfi fjármálaráðuneytisins en þar er byggt á upplýsingum Ríkisskattstjóra um álagningu á einstaklinga árið 2005.

atvinna@frettabladid.is

ÚRVALSKAFFI
SPECIALTY COFFEE

KAFFITÁR
VANTAR FLEIRI Í GOTT STARFSLIÐ

KAFFIHÚS / KAFFIBARÞJÓNAR
Við leitum að kröftugu og skemmtilegu fólki í heilsdags- og hlutastörf á kaffihús okkar. Fjölbreytt starf sem meðal annars felur í sér sölu á veitingum, kaffivörum og úrvalskaffi auk framreiðslu á kaffidrykkjum.
Hjá Kaffitári fá allir ómetanlega þjálfun í fagi kaffibarþjónsins og með miklum dugnaði og áhuga hafa kaffibarþjónar Kaffitárs náð langt á kaffibarþjónamótum og unnið til verðlauna bæði hér heima og erlendis.
Lykilorð okkar eru þjónustulund og metnaður. Áhugi á góðu kaffi og framandi menningu er skilyrði.
Upplýsingar gefur Lilja í síma 588 4540 eða 696 8805.
Vinsamlegast skilið umsóknum fyrir 27. ágúst n.k. með tölvupósti á *lilja@kaffitar.is* eða skriflega á kaffistaði okkar í Reykjavík eða Njarðvík.

ELDHÚS / VAKTAVINNA
Í eldhúsinu okkar í Njarðvík framleiðum við flestar þær matvörur sem eru á boðstólnum á kaffihúsunum. Um er að ræða vaktavinnu (2-2-3), vinnutíminn er milli kl. 5.30 - 17.30 en einnig koma hlutastörf til greina.
Upplýsingar veitir Kristbjörg í síma 420 2713 eða í gsm 664 8851 og einnig á netfangið *kristbjörg@kaffitar is*

KAFFITÁR

– leggur heiminn að vörum þér
kaffitar.is

Kaffitár ehf., stofnsett árið 1990, rekur kaffibrennslu og kaffihús í aðalstöðvum sínum í Njarðvík þar sem einnig er boðið upp á kaffismökkun og námskeið. Auk þess má finna kaffibúðir/kaffihús í Bankastræti, Kringlunni, í Þjóðminjasafninu í Reykjavík og Expressóbar í Leifsstöð. Kaffitár hefur með frumkvæði og forystu lagt sitt af mörkum til fjölbreytileikans í kaffilífi þjóðarinnar. Kaffitár er reyklaus vinnustaður án vínveitinga.

Afgreiðslustarf

Gjafavöruverslunin Villeroy & Boch í Kringlunni óskar að ráða starfsmann í afgreiðslu.

Starfið felst í afgreiðslu, sölu og þjónustu.

Um fullt starf er að ræða. Reyklaus vinnustaður.

Leitað er að samviskusömum, heiðarlegum, þjónustulunduðum og snyrtilegum einstaklingi.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 28. ágúst nk. Númer starfs er **4738**.

Upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir.
Netfang: rannveig@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700
Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöðvar

Vesturgarður, þjónustumiðstöð Vesturbæjar auglýsir:

Aflagrandi - Heimaþjónusta

Félags- og þjónustumiðstöðin Aflagranda 40 óskar eftir samviskusömum starfsmanni sem er lipur í mannlegum samskiptum og hefur ríka þjónustulund. Starfið er fjölbreytt, gefandi og felst m.a. í félagslegum stuðningi og aðstoð.

Þjónustumiðstöðin er góður vinnustaður með jákvæðum starfsanda sem býður upp á sveigjanlegan vinnutíma sem hentar skólafólki.
Hafðu samband, við munum taka vel á móti þér og finna starfshlutfall sem hentar.

Nánari upplýsingar veitir Helga Eyjólfsdóttir deildarstjóri í síma 562 2571, netfang: *helga.kristjana.eyjolfsdottir@reykjavik.is*

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir:

Dalbraut – Heimaþjónusta

Þjónustuíbúðir Dalbraut 21–27 óska eftir samviskusömum starfsmanni með ríka þjónustulund til að sinna félagslegri heimaþjónustu í Hátúni 10.

Starfið er fjölbreytt, gefandi og felst m.a. í félagslegum stuðningi og aðstoð.

Þjónustumiðstöðin er góður vinnustaður sem býður upp á sveigjanlegan vinnutíma og góðan starfsanda. Hafðu samband, við munum taka vel á móti þér og finna starfshlutfall sem hentar.

Nánari upplýsingar veitir Anna Karlsdóttir deildarstjóri í síma 562 2712,
netfang: *anna.karlsdottir@reykjavik.is*

Þjónustumiðstöð Árbæjar auglýsir:

Hraunbær - Heimaþjónusta

Félags- og þjónustumiðstöðin Hraunbæ 105 óskar eftir samviskusömum starfsmanni sem er lipur í mannlegum samskiptum og hefur ríka þjónustulund. Starfið er fjölbreytt, gefandi og felst m.a. í félagslegum stuðningi og aðstoð.

Þjónustumiðstöðin er góður vinnustaður sem býður upp á sveigjanlegan vinnutíma og góðan starfsanda. Hafðu samband, við munum taka vel á móti þér og finna starfshlutfall sem hentar.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Emilisdóttir deildarstjóri í síma 587 2888,
netfang: *palina.gudny.emilsdottir@reykjavik.is*

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum.

Þjónustumiðstöðvar eru starfræktar á sex stöðum í borginni. Markmiðið með stofnun þeirra er að auka aðgengi að þjónustu borgarinnar, stuðla að samstarfi sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna og efla hverfastarf.
Þjónustumiðstöðvar heyra undir Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á framsækna þjónustu við viðskiptavini og hagkvæmni í rekstri. Starfsmenn eru lykill að velgengni stofnana og deilda sviðsins og gegna mikilvægasta hlutverkinu í þjónustumiðaðri starfsemi.

IKEA®

Lagerstarfsmenn óskast

Við leitum að hraustu, rösku og samviskusömu starfsfólki til að vinna margvíslega lagerstörf. Um er að ræða full störf og sveigjanlega vinnutíma.

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

Rafvirkjar

Óskum eftir að ráða rafvirkja.
Mikil vinna.

Þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veitir starfsmannastjóri, María Þorgrímsdóttir, maria@kv.is á skrifstofutíma

Umsóknum skal skilað á aðalskrifstofu Keflavíkurverktaka, eða á heimasíðu www.kv.is.

FRUM

KEFLAVÍKURVERKTAKAR hf.
Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími: 420 6400 • www.kv.is

Keflavíkurverktakar eru eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land.
Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundrað.
Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Kópavogi.

Ertu á besta aldri?
Viltu miðla af reynslu þinni til unga fólksins?
Manstu gömlu góðu leikina eða kanntu sniðugar sögur?

Við hjá ÍTR viljum bæta fólki með reynslu við fjölbreyttan starfsmannahóp frístundaheimila ÍTR. Fólki sem gæti hugsað sér að vinna nokkrar stundir á viku, en frístundaheimilin eru opin kl. 13:30-17:15 virka daga. Sveigjanlegur vinnutími í boði.

Frístundaheimilin bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir 6-9 ára börn þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Frístundaheimili eru starfandi við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um störfin og sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is. Einnig er hægt að sækja um störfin á skrifstofu ÍTR, Fríkirkjuvegi 11, og á frístundamiðstöðvunum í hverfum borgarinnar.

Laun skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

ÍTR

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 510 6600, fax: 510 6610, netfang: itr@itr.is, vefslóð: www.itr.is

---

TIMBURVERSLUN BYKO BREIDD

- **Afgreiðslumaður í skýli**
  Afgreiðslumaður óskast í fullt starf. Áhersla er lögð á reglusemi, dugnað, ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- **Sölumaður í timburverslun**
  Sölumaður óskast í fullt starf. Þekking á trésmíði og/eða reynsla af byggingarvinnu æskileg sem og tölvukunnátta. Áhersla er lögð á reglusemi, dugnað, ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- **Starfsmaður í plötusögun**
  Starfsmaður í plötusögun óskast í fullt starf. Þekking á trésmíði og/eða reynsla af byggingarvinnu. Áhersla er lögð á reglusemi, dugnað, ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Góð laun í boði.

Umsóknum skal skilað inn fyrir mánudaginn 1. september nk. Vinsamlegast sendið umsóknir til: BYKO, Skemmuvegi 2a, 200 Kópavogi, merktar „Starfsumsókn 150“. Einnig er hægt að sækja um störfin á vef fyrirtækisins www.byko.is eða senda beint á stebbi@byko.is Nánari upplýsingar veitir Stefán í síma 821-4117

BYKO ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SÍNU SVIÐI

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum við ávallt að leita að góðu fólki. Það fólk sem við ráðum til starfa þarf að búa yfir hæfileikum til að starfa sjálfstætt, vera jákvætt og eiga mjög gott með að vinna með öðrum.

BYKO
BYGGIR MEÐ ÞÉR

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Þjónustufulltrúi

Smáralind

Smáralind óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa til aðstoðar við dagleg viðhalds- og umönnunarstörf húss og lóðar.

Leitað er að handlögnum aðila sem býr yfir útsjónarsemi, góðum samskiptahæfileikum og þjónustulipurð. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði, vera sveigjanlegur og eiga gott með að setja sig inn í mörg ólík verkefni og kerfi. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi **starfsreynslu** sem nýst getur í starfi sem þessu. Iðnmenntun er kostur.

Um er að ræða framtíðarstarf á stórum og spennandi vinnustað.

Smáralind er nútíma verslunarmiðstöð sem býður viðskiptavinum upp á þægilegt, bjart og aðlaðandi umhverfi og vingjarnlegt andrúmsloft. Sérstök áhersla er lögð á samspil verslunar og afþreyingar. Smáralind er stærsta bygging hér á landi. Á annasömustu dögum ársins heimsækja verslunarmiðstöðina um 50.000 gestir og þar starfa allt að 1.200 manns þegar mest er.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

Lagermaður

Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða starfsmann á lager fyrirtækisins.
Starfið felur m.a. í sér losun gáma og frágang á vörum inn á lager fyrirtækisins, pökkun og afgreiðslu á vörum af lager sem og ýmis önnur tengd störf.
Leitað er að röskum, sjálfstæðum og snyrtilegum einstaklingi með ríka samstarfslund.
Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.
Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Rafvirki

Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða rafvirkja til afgreiðslustarfa á lager fyrirtækisins.
Starfið felur í sér afgreiðslu á raflagnaefni og lýsingarbúnaði til viðskiptavina fyrirtækisins, umsjón með vörulager og fleiri skyld störf.
Leitað er að röskum, sjálfstæðum og snyrtilegum einstaklingi, sem á auðvelt með að vinna í hóp og hefur góða fag- og efnisþekkingu og reynslu af rafvirkjastörfum.
Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði. Góð enskukunnátta er æskileg.
Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Þeir sem áhuga hafa á þessum störfum eru beðnir að senda handskrifaða umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir þriðjudaginn 30. ágúst.
Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.sminor.is.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is

mentis HUGBÚNAÐUR

VIÐ LEITUM AÐ SNILLINGUM

FORRITARAR

Leitað er eftir hugbúnaðarsérfræðingum með háskólagráðu í tölvunarfræði eða skyldum greinum og a.m.k. 2-3 ára starfsreynslu.

Þekking og reynsla af Microsoft .NET, Delphi, Oracle PL/SQL og MS SQL Server eru kostir en ekki skilyrði.

Metnaður, sjálfstæð og öguð vinnubrögð og brennandi áhugi á öllu sem viðkemur hugbúnaðarþróun og tölvutækni eru skilyrði.

TÆKNIMAÐUR

Leitað er eftir tölvurekstrarmanni með a.m.k. 2-3 ára reynslu af rekstri Microsoft netþjóna og gagnagrunna.

Starfið felst í uppsetningu og rekstri á hugbúnaði Mentis hjá viðskiptavinum og samstarfsaðilum en einnig í rekstri á þróunar- og prófunarumhverfi fyrirtækisins.

Kostur ef viðkomandi aðili hefur Microsoft gráður en ef ekki mun Mentis kosta áframhaldandi endurmenntun og gráður.

Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum eru skilyrði.

VERKEFNISSTJÓRI

Leitað er eftir hugbúnaðarsérfræðingi með háskólagráðu í tölvunarfræði eða skyldum greinum og a.m.k. 3-5 ára starfsreynslu.

Reynsla af verkefnastjórnun og þekking á helstu ferlum og aðferðum við hugbúnaðarþróun eru skilyrði.

Mikilvægt er að viðkomandi búi yfir drifkrafti og stjórnunarhæfileikum til þess að leiða flókin og stór hugbúnaðarverkefni.

Samskipti við viðskiptavini eru ríkur þáttur af starfinu ásamt þróun og eftirliti með verkferlum og gerð tækniskjala.

FJÁRMÁLASÉRFRÆÐINGUR

Leitað er eftir öflugum aðila með bakgrunn í fjármálaverkfræði eða öðru framhaldsnámi í fjármálafræðum (t.d. MSIM) og reynslu af fjármálamarkaði.

Viðkomandi aðili mun stýra áframhaldandi uppbyggingu á fjármálaupplýsingaveitu Mentis og leiða vöruþróun á sviði greiningartækja fyrir fagnotendur á fjármálamarkaði.

Á starfssviði viðkomandi er einnig ráðgjöf og sérverkefni fyrir notendur fjármálaupplýsingaveitu Mentis, þ.ám. þróun á módelum í Excel.

Mentis hf. þróar hugbúnað fyrir fagaðila á fjármálamarkaði og í viðskiptavinahópnum eru nær eingöngu bankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki, fjármögnunarfyrirtæki, lífeyrissjóðir og önnur fyrirtæki og stofnanir sem tengjast fjármálamarkaði á Íslandi, í London og í Luxemborg. Starfsmenn Mentis vinna sjálfstætt og í hópi annarra sérfræðinga að vöruþróun, ráðgjöf og sérlausnum fyrir þessa kröfuhörðu viðskiptavini. Mentis hf. er að mestu leyti í eigu banka og sparisjóða. Nánari upplýsingar er að finna á ***www.mentis.is.***

Mentis hf | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | sími 570 7600 | info@mentis.is | www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Sigrún Ýr Jónsdóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafls - Liðsauka www.mannafl.is

Arkitektar, byggingarfræðingur og tækniteiknari

Á undanförnum árum höfum við hannað ýmsar byggingar eins og t.d. Úrval-Útsýn í Lágmúla, höfuðstöðvar Sindra við Klettagarða, höfuðstöðvar Nýherja, hús Samtaka atvinnulífsins og KPMG við Borgartún, Top Shop við Lækjargötu og Placa hótel við Aðalstræti, íbúðabyggingar við Naustabryggju og Sjáland, auk fjölda skipulaga.

Vegna mikilla anna og fjölda spennandi verkefna, t.d. 34.000 m² íbúðar- og þjónustubyggingu fyrir aldraða í vesturbænum, bráðvantar okkur skemmtilega og hugmyndaríka arkitekta, byggingarfræðing og tækniteiknara í vinnu sem fyrst. Góð laun í boði.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila inn á auglýsingadeild Fréttablaðsins merkt „Teiknistofa“ fyrir 28. ágúst næstkomandi.

GP ARKITEKTAR

Guðni Pálsson arkitekt FAÍ
Austurstræti 6 • 101 Reykjavík
Sími 551 1790 • Fax 562 2275

KC 05-0052

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Aðstoðarmenn iðjuþjálfa

óskast á geðdeildir frá og með 1. sept. 2005 í 100% störf.
Iðjuþjálfun geðdeilda leitar að ungu fólki til starfa, konum sem körlum sem hafa áhuga á að afla sér reynslu í mannlegum samskiptum og efla eigin þroska. Vinna í iðjuþjálfun gefur dýrmæta undirstöðu fyrir framtíðarmenntun og störf.
Upplýsingar veitir Sylviane Pétursson, yfiriðjuþjálfi, sími 543 4451, netfang *sylviane@landspitali.is*
Auglýsing áður birt á Starfatorgi 7. ágúst '05: Umsóknarfrestur framlengdur til 29. ágúst '05.

Starfsmaður

Aðstoðarmaður við hjúkrun óskast til starfa á slysa- og bráðadeild. Starfið felur í sér aðhlynningu, flutning sjúklinga milli deilda, tiltekt og þrif. Starfshlutfall er 100%. Unnið er á þrískiptum vöktum og aðra hvora helgi.
Umsóknir berist fyrir 5. sept. nk. til Rögnu Gústafsdóttur, hjúkrunardeildarstjóra, sími 543 2260, netfang *ragnagu@landspitali.is* og veitir hún upplýsingar ásamt Ingibjörgu Sigurþórsdóttur, aðstoðardeildarstjóra.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra

auglýsa styrki vegna
námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðra.

Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra á Austurlandi, Reykjanesi, Reykjavík, Suðurlandi, Vestfjörðum og á Vesturlandi vekja athygli á rétti fólks til að sækja um styrki skv. 27. grein laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og reglugerðar nr. 550/1994 um styrki vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðra.

Skv. reglugerðinni er heimilt að veita styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga, enda teljist námið hafa gildi sem hæfing eða endurhæfing. Einnig er heimilt að veita þeim sem eru 18 ára og eldri styrk til verkfæra- og tækjakaupa í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi, enda teljist starfsemin hafa gildi sem félagsleg hæfing eða endurhæfing sem miði að því að auðvelda fötluðum að skapa sér atvinnu.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðu eyðublaði félagsmálaráðuneytis ásamt greinargerð, til svæðisskrifstofa í hverju umdæmi en þar er einnig hægt að fá umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar.
Umsóknarfrestur er til 20. septemer n.k.
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Austurlandi, Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstöðum sími: 4 700 100
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjanesi, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði
sími: 525 0900, www.smfr.is
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjavík, Síðumúla 39, 108 Reykjavík
sími 533 1388, www.ssr.is
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Suðurlandi, Gagnheiði 40, 800 Selfoss
sími: 482 1922,www.smfs.is
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vestfördum, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður
sími: 456 5224
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vesturlandi, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi,
sími: 437 1780

Byggingaverkamenn

Óskum eftir að ráða byggingaverkamenn. Mikil vinna.

Þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veitir starfsmannastjóri, María Þorgrímsdóttir, maria@kv.is á skrifstofutíma

Umsóknum skal skilað á aðalskrifstofu Keflavíkurverktaka, eða á heimasíðu www.kv.is.

FRUM

KEFLAVÍKURVERKTAKAR hf.
Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími: 420 6400 • www.kv.is

Keflavíkurverktakar eru eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land.
Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundrað.
Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Kópavogi.

Leyfðu leikskólunum í Reykjavík að koma þér á óvart

Langar þig að starfa á vinnustað þar sem áhersla er lögð á að starfsfólk njóti sín í starfi, geti nýtt þá reynslu, hæfni og menntun sem það býr yfir og aukið þekkingu sína.

Starfsmannakannanir í leikskólum Reykjavíkur sýna að:
- 91% starfsmanna eru ánægðir í starfi
- 91% starfsmanna telja vinnuandann góðan
- 87% starfsmanna finnst auðvelt að samræma vinnu og einkalíf

Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.
Lögð er áhersla á færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, áhuga og áreiðanleika í starfi.

Í Reykjavíkurborg eru 78 leikskólar og þar starfa um 1800 starfsmenn.

Nánari upplýsingar veita Auður Jónsdóttir og Guðný E. Ingadóttir mannauðsráðgjafar á Menntasviði Reykjavíkurborgar í síma 411 7000. Netföng: audur.jonsd@reykjavik.is og gudny.elisabet.ingadottir@reykjavik.is.
Hægt er að sækja um lausar stöður á heimasíðunni www.leikskolar.is
Undir Menntasvið heyra m.a. leikskólar og grunnskólar borgarinnar.

Lifandi starf!
Frískir, fjörugir og glaðlyndir krakkar vilja fá þig í vinnu. Í leikskólanum býðst þér gefandi starf, jákvætt andrúmsloft og þægilegt starfsumhverfi.

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Hrafnista
í Reykjavík og Hafnarfirði

Laus störf í eldhúsi og borðsal.

Hrafnista Reykjavík

Óskum eftir að ráða starfsfólk í eldhús og borðsal, fullt framtíðarstarf, vaktavinna.
Vinnutími frá kl. 07.30 – 15.30 fjóra virka daga í viku og aðra hvora helgi.
Einnig eru í boði stuttar vaktir í borðsal
frá kl. 16.00 - 20.00, virka daga og aðra hvora helgi, hentnar vel með skóla.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Margeirsson
Forstöðumaður eldhús, í s: 585-9534 og 693-9530
eða *maggim@hrafnista.is*

Hrafnista Hafnarfirði

Óskum eftir að ráða starfsmann fullt afleysingarstarf í eldhús, vaktavinna, vinnutími frá kl. 07.30 – 15.30 fjóra virka daga í viku og aðra hvora helgi einnig er í boði 50% framtíðar starf í eldhúsi, vaktavinna.
Einnig eru í boði stuttar vaktir í borðsal frá kl. 16.00 - 20.00, virka daga og aðra hvora helgi,
hentnar vel með skóla.

Nánari upplýsingar veitir Ingvar Jakobsson
Forstöðumaður eldhús, í s: 585-3231 og 693-9531
eða *ingvar@hrafnista.is*

Hægt er að sækja um störfin á heimasíðu Hrafnistu:
www.hrafnista.is

Borgarholtsskóli

Vantar starfsmann í ræstingar.
Upplýsingar veitir ræstingastjóri fyrir hádegi í síma 694-4104 eða á staðnum.

Hrafnista

LAUSAR STÖÐUR

Hrafnista í Reykjavík

Aðhlynning
Óskum eftir starfsfólki í aðhlynningu.
Vaktavinna, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.
Einnig eru í boði stuttar vaktir t.d.
frá kl. 8-13 eða kl. 18-22.

Sjúkraliðar
Lausar eru stöður sjúkraliða í dagvinnu og vaktavinnu. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Staða sjúkraliði með framhaldsnám í öldrunarhjúkrun er laus til umsóknar á Dvalarheimili. Upplýsingar veitir Hrafnhildur Sigurjónsdóttir, deildarstjóri í síma 585 9450 eða **hrafnh@hrafnista.is**

Skólafólk.
Óskum eftir starfskröftum ykkar í vetur, góður vinnutími í boði með skóla, stuttar vaktir t.d. frá kl. 8-13 eða kl. 18-22

Upplýsingar veitir Steinunn Þorsteinsdóttir, starfsmannaþjónustu
sími 585 9529 eða
steinunnth@hrafnista.is

Hrafnista í Hafnarfirði

Aðhlynning
Óskum eftir starfsfólki í aðhlynningu.
Vaktavinna, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.
Einnig eru í boði stuttar vaktir t.d.
frá kl. 8-13 eða kl. 18-22.

Sjúkraliðar
Lausar eru stöður sjúkraliða í dagvinnu og vaktavinnu. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag

Skólafólk.
Óskum eftir starfskröftum ykkar í vetur, góður vinnutími í boði með skóla, stuttar vaktir t.d. frá kl. 8-13 eða kl. 18-22

Við bjóðum fjölbreytt störf í þroskandi umhverfi. Góð leið til að öðlast mikla reynslu, og auka hæfni í mannlegum
samskiptum.

Upplýsingar veitir Alma Birgisdóttir
aðstoðarhjúkrunarforstjóri
sími 585 3000 og 693 9564 eða
alma@hrafnista.is

Vífilsstaðir Garðabæ

Laus er staða hjúkrunarfræðings
á fastar næturvaktir í 40-50% starfshlutfall.

Aðhlynning.
Óskum eftir starfsfólki í aðhlynningu.
Vaktavinna, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Starfsfólk í býtibúr.
Vaktavinna, dag- kvöld- og helgarvaktir.

Ræsting
Starfsfólk óskast í ræstingu.

Upplýsingar veitir Ingibjörg Tómasdóttir, hjúkrunarstjóri í
síma 599-7011 og 664-9560 eða
ingat@vifilsstadir.is

Víðines

Sjúkraliðar
Laus er staða sjúkraliða. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Aðhlynning
Starfsfólk óskast í aðhlynningu.
Vaktavinna, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Upplýsingar veitir Borghildur Ragnarsdóttir, hjúkrunarforstjóri í síma 563 8803 og 862-5470 eða
vidines.borghildur@simnet.is

Hægt er að sækja um störfin á heimasíðu Hrafnistu:
www.hrafnista.is

Landsflug

Flugfélagið Landsflug óskar eftir umsóknum til eftirfarandi starfa:

Flugfélagið Landsflug er framsækið fyrirtæki í flugrekstri. Félagið var stofnað árið 2003 og sinnir innanlandsflugi ásamt sjúkra- og leiguflugi á Íslandi. Félagið hefur aðalstöðvar sínar á Íslandi, en hefur einnig verið í útrás og starfrækir áætlunarflug frá starfsstöð félagsins í Skotlandi. Flugfélagið Landsflug starfrækir flugvélar af gerðinni Dornier 228 og Dornier 328 á flugleiðum sínum.

Eitt af markmiðum félagsins er að stuðla að bættum samgöngum á Íslandi. Félagið sinnir nú áætlunarflugi til fimm áætlunarstaða á Íslandi og tveggja staða erlendis.

Flugfélagið Landsflug hefur skipt um merki eins og sést hér í auglýsingunni..
Einnig hefur verið ákveðið að taka upp erlenda nafnið City Star Airlines og hefur félagið verið markaðssett undir því nafni á erlendri grundu.
Félagið mun áfram bera nafnið Landsflug á Íslandi.

Flugstjóri á Dornier 328
Hæfniskröfur:
- 2000 fartímar, þar af 500 á fjölstjórnarflugvél
- Vera handhafi JAA/CPL flugskírteinis eða íslensks þjóðarskírteinis, ásamt bóklegu ATPL námi
- Blindflugsréttindi í gildi
- Fjölhreyfla réttindi í gildi
- Hafa lokið MCC námskeiði
- Læknisskoðun I. flokks í gildi
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun

Flugmaður á Dornier 328
Hæfniskröfur:
- 500 fartímar, þar af 100 á fjölhreyflaflugvél
- Vera handhafi JAA/CPL flugskírteinis eða íslensks þjóðarskírteinis, ásamt bóklegu ATPL námi
- Blindflugsréttindi í gildi
- Fjölhreyfla réttindi í gildi
- Hafa lokið MCC námskeiði
- Læknisskoðun I. flokks í gildi
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun

Flugstjóri á Dornier 228
Hæfniskröfur:
- 1500 fartímar, þar af 500 á fjölstjórnarflugvél
- Vera handhafi JAA/CPL flugskírteinis eða íslensks þjóðarskírteinis, ásamt bóklegu ATPL námi
- Blindflugsréttindi í gildi
- Fjölhreyfla réttindi í gildi
- Hafa lokið MCC námskeiði
- Læknisskoðun I. flokks í gildi
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun

Flugmaður á Dornier 228
Hæfniskröfur:
- 500 fartímar
- Vera handhafi JAA/CPL flugskírteinis eða íslensks þjóðarskírteinis, ásamt bóklegu ATPL námi
- Blindflugsréttindi í gildi
- Fjölhreyfla réttindi í gildi
- Hafa lokið MCC námskeiði
- Læknisskoðun I. flokks í gildi
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun

Þjónustuliði (flugfreyja/-þjónn) á Dornier 328
Hæfniskröfur:
- Reynsla af þjónustustörfum æskileg
- Reynsla sem flugfreyja kostur

Flugumsjónarmaður
Hæfniskröfur:
- Reynsla af störfum sem flugumsjónarmaður æskileg
- Flugumsjónarmannaskírteini kostur

Flugvirki
Hæfniskröfur:
- Hafa lokið flugvirkjanámi
- Rafmagnsréttindi, B2 (Avionics) er kostur
- Reynsla af störfum sem flugvirki æskileg

Krafa er gerð um góða íslensku og enskukunnáttu, háttvísi og lipurð í mannlegum samskiptum ásamt faglegum metnaði
og áhuga á að takast á við krefjandi verkefni.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með umsókn:
- Ferilskrá
- Afrit af flugmannsskírteini ásamt áritunum og heilbrigðisvottorði
- Afrit af prófskírteini ásamt einkunnum fyrir bóklegt flugnám
- Afrit af stúdentsprófsskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum ásamt einkunnum
- Nýtt sakavottorð
- Afrit af skráningu síðustu 100 klst. í flugdagbók
- Eftirfarandi sundurliðun flugtíma:

Heildarflugtími, blindflugstími (við blindflugsskilyrði), flugtími sem flugstjóri, flugtími á fjölhreyfla flugvélar og flugtími sem flugkennari.

Umsóknarfrestur: Skriflegar umsóknir berist starfsmannahaldi
Landsflugs fyrir 31. ágúst 2005, merkt:
Flugfélagið Landsflug, Starfsmannahald, Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

CityStar Airlines

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Starf hjá skipulagfulltrúa
Arkitekt - Skipulag

Embætti skipulagsfulltrúa myndar aðra meginstoð skipulags- og byggingarsviðs og starfar á grundvelli skipulags- og byggingarlaga.
Skipulagsfulltrúi vinnur að undirbúningi stefnumótunar í skipulagsmálum og hefur umsjón með gerð aðalskipulags og deiliskipulags.
Hlutverk skipulagsfulltrúa er m.a. að vinna að gerð skipulags sem tekur mið af hagsmunum heildarinnar og miðar að faglegri mótun byggðar og umhverfis.

Hlutverk skipulags- og byggingarsviðs er m.a. að veita borgarbúum, borgarfulltrúum, ráðgjöfum, hönnuðum, byggingarverktökum og öðrum þeim sem á þurfa að halda, góða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um skipulags- og byggingarmál. Sviðið er jafnframt stefnumótandi í skipulags- og byggingarmálum borgarinnar í samvinnu við skipulagsráð.

Auglýst er eftir arkitekt/skipulagsfræðingi til starfa hjá embætti skipulagsfulltrúa á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni
Starfið er krefjandi og fjölbreytilegt í vistlegu starfsumhverfi. Í því felst m.a. almenn forsagnargerð ásamt umsjón með ákveðnu afmörkuðu svæði innan borgarinnar, þar sem m.a. er unnið að stefnumótun við gerð nýs og endurskoðaðs deiliskipulags og aðalskipulags og umfjöllun um umsóknir og erindi sem berast skipulags- og byggingarsviði. Starfið veitir góða innsýn í skipulagsstörf á sveitarstjórnarstigi.

Hæfniskröfur
Umsækjandi þarf að hafa háskólamenntun á sviði skipulagsmála í arkitektúr/skipulagsfræðum, geta unnið sjálfstætt og jafnframt eiga auðvelt með samvinnu og samskipti. Æskileg er staðgóð þekking og starfsreynsla á sviði skipulags- og byggingarmála
Umsóknir, ásamt greinargóðum upplýsingum um menntun og fyrri störf berist starfsmannahaldi skipulags- og byggingarsviðs Borgartúni 3, 105 Reykjavík, fyrir 1. september n.k.
Launakjör eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Reykjavíkurborg vill ná og viðhalda sem jöfnustum hlut kynja í starfsstéttum og stofnunum og eru því karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um stöðuna.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi í síma 411 3000.

Frekari upplýsingar um sviðið og embætti skipulagsfulltrúa er að finna á heimasíðu *www.skipbygg.is*

Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða áhugasama og vandvirka einstaklinga í eftirtalin störf í Reykjavík. Um framtíðarstörf er að ræða.

Öll störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.

RAFVIRKI
Leitað er að einstaklingi með iðnmenntun í rafvirkjun.

Um fjölbreytt starf er að ræða í viðhaldi, nýlögnum og uppsetningu tækjabúnaðar. Starfsvettvangur er allt landið, æskilegt er að starfsmaður geti farið út á land þegar þannig háttar.

JÁRNIÐNAÐARMAÐUR / VÉLVIRKI
Leitað er að járniðnaðarmanni til almennrar járnsmíða- og lagnavinnu á verkstæði og utan verkstæðis.

Um fjölbreytt starf er að ræða í viðhaldi, nýsmíði og uppsetningu tækja. Starfsvettvangur er allt landið, æskilegt er að starfsmaður geti farið út á land þegar þannig háttar.

Til greina kemur að ráða nema sem búinn er með grunnnám í bæði störfin.

STARFSMAÐUR Á LAGER
Leitað er að þjónustuliprum starfsmanni til vörumóttöku og afgreiðslu á lager. Tölvukunnátta er æskileg.

Allar nánari upplýsingar veita:
Árni Ingimundarson í síma 550-9940
Birgir Pétursson í síma 550-9957

Olíudreifing ehf. var um áramótin á fjórtánda ársins starfandi fyrir Olíufélagið ehf. og Olíuverslun Íslands hf. Fyrirtækið hefur starfað frá 1. janúar 1996. Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is

Ertu hress?

McDonald's vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf á veitingastöðum við Suðurlandsbraut, í Kringlunni og við Smáratorg. Umsækjendur þurfa helst að vera 18 ára eða eldri. McDonald's eru líflegir og fjörugir vinnustaðir. Alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði.

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006

Langar þig á HM 2006?

Í vor verða heppnir starfsmenn á McDonald's dregnir út og fá fría ferð á HM 2006 í Þýskalandi. Einungis starfsmenn í fullu starfi verða í pottinum.

Umsóknareyðblöð liggja frammi á veitingastöðum McDonald's eða á heimasíðu www.mcdonalds.is

i'm lovin' it

argus - 05-0520

McDonald's er styrktaraðili HM 2006

Sölustarf

Leitum af jákvæðu og duglegu sölufólki sem hefur áhuga á tísku. Vinsamlegast verið í sambandi við verslunarstjóra eða sendið umsókn á netfangið ***sigrún@veromoda.is.***

VERO MODA
JACK & JONES

EININGAVERKSMIÐJAN

Okkur vantar trésmiði og laghenta verkamenn við framleiðslu á forsteyptum einingum í steypustöð og á lager.

Nánari upplýsingar fást hjá Einingaverksmiðjunni Breiðhöfða 10, 110 Rvík. eða hjá Jóni í síma 587-7770 eða 843-8777 frá kl. 13:00-16:00 virka daga.
Einnig hægt að senda email á *ev@ev.is*

Afgreiðslumenn vantar

Rótgróin og velþekkt heildsala og verslun með pípulagningavörur óskar eftir tveimur röskum og þjónustulunduðum afgreiðslumönnum helst með reynslu.
Um framtíðarstörf er að ræða.
Umsóknir sendist box@frett.is merkt „afgr. 2" fyrir 1. september.

Kranamenn óskast.

Reynsla æskileg en ekki skilyrði.
Mikil vinna og góð laun fyrir góða menn.
Upplýsingar í síma 898 5369.

Leikskólinn Brekkuborg

Leikskólakennari / leiðbeinandi óskast í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma: 567-9380.

Bifvélavirki

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja eða mann vanan bílaviðgerðum sem fyrst, reyklaus vinnustaður.
Upplýsingar á staðnum.

Bifreiðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 24 - 30 | 112 Reykjavík | Sími 577 4477

STEYPUSTÖÐIN

Vegna góðrar verkefnastöðu óskar Steypustöðin eftir að ráða í eftirtalin störf.

Starf í framleiðslu
Starfið felst í afgreiðslu járnapantana, vinna við tölvustýrða beygjuvél á framleiðslu úr kambstáli, vinna við suðu á kambstáli og umsjón með járnalager. Vinnutími er frá kl. 8-18 virka daga.

Starf á lager
Starfið felst í almennum lagerstörfum við hellur, steina og forsteyptar einingar á lager okkar í Hafnarfirði. Umsækjandi þarf að hafa lyftaraprót. Kostur ef umsækjandi er með meirapróf. Vinnutími getur bæði orðið langur og breytilegur.

Starf í útkeyrslu
Starfið felst í akstri steypubíls og afhendingu á steypu á höfuðborgarsvæðinu. Umsækjandi þarf að hafa meirapróf. Vinnutími getur bæði orðið langur og breytilegur.

Leitað er að ábyrgum, samviskusömum einstaklingum sem eru röskir, nákvæmir og samstarfsliprir með frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsóknir ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 2.september 2005 á skrifstofu á Malarhöfða 10, Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið: **habba@steypustodin.is.** Hrafnhildur svarar fyrirspurnum í síma 540-6800.

Umsækendur þurfa að hafa vilja til að taka þátt í þróttmikilli og metnaðarfullri starfssemi okkar þar sem þjónusta, vörugæði og öryggi eru í fyrirrúmi.

Steypustöðin er framsækið þjónustu og framleiðslufyrirtæki sem skapar ásamt viðskiptavinum sínum verðmætar gæðalausnir.

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS HÁSKÓLABÓKASAFN

Tölvuþjónusta

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

leitar eftir starfsmanni í netumsjón.
Starfið felst í aðstoð við tölvunotendur innan safnsins, rekstri á tölvukerfi þess og vinnu við uppsetningu tölva undir umsjón netstjóra.

Nánari upplýsingar um starfið eru á:

Starfatorg.is.

ÍAV

Verkamenn óskast.

ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins og býr yfir áratugareynslu í mannvirkjagerð. Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnu-húsnæði, mannvirkjagerð eða opinberar byggingar. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 500 manns.

ÍAV vantar verkamenn til vinnu við húsbyggingar á höfuðborgarsvæðinu. Erum tilbúnir til að ráða fólk á öllum aldri ef það treystir sér í þessa vinnu.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu ÍAV, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík. Nánari upplýsingar fást í síma 530 4200.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

ÍAV-Íslenskir aðalverktakar hf. , Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is

Viltu slást í hópinn?

Olíufélagið ehf. leitar að duglegu og samviskusömu starfsfólki sem hefur metnað til að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni.

Vaktstjórar

Starfið felur í sér tækifæri fyrir manneskju með góða forystuhæfileika þar sem vaktstjóri hefur umsjón með verkefnum starfsfólks stöðvarinnar á vöktum og fer fremstur í flokki þegar kemur að því að veita viðskiptavinum félagsins framúrskarandi þjónustu. Um er að ræða skemmtilegt og lifandi starf fyrir áreiðanlega manneskju sem hefur hæfileika í mannlegum samskiptum.

Almenn afgreiðsla

Starfið felst í almennum afgreiðslu- og þjónustustörfum. Lifandi starfsumhverfi og skemmtilegt starf fyrir jákvæða manneskju sem hefur góða þjónustulund og gaman af samskiptum við fólk.

Nánari upplýsingar veitir starfsþróunardeild í síma **560 3300.** Umsóknir má nálgast á vefsíðu Olíufélagsins **www.esso.is.**

Olíufélagið ehf. er kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk þess er að sjá fólki og fyrirtækjum fyrir orku, rekstrarvörum og þægindum með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi. ESSO skólinn veitir starfsmönnum nauðsynlega starfsþjálfun en mikil áhersla er lögð á endurmenntun til að auka samkeppnishæfni fyrirtækisins. Starfsmannafélag ESSO er kröftugt og lifandi. Nánari upplýsingar um esso á www.esso.is.

Esso

Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Leikskólakennarar og annað starfsfólk óskast í leikskóla Reykjavíkurborgar. Upplýsingar veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum.

- Funaborg, Funafold 42 í síma 587 9160.
- Grandaborg, Boðagranda 2 í síma 562 1855.
- Laufskálar, Laufrima 9 í síma 587 1140.
- Leikgarður, Eggertsgötu 12-14 í síma 551 9619.
- Sjónarhóll, Völundarhúsi 1 í síma 567 8585.
- Öldukot, Öldugötu 19 í síma 551 4881.
- Ösp, Iðufelli 16 í síma 557 6989.

Nánari upplýsingar veita Auður Jónsdóttir og Guðný E. Ingadóttir mannauðsráðgjafar á Menntasviði Reykjavíkurborgar í síma 411 7000.
Netföng: audur.jonsd@reykjavik.is og gudny.elisabet.ingadottir@reykjavik.is.
Hægt er að sækja um lausar stöður á heimasíðunni www.leikskolar.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Öryggisverðir

Vegna aukinna umsvifa óskar Securitas eftir öryggisvörðum í farandgæslu á höfuðborgarsvæðinu og Árborgarsvæðinu.
Einnig vantar öryggisverði í staðbundna gæslu.

Í boði er:
Öryggisvarðastarf sem hentar fólki af báðum kynjum 20 ára og eldri. Starfsferill öryggisvarða hefst með víðtækri grunnþjálfun.

Hæfniskröfur:
Umsækjendur þurfa að geta axlað ábyrgð, unnið sjálfstætt, vera vel agaðir og úrræðagóðir. Áhersla er lögð á áreiðanleika og þjónustulund. Hreint sakavottorð, bílpróf og almennt flekklaus ferill eru skilyrði.

Umsóknir:
Nánari upplýsingar veitir Jón Birgir í síma 580 7000. Umsækjendur skili inn umsóknum á þar til ætluðum umsóknareyðublöðum á skrifstofu Securitas eða fylli út umsóknir á vef fyrirtækisins www.securitas.is .

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

Við erum til fyrirmyndar!
Samkvæmt árlegri könnun VR meðal starfsfólks 2000 fyrirtækja á Íslandi er Securitas meðal hinna efstu. Að launum hlýtur fyrirtækið viðurkenningu VR og nafnbótina
Fyrirmyndarfyrirtæki 2005

SECURITAS
Síðumúla 23 · 108 Reykjavík
Sími 580 7000 · Fax 580 7070

Laugarnar í Reykjavík

ÍTR óskar eftir starfsfólki í Laugarnar í Reykjavík. Laugarnar eru tilvalinn starfsvettvangur fyrir fólk á öllum aldri sem vill vinna í fjörugu og skemmtilegu umhverfi og hefur ánægju af því að umgangast og þjónusta viðskiptavini. Laugarnar í Reykjavík eru alls sjö og tóku á móti tæplega 1,9 milljón gesta á síðasta ári.

- **ÁRBÆJARLAUG**
  Starfsmenn vantar á karlaböð og í laugarvörslu frá og með 1. sept. Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu. Möguleiki er á framtíðarstarfi. Nánari upplýsingar veitir Jens Á. Jónsson forstöðumaður í síma 411 5200
  netfang: *jens.a.jonsson@reykjavik.is*

- **GRAFARVOGSLAUG**
  Starfsmenn vantar á kvennaböð, karlaböð og í laugarvörslu í Grafarvogslaug frá og með 1.sept.
  Um er að ræða 75% - 100% störf í vaktavinnu. Möguleiki er á framtíðarstarfi.
  Nánari upplýsingar veitir Hafliði Halldórsson forstöðumaður í síma 510 4601
  netfang: *haflidi.halldorsson@reykjavik.is*

- **LAUGARDALSLAUG**
  Starfsmenn vantar á kvennaböð og í afgreiðslu frá og með 1. sept.
  Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu. Möguleiki er á framtíðarstarfi.
  Nánari upplýsingar veitir Stefán G. Kjartansson forstöðumaður í síma 510 4500
  netfang: *stefan.g.kjartansson@reykjavik.is*

- **VESTURBÆJARLAUG**
  Starfsmenn vantar á kvennaböð og í laugarvörslu í Vesturbæjarlaug frá og með 25. ágúst.
  Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu. Möguleiki er á framtíðarstarfi.
  Nánari upplýsingar veitir Guðrún Arna Gylfadóttir forstöðumaður í síma 551 5004
  netfang: *gudrun.arna.gylfadottir@reykjavik.is*

Umsækjendur verða að eiga gott með að umgangast fólk, hafa góða þjónustulund og vera stundvísir.
Umsækjendur þurfa að standast hæfnispróf sbr. öryggisreglugerð fyrir sundstaði.
Umsóknum skal skilað á skrifstofu ÍTR Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík eða til viðkomandi forstöðumanna.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn ÍTR vinna á sviði íþrótta- og tómstunda og eru lykillinn að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini sína. ÍTR hefur fengið sérstaka viðurkenningu Reykjavíkurborgar fyrir starfsárangur. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu. Allir starfsmenn taka þátt í fræðslustarfi ÍTR og eru upplýstir um jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar. Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur starfrækir m.a. sjö sundlaugar, fimm frístundamiðstöðvar, tíu félagsmiðstöðvar, þrjátíu og þrjú frístundaheimili, þrjár íþróttamiðstöðvar, Hitt Húsið, Þjónustudeild, þrjú skíðasvæði, skíðasvæði í hverfum, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Ylströndina, tómstundastarf í grunnskólum borgarinnar, sumarstarf fyrir börn, smíðavelli, sumargrín, siglingaklúbbinn í Nauthólsvík o.fl.

ÍTR

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 510 6600, fax: 510 6610, netfang: itr@itr.is, vefslóð: www.itr.is

ÖRYGGISVÖRÐUR

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Fyrirtækið skuldbindur sig til að stunda starfsemi sína á það hagkvæman hátt að viðskiptavinir okkar geri ávallt betri kaup í Hagkaupum.

Hagkaup óska eftir að ráða öryggisverði til starfa. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaupa. Hagkaup leggja mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaupa víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.

Við leitum að einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint sakavottorð, metnaðargjarnir og útsjónasamir. Umsækjendur yngri en 25 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað í Hagkaup Smáralind eða í tölvupósti (benedikt@hagar.is) fyrir 27. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar veitir Benedikt Arnarson, öryggisdeild í síma 530-5500.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Kynnisferðir ehf. óska eftir starfsmanni á einn af afgreiðslustöðum félagsins í Reykjavík

Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu, þar sem unnið er 5 daga aðra vikuna, en 2 daga þá næstu. Æskilegir eiginleikar og hæfniskröfur eru:

Góð kunnátta í ensku og helst einu öðru Evrópumáli
Þekking á landi og þjóð
Samskiptahæfileikar í ríkum mæli
Jákvætt lífsviðhorf og vilji til góðra verka
Tölvukunnátta
Nákvæm vinnubrögð og vinnusemi

Sóst er eftir einstaklingi sem getur hafið störf sem allra fyrst. Aldur og kyn umsækjenda skipta ekki máli.

Kynnisferðir ehf. er framsækið nútímafyrirtæki , sem hefur verið starfandi frá 1968 og ...

... rekur fjölmargar dagsferðir fyrir erlenda ferðamenn
... er einn stærsti hópferða- og sérleyfishafi landsins
... rekur Flugrútuna til Keflavíkurflugvallar
... hefur á að skipa vel menntuðu fagfólki
... hefur skýra starfsmanna- og jafnréttisstefnu
... gefur út handbók starfsmanna
... þar er góð liðsheild og skemmtilegur starfsandi

Umsóknir sendast til Kynnisferða ehf., Vesturvör 6, 200 Kópavogi fyrir 26. ágúst 2005, merktar „Vaktavinna 2005", einnig er hægt að senda umsóknir á netfangið birna@re.is. Haft verður samband við alla sem sækja um, eftir að umsóknarfrestur er runninn út.

Vörustjóri þungavöru

Vörustjóri þungavöru óskast til starfa í Húsasmiðjunni. Starfið er í senn mjög fjölbreytt og spennandi fyrir metnaðarfullan einstakling.
Við leitum að áhugasömum, ábyrgum og hæfum aðila sem á auðvelt með að starfa með fólki.
Vörustýringarsvið Húsasmiðjunnar er til húsa í Holtagörðum við Holtaveg, en þar eru aðalskrifstofur fyrirtækisins.

Starfssvið
- Innkaup og birgðastýring
- Samskipti og samningagerð við erlenda birgja
- Gerð markaðs og söluáætlana
- Vöruþróun
- Sækja vörusýningar erlendis
- Samskipti við verslanir og verktaka

Menntun og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði vörustjórnunar eða sambærilegt mikill kostur
- Þekking á byggingargeiranum kostur.
- Reynsla af sambærilegu starfi mikill kostur
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði
- Metnaður og framsækni í starfi
- Hæfni til þess að vinna sjálfstætt, sem og að vinna undir miklu álagi

Umsóknir berist fyrir 31. ágúst n.k. til Guðrúnar Kristinsdóttur starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, gudrunk@husa.is. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar www.husa.is.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingavara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru átján talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekum við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanahald, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuræktar starfsmanna.

Velkomin
í hópinn!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

„Au pair í Lúxemborg"

Íslensk/frönsk fjölskylda óskar eftir ábyrgri og barngóðri „au pair" til að gæta tveggja barna, 1 og 3 ára, og sinna léttum heimilisstörfum. Þarf að hafa bílpróf. Vinsamlegast hafðu samband sem fyrst við Sonju í síma 00352 26551296.
Netfang: j.obert@vo.lu

Styrktarfélag vangefinna

Starf með börnum og unglingum Dagheimilið Lyngás

óskar eftir þroskaþjálfum og stuðningsfulltrúum til starfa með sérstaka áherslu á atferlisþjálfun. Um er að ræða 100% starf og hlutastörf. Æskilegt er að umsækendur geti hafið störf sem fyrst.

Lyngás er sérhæft dagheimili, staðsett í Safamýri 5 og er opið frá 8.00-16.30 á virkum dögum. Þangað sækja börn og unglingar á aldrinum 1-18 ára þjónustu.
Mikið samstarf er við foreldra/aðstandendur, ráðgjafa og tengslastofnanir.

Upplýsingar veitir Birna Björnsdóttir og Hrefna Þórarinsdóttir í síma 553-8228 og 553-3890.

Skemmtilegt og krefjandi starf með ungu fólki Hæfingarstöðin Bjarkarás

óskar eftir þroskaþjálfum og stuðningsfulltrúum til starfa. Um er að ræða 100% stöður og hlutastörf. Starfið er fjölbreytt og felur m.a. í sér vinnuþjálfun og aðstoð við einstaklinga með hegðunarfrávik. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Bjarkarás er staðsettur í Stjörnugróf 9 og er opinn frá 8.30-16.30 virka. Þangað sækja 45 einstaklingar þjónustu og þjálfun.

Upplýsingar veita Þórhildur Garðarsdóttir og Valgerður Unnarsdóttir í síma 568-5330.

Ofangreind störf taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð og upplýsingar um Styrktarfélagið á heimasíðu þess **http://www.styrktarfelag.is**

Bifvélavirki og verkstjóri á Akureyri

2 krefjandi störf hjá einu öflugasta fólksbílaverkstæði á Akureyri

Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins tveimur árum hefur fyrirtækið þrefaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík, Reykjanesbæ og á Akureyri starfa yfir 140 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Bifvélavirki á fólksbílaverkstæði

Stutt lýsing á starfi

Við leitum að duglegum bifvélavirkja til starfa við viðgerðir á fólksbílaverkstæði okkar að Tryggvabraut 5 á Akureyri. Starfið felur í sér greiningu bilana og viðgerðir á fólksbifreiðum og tækjum, bæði á verkstæði Brimborgar og á vettvangi.

Hæfniskröfur og æskilegir eiginleikar

Við leitum að menntuðum bifvélavirkja og æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af störfum við viðgerðir á fólksbifreiðum. Grunnþekking á tölvum (PC/Windows umhverfi) og góð íslensku- og enskukunnátta eru skilyrði. Gilt bílpróf er einnig skilyrði og æskilegt er að viðkomandi hafi meirapróf.

Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá kl. 8 til 16.30 alla virka daga. Brimborg leggur mikla áherslu á gott starfsumhverfi og góða vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn sína. Einnig leggjum við áherslu á endurmenntun starfsmanna. Aðeins reyklaust fólk er ráðið til starfa.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á skrifstofu Brimborgar á Akureyri eða með því að senda tölvupóst og óska eftir að fá umsóknareyðublaðið sent.

Nánari upplýsingar veitir Jón Árelíus Þorvaldsson, Rekstrarstjóri hjá Brimborg Akureyri. Sími: 462 2701, netfang: jonat@brimborg.is. Upplýsingar um kjör eru ekki veittar í síma.

Verkstjóri á fólksbílaverkstæði

Stutt lýsing á starfi

Við leitum að duglegum bifvélavirkja til að hafa umsjón með daglegum rekstri fólksbílaverkstæðis okkar að Tryggvabraut 5 á Akureyri. Í starfinu felst almenn verkstjórn, s.s dreifing verkefna, greining bilana og fagleg ráðgjöf.

Ford Ranger 95 2wd 4cyl, eyðslugrannur pickup með plast í skúffu, ac., cruise. V. 350 þ. Einnig 14feta sport báts skel með 30 hö. utanborðsmótor. Uppl. í s. 862 1331.

Vörubílar

Vagnasmiðjan auglýsir
Eigum til afgreiðslu strax, nýjan Íslandsmalarvagn með U-laga skúffu. Léttur, sterkur og vandaður. Vagnasmiðjan, Eldshöfða 21 Rvík. S. 894 6000.

Húsbílar

Viltu láta geyma tjaldavagn, fellihýsi eða hjólhýsi. Sanngjarnt verð (eftir stærð). Upphitað hús mosfellbæ. Uppl. gatlason@fss.is

Mótorhjól

Til sölu YamahaYZ 250F árgerð 2002, hjól í topp standi og vél við haldið, fæst á góðu verði. Upplýsingar í síma 892 0402.

Fjórhjól

Yamaha Grizzly 660 4X4 nýtt. Yamaha Bruin 350 4X4 nýtt. Yamaha Hodiak 400 4X4 árg. 2001. Polaris Sportsman 700 4X4 árg. 2001 og 2004. Polaris ATP 500 4X4 árg 2004. Polaris Sportsman 400 og 500 4X4 árg 2001 og 2002. Arctic Cat 375 4X4 árg 2002 og 500 árg 2003. Plus Gallery ehf. S. 898 2811.

2002 Polaris 4x4 Sportsman 500H.O. Spil, handhitarar, stærri dekk, töskur. Yfirfarið af þjónustuaðila. Uppl. Þór í s. 898 0089.

Fellihýsi

Fellihýsaleiga.
Til leigu fellihýsi og tjaldvagnar. Sími 899 6277 & 461 5077, Tjalda og Seglaþjónustan ehf, Óseyri 6c, Akureyri.

Frítt á tjaldsvæðið í Hveragerði á Blómstrandi dögum 26-28 ágúst. Dagskrá við allra hæfi alla helgina, verið velkomin.

Til sölu Colemann Chayenne '99, ný miðstöð, gaseldavél, cd spilari, loftpúðafjöðrun. Í góðu ástandi. Uppl. í síma 821 6362.

Til sölu Coleman Chayenne 10 fet árg. '03. Sólarsella, heitt vatn, CD og fleira. Vagn með góðri umhirðu. Uppl. í s. 893 1193 og 483 3733.

Vinnuvélar

Til sölu Volvo FL 6-11. '94. Bobcat '00 Ásamt fylgihlutum, 3 skóflur, fræsara, fleig, snjóblásara, tveir gangar af felgum mjóum og breiðum, verð 3 milj +vsk. S. 899 3004.

Flug

Fis eins og tveggja manna, til sölu. Myndir og frekari upplýsingar hans@internet.is

Hjólbarðar

Varahlutir

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18 Lau. 10-15.

Aðalpartasalan s. 565 9700
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

bilapartar.is
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Óska eftir gírkassa í Golf 1800 GTI Turbo 2000. Uppl. í s. 896 9939 & 698 5547.

Vantar vinstri aftur öxul í Trooper '99. Uppl. í s. 862 9238.

KEYPT & SELT

Til sölu

Full búð af nýjum vörum frá Austurlöndum. Frábært úrval. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (blátt húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga.

Eigum tilbúna stiga, hringstiga og handriðaefni á lager. Fura, beyki og eik. Handlistar, plast, ryðfrítt, festingar og margt fleira. Stigalagerinn, Dalbrekku 26 Kópavogi.

Til sölu horn-svefnsófi lítið notaður. Uppl. í síma 899 2444.

Hágæða lúxus sturtuklefar og nuddbaðker á ótrúlegu verði! Á. Óskarsson ehf. S.566 6600 www.oskarsson.is www.oskarsson.is

Til sölu 18 tommu álfelgur undir Bens, líta vel út. Einnig 195/70R15 lítið slitin sumardekk. Uppl. í s. 896 5783.

Baðinnrétting úr hnotu, breidd 240 cm, með hliðarskápum og innbyggðum vaski úr kóríander, klósett, baðkar og blöndunartæki, 12 stk. viðarstrimlagardínur breiðar frá Sólargluggatjöldum, breidd frá 100-130 cm, hæð ca 150 cm, hjólaborð frá Exo, svart með stáli, Sony skjávarpi og tjald og ýmislegt annað smádót. Uppl. í s. 896 6558 & 862 3348.

Echo-star gervihnattabúnaður til sölu. Búnaðnum fylgja festingar og tenglar. Diskurinn sem er ársgamall er á snúningsfæti og tekur m.a. Thor og Sirius. Einnig fylgir búnaðnum kort með aðgang að Canal + og mörgum pay Per View rásum sem sýna nýjustu bíómyndirnar. Samskonar búnaður kostar 190 þús. kr. nýr en þessi selst á 90 þús. Nánari uppl. í s. 693 1836 e. kl. 18.

Þrír frístandandi sturtuklefar með rennihurðum, 1,95x0,86x,083 blöndunartæki og sturtuhaus fylgir með. Verð 40 þús. stk. Uppl. í síma 661 7755.

Óskast keypt

Myndavélar óskast
Vegna verkefnis með unglingum vantar mig nokkrar myndavélar ásamt tækjum og tólum í myrkraherb. Uppl. í s. 557 7022 & 847 6688, kjsam@simnet.is

Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is

Ottomeister píanó til sölu, 118 sm, mahóní viður, hljómfagurt og vel með farið, verð 180 þús. Uppl. í s. 843 0626.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 898 0690 (Ríkharður). Frá kl 8-23.

Vélar og verkfæri

Beygjuvélar -klippur.
Úrvals einfasa járnabeygjur og klippur. Taka 25 MM. Tvær beygjugráður. Góð verð og þjónusta. Rafbjörg EHF, Vatnagörðum 14, sími 581 4470.

Til bygginga

vidur.is
Harðviður til húsbygginga. Palla- og girðingaefni, nótuð vatnsklæðning, nótaður panill og fræst gluggaefni. Gæði á góðu verði. Nánar sjá vidur.is Magnús sími 561 1122 & 660 0230

vidur.is
Harðviður til húsbygginga. Palla- og girðingaefni, nótuð vatnsklæðning, nótaður panill og fræst gluggaefni. Gæði á góðu verði. Nánar sjá vidur.is Magnús sími 561 1122 & 660 0230.

Verslun

Heimsfrægu Nag Champa reykelsin fást hjá okkur kr 250. Allt á sínum stað. Hókus Pókus Laugavegi 69 s. 551 7955 www.hokuspokus.is

Ibiza komið frá 29.900. Frábær rúm. Snorrabraut 56 & Glerárgötu 34 Akureyri, s. 551 5200 & 461 5300.

Ýmislegt

Rýmingarsala á UN skóm. Fiskislóð 18. Allir barnaskór 500 kr. Mikið úrval af herra og dömuskóm á 500 kr. Aðeins 2 verð, 500 kr. og 1.000 kr. Tugir tegunda, margir litir.

ÞJÓNUSTA

Garðyrkja

Túnþökur
Túnþökurúllur, túnþökur og holtagróður ávallt fyrirliggjandi
Túnverk ehf. Sími 892 3666
Gylfi Jónsson

Tökum garðinn í gegn!
Helluleggjum, sláum gras, þökuleggjum, klippum/fellum tré, hreinsum beð, eitrum tré og túnfífla og margt margt fleira. Gerum góð tilboð.
Sláttumenn -Garðaþjónusta. Þórhallur s. 846 0864 Hjörleifur s. 868 2667.

Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@simnet.is

Túnþökusala Oddsteins
Gerum tilboð í minni og stærri verk. tek einnig að mér lagningu. Steini. S. 663 6666 / 663 7666.

Getum bætt við okkur verkefnum við hellulagnir, fagmenn og vönduð vinnubrögð. Lóðalist ehf S. 699 2464

Ráðgjöf

KAFLASKIPTI

Í fjármálum, alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf.
Skattskil og bókhaldsþjónusta
Endurskipulagning fjármála, samningar við lögmenn, lánadrottna og innheimtumenn, aðstoð v/nauðungaruppboða, stofnun einkahlutafélaga ofl. Geymið auglýsinguna.
SÍMI 517 1030 OG 822 9670
Kaflaskipti ehf. - Skipholti 5 - Sími 517 1030 og 822 9670
kaflaskipti@rsg.is

Málarar

Tökum að okkur viðgerðir og málningavinnu. Uppl. í s. 869 3934, Viðhald og Málning ehf.

Búslóðaflutningar

A.H.K Flutningar.
Tek að mér flutninga. Get bætt við mig föstum flutningum fyrir fyrirtæki, er með stóran bíl sem hefur heilopnum beggja megin. Sími 869 3046 Arnór.

Húsaviðhald

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 898 0690 (Ríkharður). Milli kl 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Spádómar

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Englaljós til þín.
Ertu óhamingjusöm/samur? Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára & Laufey e. kl. 18.00 til kl. 01.00.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Er byrjuð aftur vegna fjölda áskoranna. Spái í spil og lófa, vinn einnig með smærri eða stærri hópa af fólki að sjá úr sínum fyrri lífum. Uppl. í s. 562 5210.

Trésmíði

Tek að mér girðinga- og pallasmíði. Uppl. í s. 846 2003.

HEILSA

Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.587 8687.

Líkamsrækt

Sundlaug til sölu með "JetStream" stútum, tvær 4 hp dælur, 12 kw hitari, Tvö nuddsæti með 4 nuddstútum. Hægt er að synda í lauginni því að "JetStream" stútarnir sjá um að halda manni á sama stað í lauginni meðan synt er. Sjálfhreinsibúnaður, ekki er þörf á tengingu við vatnsleiðlsu. Tilvalið fyrir fjölskyldur, líkamsræktarstöðvar, endurhæfingarstöðvar og fyrirtæki. Cedar viðarklæðning og tröppur. Óskum eftir tilboði. Upplýsingar í síma 862 9798

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Námskeið

10 grunnreglur fyrir þá sem þora! Einfaldar hollustureglur byggðar á því sem virkar frá m.a. South Beach, Atkins, hráfæði og nýja fæðupýramidanum. Hið vinsæla fræðslu- og matreiðslunámskeið Þorbjargar næringarþerapista D.E.T. og Umahro matlistarmanns. Ein kvöldstund 24. eða 25. ágúst, Maður Lifandi, Borgartúni 24. Verð 6.900 kr. Innifalin ítarleg gögn og góðar ráðleggingar og fullt af bragðbitum. Bókun í sími 692 8489 og tobba@10grunnreglur.com. Nánari upplýsingar hjá www.10grunnreglur.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Myndlistarnámskeið
Olíulitun, vatnslitun, teikning, litafræði, myndbygging og fl. Byrjendur og lengra komnir.
Uppl. í s. 554 6585 & 824 7585.

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator
Bættu Microsoft prófgráðu í ferilskrána. MCSA námið hefst 12. sept. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is

www.heimanam.is Námskeið í allt sumar Heimanám. Tölvufræðslan sími 562 6212. Við kennum allt árið.

Kennsla

Nám í útlitsráðgjöf
The Academy of Colour and Style - útlits- og förðunarskóli. Innritun er hafin fyrir haustönn, uppl. í síma 533 5101.

Flug

Vantar fáa, góða félaga. www.pa28.is

HEIMILIÐ

Húsgögn

Design tískustólinn, verð áður 29.900, verð nú 14.900 www.rum.is Snorrabraut 56, Rvk. S. 551 5200, Glerárgötu 36, Akureyri 461 5300.

Tilboð óskast í þetta sófasett. Er sem nýtt. Uppl. í s. 862 0924.

6 mánaða þriggja sæta leðursófi (200x85cm) til sölu, sem nýr. Uppl. í s. 659 4341.

Hrikalega notalegi sjónvarpssófinn minn er til sölu. Er úr Línunni, vínrauður. Uppl. í síma 699 3280.

Hornsófi til sölu, vel með farinn. Verð ca 20-30 þús. Uppl. í s. 893 2054.

Til sölu ódýrt og flott sófasett. Lazyboy fylgir frítt með. Uppl. í s. 567 9272.

Dýrahald



Hunda og hvolpagrindur
Dýrabær - Hliðarsmára 9. Kóp. Opið mán - föst. 11.30-18, laug. 11-15. S. 553 3062.

Hundabúr-Hvolpagrindur
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Nokkrir Séfer hvolpar verða til sölu í lok sept. Sjá http://blog.verahvergi.is/nula/ Sími 868 8860.

Gullfallegir grábröndóttir kettlingar fást gefins, 2 högnar og 1 læða. Þeir eru ca. 8.vikna. Uppl. í síma 860 2965.

4ra mán. blíður og góður fress kettlingur fæst gefins á gott heimili. S. 699 2696.



Úr glæsilegum Vizsla-systkinahópi erum við tveir eftir. Við erum með ættbók HRFÍ, örmerktir, sprautaðir og tryggðir - lang flottastir! Upplýsingar í símum 555 2820 & 693 1280 eða á erlajons@yahoo.com

Ýmislegt

Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru sumartilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Orlando, Flórída
Nú er ódýrt að versla eða spila golf. Í sólinni á Flórída. Falllegt hús með sundlaug, eða 2ja herb. Íbúð á Ventura golfsvæðinu til leigu. Stutt í Disney og mollin. Uppl. í s. 893 0210.

Golf/haust í Englandi
Parhús á suður Englandi til leigu í haust. Verslanir (Brighton, London), golf, sögustaðir eða aflsöppun. Bíll fylgir. Uppl. í s. 897 3020 og www.beckshouse.tk

Spánn-leiga
Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Laust frá 1. sept. Uppl. í síma 822 3860.

Byssur

Veiðihjóla og stangaviðgerðir. Byssusmiðja Agnars, sími 891 8113.

Fyrir veiðimenn

www.sportvorugerdin.is

Tóti Tönn og Ingó Ásgeirs fengu 42 laxa á þessa túpu. fæst á www.frances.is

Hann Kristján Steinarsson hannaði þessa fyrir lax og silung. Fæst á www.frances.is

Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu 40 fermetra íbúð við Laugaveg, rétt við Hlemm. Leigutímabil 1. sept. til 31. maí. Mjög snyrtileg og vel búin íbúð. Verð kr. 70.000 pr./mán. Upplýsingar í síma 893-3693.

Rúmgóð og björt íbúð til leigu, laus strax, hálftíma akstur frá Reykjavík. Uppl. í s. 566 6096.

Til leigu 75fm 3ja herb. íbúð í vesturbæ Kópavogs frá 1 sept. Uppl. í s. 554 0688 & 696 3688.

Húsnæði óskast

2ja herbergja íbúð óskast. Góðri umgengni og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 699 5643.

Óska eftir 3ja herbergja íbúð fram að miðjum desember 2005. Öll leigan fyrirframgreidd. Uppl. í síma 898 2684.

Algjör reglusemi
Fjögurra manna fjölskylda (fullorðnir) óskar eftir 4 herbergja íbúð í Hafnarfirði. Góð greiðslugeta og meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 845 4308.

Bráðvantar íbúð, er einstæð með 1 barn, reglusöm, reyklaus, í námi, skilvísum greiðslum heitið. S. 661 7177.

Óskum eftir 3 herb. íbúð, frá 1. september, helst langtímaleiga. Uppl. í s. 551 9431 & 893 6497.

Sumarbústaðir

Sumarhús til sölu. Um er að ræða tæplega 60 fm hús með 24 fm manngengu svefnlofti. Húsið verður afhent tilbúið til innréttinga. Tilbúið fljótlega til afhendingar. Thomsen ehf sími 517 6200.

Sumarbústaðalóð til sölu, Klausturhólar í Grímsnesi. 1,1 hektari. Flottur staður. Verð 950 þús. Uppl. í s. 564 1569.

Atvinnuhúsnæði

Lítil liðnaðarpláss til leigu 20 mín. sunnan Hafnafjarðar, 60-110 fm. Verð 400 kr. á fm. Uppl. í s. 894 0431.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. Uppl. í s. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum. Tek í geymslu tjaldvagna og fellhýsi í vetur. Uppl. í s. 865 1166 & 895 5792.

Bílskúr

Bílskúr til leigu við Móhellu í Hafnarfirði 26,3 m2 (nýr) heitt og kalt vatn, lagt er fyrir þriggja fasa rafmagni. Uppl. í síma 862 4961.

Gisting

Íbúð til leigu í Barcelona, Playa de Aro og Menorca. Uppl. í s. 899 5863.

ATVINNA

Atvinna í boði

Mosfellsbakarí
á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 7:00-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 5535280 eða 6602153.

Leikskólinn Grandaborg, Boðagranda 9, 107 RVK.
Við erum 3ja deilda leikskóli í vesturbæ Reykjavíkur. Nú þegar skólarnir eru að byrja, hverfa nokkrir af okkar frábæru starfsmönnum á þann vettvang. Við leggjum áherslu á að vinna metnarfullt starf í léttu og hressu umhverfi. Hefurðu uppeldismenntun og/eða reynslu og ánægju af að vinna með börnum. Hafðu þá samband við okkur.
Upplýsingar veitir Guðrún María Harðardóttir leikskólastjóri í síma 561 1851 & 562 1855.

Kynning
Bros á allra vörum!

Hentugt starf með skól
Vegna aukina umsvifa vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík og nágrenni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Áhugasamir hafi samband við Ólaf og hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í gsm ólafur 863 3125. anna 898 9903 Einnig má senda umsóknir á omm@kynning einnig hægt að sækja um kynning.is

BÍLSTJÓRAR
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstörf á Reyðarfirði. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.
Allar nánari upplýsingar veitir: Már í síma 474 1525, tölvupóstfang mar@odr.is

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 Bylgjan 98,9 FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 visir

Líkamsræktarkort fyrir 1. september.
Það borgar sig.
Mecca-Spa, Nýbílavegi.
Mecca-Spa, Hótel Sögu.

Kaktusar frá 199 krónum.
Blómaval.

Skessubrunnur opið.
Skessubrunnur.is

Opið milli kl. 13 og 17
Griffill -alltaf ódýrari.

Fegrum heimilið með pottaplöntum.
Blómaval.

Pottaplöntur á stórlækkuðu verði.
Blómaval.

Útsala, opið til 4,
Valhúsgögn, Ármúla.

Húsgagnaútslala.
Verðdæmi:
Leðursófasett áður 295.000.-
nú 199.000.-
Valhúsgögn Ármúla.

Gróðurmold frá 199 krónum.
Blómaval.

Pottaplöntudagar..
Blómaval.

Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

ÞINN MARKHÓPUR?
70% hlustenda samkeyrðra auglýsinga Bylgjunnar, Létt 96,7 og Talstöðvarinnar eru 50 ára og yngri.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

TIL SÖLU

Mikil Sala
Vegna mikillar sölu á okkar frábæru heilsu og snyrtivörum frá Volare vantar okkur sölurádgjafa um allt land. Góð laun í boði fyrir duglegt fólk. Hafðu samband. Eydís Davíðsdóttir sjálfstæður sölurádgjafi og deildarstjóri Volare.
S. 869 5226, email eydis@tpostur.is

Starfsfólk óskast.
Kjúklingastaðurinn Suðurveri óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu og hlutastörf. Ekki yngri en 18 ára.
Uppl. í s. 897 4796 & 553 8890.

Ert þú ekki að fara í skóla?
Okkur vantar fleira gott fólk í fullt starf í vaktavinnu. Ef þú ert 17 ára og eldri, ert með góða ástundun í vinnu, vilt vinna í skemmtilegu vinnuumhverfi og dugleg/ur þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir gott vinnuframlag í skemmtilegu vinnuumhverfi.
Umsóknir á www.aktutaktu.is. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.

Ert þú í leit að starfi?
Viljum bæta við jákvæðu og duglegu fólki á American Style. 100% starf í boði í vaktavinnu. Líflegur og fjörugur starfshópur á þremur stöðum Reykjavík / Kópavogi / Hafnarfirði. Æskilegur aldur: 17 ára og eldri. Einnig lausar hád. vaktir alla virka daga frá 11-14.
Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836 einnig umsóknir á americanstyle.is

ALEFLI BYGGINGAVERKTAKAR
Óskum eftir að ráða smiði og verkamenn til vinnu. Næg verkefni framundan. Upplýsingar gefur Arnar í síma 660 4470.

Leikskólinn Sæborg, Starhaga 11. 107 RVK.
óskar eftir leiðbeinanda í 100% starf, á deild yngstu barna. Viðkomandi þarf að vera orðin 20 ára og helst með reynslu af börnum. Leikskólinn leggur áherslur á skapandi starf.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri eða aðstoðar leikskólastjóri í síma 562 3664 & 562 3674 eða á saeborg@leikskolar.is

Mosfellsbær Leikskólinn Hlaðhamrar
Hefurðu uppeldismenntun og/eða reynslu og ánægju af að vinna með börnum? Leikskólinn Hlaðhamrar leitar að metnaðarfullum leikskólakennurum eða leiðbeinendum í stöður deildarstjóra og aðrar stöður leikskólakennara. Til greina kemur að ráða í hlutastarf síðari hluta dags sem er tilvalið fyrir skólafólk. Unnið er í anda "Reggio" stefnunnar og kjör eru skv. samningum FL og Stamos.
Upplýsingar gefur Sveinbjörg Leikskólastjóri í síma 566 6351

Kaffihús, Bakarí
Bakarameistarinn Glæsibæ, Húsgagnahöllinni, Smáratorg, Suðurveri og mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Ýmsir vinnutímar í boði t.d 7-14, 8-16 og 10-19.
Uppl. í s. 897 5470.

Vantar starfsmann sem fyrst
Starfskraftur óskast í afgreiðslu í verslun í fullt starf. Ekki yngri en 20 ára.
Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.

Ítalía - veitingahús
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir aðstoðarmanni í eldhús, fullt starf, vaktavinna.
Um framtíðarstarf er að ræða og þarf viðkomandi að geta byrjað sem fyrst. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 14 og 17 mánudag og þriðjudag.
Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11

Loftorka Reykjavík
Óskar eftir verkamönnum til malbikunarframkvæmda og jarðvinnuframkvæmda. Heimkeyrsla og matur í hádeginu.
Upplýsingar í síma 565 0877.

Matstofa á Háskólasvæðinu - 107
Við erum erum að leita að starfsmönnum á veitingastaði okkar á háskólasvæðinu, Tæknigarði og Þjóðarbókhlöðunni. Starfið er fjölbreytt dagvinna í áhugaverðu umhverfi.
Vinsamlega hafið samband við Ástu í S. 699 1079.

Bakarameistarinn
Óskar eftir starfsfólki í kaffihús og bakarí okkar, við leitum af jákvæðu fólki á öllum aldri, ungum sem eldri. Okkur líst vel á þá þróun á að fá miðaldra og heldri borgara í hlutastörf sem geta miðlað af reynslu til þeirra yngri.
Áhugasamir hafi samband í síma 897 5470. Kveðja Sigurbjörg starfsmannastjóri.

SUBWAY

Fullt starf - Subway
Vantar fólk í fullt starf í Austurstræti, Faxafen og Borgartún. Vaktavinna, sveiganlegur vinnutími. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is

Vörubílstjórar, hellulagningarfólk og verkamenn
Vantar vanan vörubílstjóra með meiraprót, vana aðila í hellulagnir og verkamenn.
Uppl. í síma 822 2661

Áskriftasala
Okkur bráðvantar hresst og jákvætt fólk í áskriftasölu.
Vinnutími kl. 18 og 22. mán. til fim
Reynsla af sölustörfum kostur.
Aldurstakmark 20 ár.
Upplýsingar gefur Margrét í síma 515-5552 / 515-5500
Góðar tekjur fyrir gott fólk
Tímaritaútgáfan Fróði ehf.

Gúmmivinnustofan
Duglegir, helst vanir einstaklingar óskast á hjólbarðaverkstæði hjá Gúmmívinnustofunni, Réttarhálsi 2. Tímabundin vinna. Mögul. á fastráðningu.
Hafa samband við Ása í síma 660 0377 eða á staðnum.

Framtíðarstarf
Óska eftir fólki í afgreiðslustörf í bakarí í Hafnarfirði. Reglusemi og reykleysi skilyrði.
Uppl. í s. 895 8192 milli 8-17.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hagkaup
Hagkaup hefur á að skipa karftmiklum hópi starfsmanna. Hjá okkur fær einstaklingurinn að njóta sín og starfsþróunarmöguleikar eru miklir fyrir þá sem sýna dug og áhuga. Nú vantar okkur starfsfólk til starfa, átt þú samleið með okkur? Í boði eru störf í sérvörudeild, matvörudeild og kassadeild, vinnutími er mjög fjölbreyttur eftir störfum. Spurning að hringja í þær verslanir sem þú getur hugsað þér að vinna í og sjá hvað er í boði, eða kíkja á www.hagkaup.is. Hlökkum til að heyra í þér.

Mosfellsbakarí
á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 7:00-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.

Mosfellsbakarí
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 6:30-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug eða Linda í síma 566 6145.

Leikskólinn Völvuborg, Völvufelli 7
Starfsmenn vantar í 100% stöður. Leikskólakennara eða önnur uppeldismenntun æskileg.
Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 557 3040 & 862 0815.

Ræsting Smárahverfi
Fyrir hádegi alla virka daga
S. 897 1012 rosa@raestir.is

Ræsting Smárahverfi
Kl. 07:00 til 10:00 mán. til föstd.
S. 897 1012 rosa@raestir.is

Ræsting Smárahverfi
Kl. 10:00 til 12:00 mán til föstd.
S. 897 1012 rosa@raestir.is

Ræsting Grafarvogi
Fyrir hádegi mán. til föstd.
S. 897 1012 rosa@raestir.is

Ræsting Kringlunni
6 daga fyrir hádegi
S. 897 1012 rosa@raestir.is

Ruby Tuesday
óskar eftir hressu og duglegu fólki fæddu 1987 eða fyrr í vinnu á veitingastað okkar í Skipholti. Um er að ræða vinnu í hlutastörf í sal og eldhúsi.
Allar nánari uppl. gefur Haukur í 552 2211 & 662 8574 í Skipholti.

ALEFLI BYGGINGAVERKTAKAR
Óskum eftir bílstjóra á sendibíl. Upplýsingar í síma 587 7171 virka daga á milli 9 og 14.

Vel launað og skemmtilegt afgreiðslustarf.
Vinsæl verslun óskar eftir starfsmanni til afgreiðslustarfa. Erum að leita að einstaklingi með ríka þjónustulund, góða samskiptahæfileika og metnað. Byrjunarlaun eru kr. 150.000 sem hækka að 3ja mánaða reynslutíma loknum. Aðeins tekið við umsóknum um helgina. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendi tölvupóst með upplýsingum um sig á netfangið atvinnuumsokn@hotmail.com
Áhugasamir sendi tölvupóst með upplýsingum um sig á netfangið atvinnuumsokn@hotmail.com

Vantar þig vinnu með skóla í haust og vetur? Íslandspóstur leitar að fólki í tímavinnu við útburð í 2-5 daga í viku. Aðeins er unnið á virkum dögum. Hentar vel skólafólki eða með annari vinnu, aldurstakmark 16 ár. Um er að ræða störf víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu og gæti því verið í næsta nágrenni við þig. Nánari upplýsingar eru í síma 580 1000.

Getum bætt við vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. DEKKJAHÖLLIN, s. 462 3002 & 471 2002

Hreint og Fínt, störf í boði, ræstingar/þrif, dag/kvöld, fast/auka www.hreintogfint.is Sigrún s. 892 5915.

Starfsfólk óskast í söluturn, Video/grill, bæði í Hafnarfirði og Grafarvogi, dag-, kvöld- og helgarvaktir. Fullt starf eða hlutastarf. Upplýsingar í síma 899 4194.

Leikskólinn Sælukot. Leitar að metnaðarfullu starfsfólki með áhuga framsækinni námsstefnu þar sem jóga og hugleiðsla eru meðal námsgreina. Samkeppnishæf laun í boði. Upplýsingar veitir Didi í síma 562 8533 eða 848 7141.

Viltu eiga möguleika á betri tekjum/aukatekjum. Þetta gæti verið þitt tækifæri. www.simnet.is/okkarheimur

Veitingahúsavinna
Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu starfsfólki fyrir veturinn. Þjónustustörf - vakta- eða helgavinna. Hjálparkokk í eldhús (pítsabakari). Uppl. og umsóknir á staðnum milli kl. 10-16. Kringlukráin. Einnig umsóknir á www.kringlukrain.is

Ræsting, morgunvinna
Viljum bæta við okkur fólki við ræstingar fyrir veturinn. 40-50% vinna. Uppl. og umsóknir á staðnum milli kl. 10-16. Kringlukráin, einnig umsóknir á www.kringlukrain.is

Atvinna á Hornafirði
Óskum eftir að ráða starfsmann á smurstöð, bifvéla og vélaverkstæði okkar. Uppl. í s. 894 1927. Vélsmiðja Hornafjarðar ehf.

Bónstöð Jobba
Óskum eftir rösku starfsfólki til starfa sem fyrst. Mikil vinna framunda. Uppl. í s. 568 0230 & 898 7930.

Europris Verslanir leyta að starfsfólki góð laun í boði fyrir réttan aðila. Upplýsingar gefa verslunarstjórar verslana. Sími. 533 3366.

Starfsfólk óskast sem fyrst í fiskvinnslu í Hafnarfirði, vinnutími alm. frá 7 - 15. Tölvukunnátta er kostur en ekki skilyrði. Nánari uppl. í síma 692 6670/isafold@simnet.is.

Óska eftir starfsfólki í afgreiðslu á pizzastað. Uppl. í s. 663 0970.

Smiður eða vanur maður óskast í uppslátt 2ja húsa í Kópavogi. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 893 0884.

Grillhúsið Tryggvagötu óskar eftir starfsfólki í sal frá 11-15 alla virka daga og starfsfólk í kvöld-og helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum og í síma 696 8397, Brynja.

Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir mönnum með vinnuvélaréttindi. Góð laun í boði. Uppl. í s. 693 2607.

Bílaleiga óskar eftir starfsfólki í bílaþrif og almenn störf við viðhald bifreiða. Enskukunnátta er nauðsynleg. Uppl. um aldur menntun og fyrri störf sendist á e-malið atak@atak.is Fyrir 25. ágúst 2005.

Vantar duglegt fólk í vinnu við hreingerningar, mikil vinna og góðir tekjumöguleikar. Endilega hafið samband, Arnar s. 899 9900.

Xit Hárstofa
Vegna mikilla anna vantar okkur metnaðarfullan svein eða meistara og einnig nema á 3ja ári. Uppl. gefur Svava í s. 564 6444 & 692 0028.

Hamrafell ehf
Óskar eftir starfsfólki við fiskvinnslu. Nánari upplýsingar í síma 565 0830 eða á hamrafell@hamrafell.is

Kona óskast til aðstoðar við þrif o.fl. Nokkra tíma á viku á svæði 108. S. 898 8690.

Upplsláttur - Hunnebeck mót
Óska að ráða dugandi smiði eða vana menn í uppslátt á blokk í Hafnarfirði. Gott mælingarverkefni. Upplýsingar í s. 894 2454, Ragnar.

Árbæjarbakarí
Starfskraftur óskast í afgreiðslu, frá 13-18.30 virka daga og aðra hvora helgi. Upplýsingar í síma 869 0414 eða á staðnum, Hraunbæ 119.

Smiðir og laghentir menn.
Gluggasmiðjan ehf., Viðarhöfða 3, Reykjavík, óskar eftir að ráða smiði og laghenta menn í ál- og trédeild fyrirtækisins. Upplýsingar veita verkstjórar á staðnum, ekki í síma.

Jarðkraftur ehf.
Óskar eftir að ráða starfsmenn vana Jarðvinnuframkvæmdum Strax. Uppl. í s. 892 7673.

Vantar þig góða aukavinnu? Okkar vantar gott fólk í ýmis ræstingaverkefni. Nánari uppl. á www.solarservice.org eða í síma 581 4000.

Bakarí
Aðstoðarmaður óskast í bakstur í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370.

Óska eftir röskum nema á samning í Húsasmíði. Upplýsingar í síma 847 3200.

Atvinna óskast

Byggingaverktakar
Afhverju að auglýsa eftir vönum mönnum sem eru ekki til? Leyfðu okkur að aðstoða. Yfir 30 ára reynsla við að finna rétta menn fyrir fyrirtæki. Okkar bresku menn eru mjög hæfir. Allir okkar íslensku viðskiptavinir eru meira en ánægðir með okkar menn. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá hingað.
Upplýsingar í síma 897 8978 AWM ehf. Alan.

Grafískur hönnuður óskar eftir vinnu. Upplýsingar í s. 847 4374 & 517 1843, Alush.

TILKYNNINGAR

Einkamál

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30

Viltu vera memm?
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

Breyttur opnunartími í afgreiðslu

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

FRÉTTABLAÐIÐ birta DV Tálstöðin visir

SJÓNARHORN



FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Við Font á Langanesi.

UPPELDISÞÁTTURINN
Í Uppeldisþættinum er komið inn á óteljandi málefni sem tengjast fjölskyldunni. Fjallað er um barnauppeldi, farsæl hjónabönd, skilnaði, stjúptengsl, foreldrahlutverkið, tilfinngar og fleira mannlegt sem fylgir því að vera í fjölskyldu eða ala upp barn.
Sunnudagar kl. 14 - 15
Í umsjón Berghildar Erlu Bernharðsdóttur

Talstöðin
FM 90,9

Tilbúnir innkaupalistar fyrir 1.-10. bekk

Hagkvæmt og einfalt að versla á www.skola.is

Skólavörubúðin
Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

SVIPMYND

BREIÐDALSVÍK
Breiðdalsvík: Kauptún við samnefnda vík milli Kambaness og Streitishvarfs í Suður-Múlasýslu.
Íbúafjöldi: 163
Þekkt prestsetur: Heydalir eru í næsta nágrenni þorpsins. Þar situr sr. Gunnlaugur Stefánsson.
Upphafið: Fyrsta hús sem reist var á Breiðdalsvík var vörugeymsluhús sem Gránufélagið lét reisa um 1880 og 1883 er þar löggildur verslunarstaður en fyrsta íbúðarhús reis þar 1896.
Náttúruperlur: Utan við Breiðdalsvík eru margar eyjar sem einu nafni nefnast Breiðdalseyjar.
Þjónusta: Hótel Bláfell hefur verið rekið á Breiðdalsvík með myndarbrag um árabil.
Gott að vita: Kvenfélagið á Breiðdalsvík heitir Hlíf og Lionsklúbburinn Svanur.

OTTAWA

Ottawa er höfuðborg Kanada og fjórða stærsta borg landsins. Viktoría drottning útnefndi Ottawa sem höfuðborg Kanada árið 1857 en fyrir það var borgin þekkt undir nafninu Bytown. Fyrstu íbúar í Ottawa voru Algonquin indíánarnir sem námu land eitthvað fyrir árið 1600. Þeir skýrðu Ottawa-ána Kichesippi, sem þýðir Mikla áin, og kölluðu sjálfa sig Kichessippinni, fólk miklu árinnar.

Íbúafjöldi: Rúmlega 1,2 milljónir.
Borgarstjóri: Bob Chiarelli.
Hérað: Ontaríó.
Tungumál: Enska og franska.
Þjóðarbrot: Kanadabúar, Frakkar, Kínverjar, Ítalir og Grikkir.
Staðsetning: Borgin liggur á milli Ottawa-árinnar, Rideau-árinnar og Rideau - skurðsins. Ottawa er rúmlega tvö hundruð kílómetra frá Montreal, 474 kílómetra frá Toronto og 665 kílómetra frá New York borg.

Námsefni fyrir framhaldsskólanemendur

Hagkvæmt og einfalt að versla á www.skola.is

Skólavörubúðin
Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

DR.GUÐMUNDUR EGGERTSSON Erfðafræðingurinn sendi nýverið frá sér bókina Líf af lífi þar sem hann ræðir um erfðafræði á aðgengilegan hátt.

Undraheimur erfðafræðinnar

Guðmundur Eggertsson erfðafræðingur var að senda frá sér bók um erfðir og erfðafræði sem heitir *Líf af lífi: Gen,erfðir og erfðatækni*. Ingi F. Vilhjálmsson ræddi við Guðmund um nýju bókina.

Umfjöllun um gen og erfðafræði hefur verið mikil hér á landi á liðnum árum enda hefur mikil framþróun átt sér stað í þessari vísindagrein síðastliðna áratugi. Þessi framþróun hefur meðal annars kveikt margvíslegar siðferðislegar spurningar sem maðurinn hefur ekki þurft að spyrja sig áður. Í nýrri bók *Líf af lífi: Gen, erfðir og erfðatækni*, segir Dr. Guðmundur Eggertsson frá sögu erfðafræðinnar og lýsir því á aðgengilegan hátt um hvað þessi unga vísindagrein snýst. Bókin er sú fyrsta í Hnotskurn, nýrri fræðiritaröð frá bókaforlaginu Bjarti.

Ung vísindagrein

Í bókinni rekur Guðmundur sögu erfðafræðinnar allt frá því að austurríski munkurinn Gregor Mendel benti fyrstur á það á seinni hluta 19. aldar að erfðir væru byggðar á eindum. „Menn komust svo að því eftir aldamótin 1900 að gen er staðsett á litningum í frumukjörnum en menn vissu samt ekki hver efnasamsetning þeirra var en það tók svo um 50 ár fyrir menn að komast að því að erfðaefnið væri kjarnsýra en ekki prótein eins og flestir höfðu haldið. Svo var það árið 1953 að Watson og Crick settu fram hið fræga líkan sitt af DNA-sameindinni sem skýrði bæði byggingu sameindarinnar og eins hvernig hún er eftirmynduð í hverri frumukynslóð. Á næstu árum, fram til um 1965, upplýstist hvernig DNA-sameindin starfar, hvernig erfðaboðum hennar er komið til skila. Á skömmum tíma höfðu menn því fengið mikinn skilning á eðli og starfsemi erfðaefnsins.“

„Mikil straumhvörf urðu svo á áttunda áratug liðinnar aldar þegar erfðatæknin kom til sögunnar og vísindamenn fundu upp aðferðir til að flytja gen á milli ólíkra tegunda lífvera á svokölluðum genaferjum sem gerði það að verkum að hægt var að flytja gen úr mannfrumum yfir í bakteríufrumur og fá þær til að starfa þar,” segir Guðmundur.

Umhverfið hefur áhrif á genin

„Þegar rætt er um eiginleika mannsins getur verið erfitt að segja til um ákvarðandi áhrif erfða annars vegar og umhverfisins hins vegar. Þetta á sérstaklega við um eiginleika sem eru tengdir taugakerfinu, til dæmis um mannlega greind, sem ákvarðast að einhverju leyti af erfðum en að öðru leyti af áhrifum umhverfisins og þar getur verið erfitt að skera úr um hlut erfða annars vegar og umhverfis hins vegar og það eru í rauninni engar öruggar leiðir til þess. Mér finnst að menn ættu bara að viðurkenna þetta og forðast allar öfgar í þessum efnum. Það hefur verið gert helst til of mikið úr því að hin eða þessi gen ákvarði ákveðna eiginleika,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segir að aftur á móti séu aðrir eiginleikar mannsins og annarra lífvera mjög svo greinilega undir stjórn erfða en að umhverfið geti líka haft áhrif þar á. „Á síðustu áratugum hefur það komið í ljós við rannsóknir að umhverfisþættir geti beinlínis haft áhrif á starfsemi gena, og þar er það augljóst að kveikt og slökkt er á ákveðnum genum við ákveðnar aðstæður í umhverfinu.“

Guðmundur segir að á næstu áratugum muni erfðafræðingar líklega einbeita sér að því að reyna að skilja betur áhrif umhverfisins á genin. „Við sitjum hérna og einbeitum okkur að því að velta fyrir okkur erfðafræðinni, og ég er næstum því viss um það að starfsemi einhverra gena í heilafrumum okkar breytist við það að við sitjum hérna og hugsum um þetta, þó ég geti ekki fært neinar sönnur á það, en það væri í samræmi við annað sem við vitum um genastarfsemi því hún er mjög sveigjanleg. Menn vita hins vegar minnst um það hvernig þessir umhverfisþættir virka, því umhverfið er mjög skrýtin skepna,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segir þó að ekki séu það genin sjálf sem breytist heldur sé það starfsemi genanna sem breytist við áhrif frá umhverfinu, gen breytast einungis við stökkbreytingu, þó að þær séu sjaldgæfar. „Umhverfisþættir geta þó orsakað stökkbreytingu gena, til dæmis geislun eða miður góð stökkbreytandi efni sem við leggjum okkur til munns.“

„Það verður líklega aldrei hægt að svara því til fulls hversu mikil áhrif gen hafa og hversu mikil áhrif umhverfið hefur á ákveðna eiginleika mannsins en ég held að erfðafræðingar og líffræðingar muni á næstu áratugum beina athygli sinni í auknum mæli að taugakerfinu og því á hverju hugsun okkar, sem skilur okkur frá okkar nánustu ættingjum í dýraríkinu, byggist. Þá getum við kannski svarað því betur að hve miklu leyti hinir og þessir eiginleikar sem tengjast starfsemi taugakerfisins byggjast á erfðum og að hve miklu leyti á áhrifum umhverfisins.“

Lagfæringar á erfðagöllum og arfbætur

Í bókinni talar Guðmundur einnig um siðferðislegar spurningar sem vaknað hafa með framþróun erfðafræðinnar.

„Menn hafa notað erfðatækninа til hagnýtra hluta. Allir kannast við erfðabreyttar plöntur og jafnvel dýr. Svo hafa menn hugsað sér að nota aðferðir erfðatækninnar til að lagfæra erfðagalla hjá manninum og það eru þá ýmist erfðagallar í líkamsfrumunum eða í kímlínu, þeim frumum sem geta orðið upphaf nýs einstaklings, kynfrumum og fósturvísafrumum.“

Guðmundur tekur dæmi af manni sem er með erfðagalla í lifur og þá væri hugmyndin sú að flytja heilt gen á genaferju í lifrina, í stað þess gallaða, og fá það til starfa í lifrinni. Aðferðir sem þessar hafa þó reynst vandasamar og tæknileg vandamál hafa staðið í vegi fyrir þróun þeirra. „Það er lítil andstaða gegn þessum aðferðum því breytingarnar sem gerðar væru myndu ekki erfast til afkomanda viðkomandi.“

Aðra hugmynd segir Guðmundur vera þá að flytja gen inn í kímlínuna svokölluðu og er þá venjulega gert ráð fyrir að gen séu flutt inn í fósturvísafrumur og lagfæri þannig erfðagalla en ekki eru komnar fram öruggar aðferðir til að gera þetta við manninn. „Það hafa verið þróaðar aðferðir til að flytja gen inn í kímlínu músa og eru menn þar komnir með aðferðir sem taldar eru nokkuð öruggar en ekki nógu öruggar til að prófa þær á manninum.“ Guðmundur segir að hann sé ekki mótfallinn því að slíkar aðferðir verði notaðar en þá einungis ef þær eru orðnar nógu öruggar og að langt sé þar til það verði.

„Sumir erfðafræðingar vilja ganga enn lengra og fara að bæta erfðaefni mannsins og flytja inn í kímlínuna gen sem eiga að auka lífslíkur manna, svokölluð langlífisgen eða gen sem eiga að auka greind manna en það er er nú sem betur fer þannig að þessi gen eru óþekkt og því eru þessar fyrirætlarnir óraunhæfar og verða það örugglega um mjög langan aldur.“

ingi@frettabladid.is

GSM tilboð

Í tilefni af opnun nýrrar og glæsilegrar verslunar okkar í Smáralind, bjóðum við frábær **GSM** tilboð.

Samsung x480

9.900 kr.

Nokia 6101

19.900 kr.

Nokia 6230i

Tónlistarpakki
að verðmæti
8.900 kr. fylgir!

34.900 kr.

20% afsláttur af aukahlutum

og vodafone™

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA/JS OGV 29284 08/2005

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

DAGUR B. EGGERTSSON LÆKNIR OG BORGARFULLTRÚI Dagur var kominn með stöðu við eina stærstu og mest spennandi smitsjúkdómadeild í Evrópu við sjúkrahús í Stokkhólmi þegar hann tók ákvörðun um að fara út í pólitík. Hann settist þá niður og skrifaði svokallaðan leynilista með fjórtán atriðum sem hann taldi geta bætt höfuðborg Íslands. Nú, senn fjórum árum seinna, er listinn að verða tæmdur og Dagur á leið út úr borgarmálunum.

Pólitískt læknisstarf í höfuðborginni

Manst þú eftir og syrgir kannski gamla tívolíið í Vatnsmýrinni? Þá daga þegar mannlífið iðaði flugvallarmegin Hringbrautarinnar og rómantíkin blómstraði sunnan við sæinn? Dreymir þig örmjóa, himinháa skýjakljúfa, íburðarmikla ísbjarnargosbrunna, sveitaleg hestvagnastræti, skautasvell, flóamarkað og snúðakaffihús í Vatnsmýrinni? Að búa í kastala á norður-suður-flugbrautinni? Draumar geta víst orðið að veruleika því Reykjavíkurborg kallar eftir framtíðarsýn Íslendinga á höfuðborgina. *Þórdís Lilja Gunnarsdóttir* heyrði meira um málið hjá **Degi B. Eggertssyni** formanni skipulagsráðs Reykjavíkur.

Höfuðborgin stendur á miklum tímamótum hvað varðar framtíðarþróun og skipulagsmál. Þar hefur umræða um Vatnsmýrina verið áberandi og ekki óeðlilegt því sem þjóð eigum við einstakt tækifæri í eign upp á annað hundrað hektara lands í hjarta borgarinnar til að skipuleggja sem framtíðarborg,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur og veltir upp spurningunni hvernig framtíðarborgin eigi að líta út?

„Umræðan hefur einkennst af því að vera í skotgröfum og snúist of mikið um flugvöllinn, en aðrir hlutir skipta ekki síður máli. Senn fer af stað mikil uppbygging á þessu svæði og mikilvægt að standa vel að þeirri uppbyggingu svo hún girði ekki fyrir framtíðartækifæri heildarsvæðisins.“

Einmitt þessum sökum hefur verið ákveðið að efna til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um heildarskipulag Vatnsmýrarinnar og í aðdraganda hennar til umfangsmikilla fundahalda þar sem Íslendingar, allir sem einn, fá kost á að setja fram eigin hugmyndir, prófa mismunandi lausnir og kynna sér þær hugmyndir sem þegar hafa verið settar fram.

„Við viljum fá hugmyndir hins almenna borgara sem og fagfólksins; virkja unga fólkið, háskólana, listaheiminn, fjármálalífið og saumaklúbbana,“ segir Dagur sem bindur vonir við að skipulagssýningin vekji mikla athygli erlendis þar sem fagfólk og sérfræðingar fái góða tilfinningu fyrir þeim viðhorfum sem bærast með landsmönnum.

„Við vonumst til að virkja sumt af besta fagfólki heims og reynslan hefur sýnt að þessi nærþekking beint í æð getur veitt bestu fagmönnum mikinn innblástur.“

Aðeins eitt tækifæri

Dagur segir Reykjavík í vaxandi samkeppni við aðrar borgir heims um að halda fólkinu heima.

„Atvinnutækifæri framtíðar þurfa að vera hér heima en ekki úti. Við verðum að vera meðvituð um samkeppnina um okkar eigið fólk og þann sívaxandi markað vel menntaðs fólks sem mun velja sér búsetu þar sem er öruggt, heilbrigt og gott að búa, en líka sláttur í mannlífinu og lifandi miðborgarlíf. Við þurfum að skapa umgjörð sem er hagkvæm fyrir fyrirtæki að blómstra í og nógu spennandi fyrir fólki að vinna og búa í. Framtíðarborg með opnum rýmum, útivistarsvæði og aðgangi að þeirri frábæru náttúru sem er þarna allt í kring. Stað þar sem mörk á milli þess hvar fólk býr, borðar, vinnur, skemmtir sér eða hittir náungann eru óskýr,“ segir Dagur, en þessa dagana eru borgaryfirvöld í samráði við stóra hagsmunaaðlia á svæðinu: Háskóla Íslands, Landspítala Háskólasjúkrahús, Íslenska erfðagreiningu, Háskólann í Reykjavík, FL Group og Flugfélag Íslands.

„Við þurfum að leiða fram tengingar milli miðborgar og háskólanna svo svæðið verði eins öflugt og hægt er. Við höfum í höndunum okkar eina tækifæri til að búa til svæði af þeirri lágmarksstærð að geta keppt við bestu þekkingarsvæði heims og verðum því að vanda okkur,“ segir Dagur ákveðinn í bragði, en framkvæmdir í Vatnsmýrinni fara senn af stað, svo sem bygging vísindagarða Háskóla Íslands og hugsanlega nýs sjúkrahúss Landspítalans en brátt lýkur skipulagssamkeppni þess efnis.

„Beri ríkisstjórnin gæfu til að setja hluta Síma-peninganna í það verkefni gæti nýr spítali risið þar mun fyrr en menn hefðu ætlað, og Háskólinn í Reykjavík hefur þegar valið sér stað austan megin í Vatnsmýrinni fyrir nýjar skólabyggingar sem rísa munu hratt.“

Vatnsmýrin verðmætari en Löngusker

Í framtíðarskipulagi Vatnsmýrar hefur stóri óvissuþátturinn verið flugvöllurinn. Nú hefur dregið til tíðinda þar.

„FL Group hefur talið flugvellinum best borgið í Vatnsmýrinni, en þó undirstrikað að óvissa um atvinnurekstur í framtíðinni sé þeim afar vond. Braggabyggð og ófrágengin svæði allt í kringum flugvöllinn eru þeim þá jafn mikill þyrnir í augum og nú ber svo við að FL Group er tilbúið að leita lausna og leysa þetta sameiginlega verkefni. Í því samhengi telur félagið raunhæft að stytta norður-suður-flugbrautina sem liggur í átt að miðborginni í 1200 metra, en einnig hugsanlega að færa innanlandsflugið út á Löngusker. Áður höfðu menn haft áhyggjur af sjávarseltu varðandi þá staðsetningu, en eftir að félagið hefur farið yfir þau sjónarmið mun það ekki ráða úrslitum,“ segir Dagur og hrósar bæði FL Group, Flugfélagi Íslands og Samgönguráðuneytinu fyrir samstarfsviljann því af stað er að fara þróunarvinna þessara fjögurra hagsmunaðila.

„Þótt enn eigi eftir að svara ótal spurningum er þetta gríðarlegur áfangi. Reykjavík sem höfuðborg hefur skyldum að gegna gagnvart samgöngukerfinu og landsbyggðinni. Það er ljóst að flugið getur ekki borið uppi þessa framkvæmd, heldur mun ríki og borg koma þar inn í, þegar kostir og hagkvæmni hafa verið fullkönnuð. Sjálfur sé ég ekkert því til fyrirstöðu vegna gríðarlegra hagsmuna sem við eigum í Vatnsmýrinni en landið er miklum mun verðmætara en það kostar að leggja landfyllingu undir flugvöll á Lönguskerjum.“

Íbúðir á umferðareyjum

Höfuðborg Íslands er í gagngerri naflaskoðun og stórtækar breytingar bæði fram undan og í framkvæmd. Sem dæmi má nefna nýlagða Hringbraut neðan Landsspíta Háskólasjúkrahúss, sem mörgum þykir taka dýrmætt landrými.

„Ég er mjög hugsi yfir Hringbrautinni sem og stefnu aðalskipulags að setja mislæg gatnamót á hvert umferðarhornið á fætur öðru. Ég er hræddur um að sú framkvæmd muni endanlega kljúfa þessa borg í herðar niður og búa til umferðareyjur úr íbúðahverfum okkar. Við þurfum að spyrja þeirrar lykilspurningar hvernig borg við viljum búa í. Viljum við borg sem klýfur sundur íbúðahverfi með samgöngufljótum og sem við treystum ekki börnum okkar að fara yfir,“ segir Dagur sem nýlega ræddi við forsvarsmenn KR í vesturbænum.

„Þar kom í ljós að sorglega fáum krökkum úr yngstu aldurshópunum er treyst yfir Hringbraut á æfingar hjá KR. Því er félagið orðið fyrst og fremst fyrir krakka sunnan Hringbrautar og það á að segja okkur svolítið. Við þurfum að búa til samfélag þar sem öll börn geta fengið íþróttir, hreyfingu, tónlist og menningu í sínu nærumhverfi. Þegar umferðin er farin að skera burt þá möguleika sem heyra undir grundvallaratriði í lífsgæðum og uppvaxtarskilyrðum barna, verðum við að setja málið í forgang,“ segir Dagur sem vill koma íþróttum, tónlistarnámi og fleiru inn í skólana þannig að foreldrar losni við endalaust skutl með börnin og umferð á morgnum og síðdegis feli ekki í sér hálfa borgina á fleygiferð milli austurs og vesturs, í vinnu og heim.

„Umferðin er komin til að vera en við þurfum að hefta þá þróun að samfélag okkar verði um of háð umferðinni. Margar borgir erlendis hafa náð mjög góðum árangri í að draga úr umferðarálagi á álagspunktum með aðgerðum sem við ættum að skoða.“

Byggð á lóð lögreglustöðvarinnar

Í dag fer fimmtíu prósent höfuðborgarsvæðisins undir samgöngumannvirki: bílastæði, vegir, götur, gatnamót og græna túnfláka meðfram götum svo hægt sé að fjölga akreinum í framtíðinni. Grænn svæði þekja fimmtán prósent lands og íbúðasvæði um 35 prósent. Dagur vill þétta byggðina

sem hann segir verða að vera nær vinnustöðum fólks.

„Með því að skipuleggja hverfi nálægt vinnustöðum opnum við möguleika á að flytja í göngufæri við vinnustað, skóla og búðina. Við höfum verið að móta okkur sýn á hvar þessi hverfi ættu að vera og viljum endurskapa hafnarsvæðið við Mýrargötu og Slippinn, sem nú er úr sér gengið iðnaðarsvæði í nánd við miðborgina. Enn þá nær í skipulagi er bygging tónlistar- og ráðstefnuhúss, höfuðstöðva Landsbankans, verslana og mannlífsmiðju sem teygir sig frá hafnarsvæðinu að Lækjartorgi,“ segir Dagur en niðurstöður forvals verða kynntar í næsta mánuði.

„Margir eru hræddir um að sjálfstæðismenn gefi einhverjum vinum sínum Orkuveituna. Ég óttast að þeir vilji fara í gegnum kosningabaráttuna án þess að svara þeirri spurningu skýrt.

„Verkefnið Hlemmur Plús felur í sér íbúðir fyrir fólk sem vill búa nálægt miðborg og miðstöð almenningssamgangna. Þar sjáum við þúsund nýjar íbúðir, meðal annars á Barónsreit, í Einholti, Þverholti og öðrum vannýttum reitum. Einnig eru uppi hugmyndir um byggð á lögreglustöðvarreitnum, lóð Tryggingastofnunar og í Skúlatúni. Við Elliðavoginn standa nú Steypustöðin, Björgun og malbikunarstöð með malarhrúgur sem í vondum áttum blása yfir bryggjuhverfið. Við teljum þau fyrirtæki á röngum stað, viljum sjá voginn endurfæðast og bryggjuhverfið vaxa upp í þrjú þúsund manna byggð. Þá væri hægt að búa til nýja Ægisíðu í Skútu- og Dugguvogi þar sem lítið þarf til að skapa fagurt íbúðahverfi blandað atvinnutækifærum,“ segir Dagur sem leggur mikla áherslu á rýmið milli húsa; það sem hann kallar fjölnota almenning með æðaslætti borgarinnar þar sem sjá má lifandi mannlíf allan daginn.

„Menn hristu lengi höfuðið yfir slíkum hugmyndum, en það hefur sannast eftir að við leyfðum útiveitingar á Austurvelli og hleyptum af stað kaffihúsi í Nauthólsvík og í Grasagarðinum, að svona svæði eru ekki aðeins komin til að vera, heldur orðinn snar þáttur í mannlífinu, fjölskyldulífi og rómantík. Skipulag borgar verður að hugsa fyrir öllum þörfum fólks sem og vettvangi fyrir mannlífið. Nú hafa verið samþykktar tillögur um nýtt skipulag Hljómskálagarðs þar sem gert er ráð fyrir kaffihúsi og fleiru, enda löngu tímabært. Þá þykir mér Miklatún mjög áhugavert, en er hræddur um að ótrúlega fáir sunnan megin í Hlíðunum notfæri sér garðinn lengur eða hleypi þangað börnum sínum því umferðarfljótið á Miklubraut hefur klofið hverfið í sundur.“

Neðanjarðarumferð og breiðstræti

Dagur hafði ekki tekið sæti formanns skipulagsráðs Reykjavíkur þegar framkvæmd nýju Hringbrautarinnar var samþykkt, en sjálfur hefur hann haft uppi hugmyndir um að Miklubraut og Hringbraut færu í neðanjarðar stokk.

„Stokkur á ekki alltaf við og vandamálið með Hringbraut fólst í nálægð við vatnasvið Tjarnar og Vatnsmýrar. Við vildum einnig tryggja framtíðartengingar í Vatnsmýri og miðborgina, en ættum tvímælalaust að hugsa um framhald þessara framkvæmda í stokk, enda dýrmætt landrými sem skapast ofan á stokkunum. Ég tel koma vel til greina að setja hluta Miklubrautar neðanjarðar og finna þarf aðrar lausnir en þriggja hæða gatnamót við Miklubraut og Kringlumýrarbraut. Erlendis ráðast menn nú í fokdýr verkefni til að lækna sárin sem hraðbrautir valda í borgum, en ekki víst að besta leiðin sé sú að sökkva bílum ofan í jörðina. Kannski ættum við frekar að þroska hugmyndina um hvernig við eigum að lifa með bílnum og gætum breytt hraðbrautum í breiðstræti með breiðum gangstéttum,“ segir Dagur sem varar við ofgnótt mislægra gatnamóta.

„Margar framsæknar stórborgir eru hættar þessum gríðarlegu slaufumannvirkjum. Fyrir þrjátíu árum voru bandarískar stórborgir með mislæg gatnamót á öllum hornum á teikniborðinu, en eftir ítarlega skoðun á kostum og göllum féllu þeir frá því skipulagi og fóru út í hönnun breiðstræta. Þeim fannst of miklu fórnað með hinu.“

Hræddur um Orkuveituna

Dagur kom óflokksbundinn og óháður inn í borgarpólitíkina fyrir tæpum fjórum árum. Hann segir útilokað að hann fari fram til borgarstjóra í sérframboði næsta vor, enda hafi hann alltaf litið á starfið sem tímabundið hlé frá læknisstörfum og öðrum verkefnum, en meðfram borgarmálunum hefur hann tekið vaktir á bráðamóttökunni til að halda sér við.

„Læknasloppurinn bíður ásamt mörgu öðru. Læknanám er góður grunnur fyrir störf á pólitískum vettvangi; læknar eru í þjónustuhlutverki og ber að hitta fólk, heyra sögu þess, átta sig á aðalatriðum og fá brýnustu úrlausnir til að vinna bug á vandamálinu. Það er lýsing á pólitík í hnotskurn. Ég hef pólitískan metnað og áskil mér rétt til að leggjast á þær sveifar í því sem ég held að geti orðið til góðs fyrir samfélagið, en borgarmálin verða ekki sá vettvangur að sinni,“ segir Dagur og vonast til að geta litið sáttur til baka. „Mér telst til að yfir níutíu af 98 kosningaloforðum R-listans séu komin til framkvæmda eða á framkvæmdastig. Arfleifð R-listans eru ekki bákn eins og Perlan og Ráðhúsið, heldur yfir tíu milljarða fjárfestingar í skólahúsum, göngustígakerfi borgarinnar, ylströndin í Nauthólsvík, rýmri reglugerðir í sambandi við ferðaþjónustu og veitingar sem hafa gert Reykjavík að grósku- og menningarborg í stað þess að vera lokuð og stundum leiðinleg,“ segir Dagur sem telur skipulags- og umferðarmál verða stærstu kosningamálin í komandi borgarstjórnarkosningum.

„Í öðru lagi eru margir hræddir um að sjálfstæðismenn gefi einhverjum vinum sínum Orkuveituna, en það er óhentugt fyrirtæki til að einkavæða og hætta sem ég held að unga fólkið átti sig ekki á. Ég óttast að þeir vilji fara í gegnum kosningabaráttuna án þess að svara þessari spurningu skýrt. Færi ég sjálfur í framboð mundi ég setja íþróttafélög og tónlistarskóla inn í heildstæðan skóladag, auk þess að niðurfelling leikskólagjalda verður stórt mál og með ólíkindum að sjálfstæðismenn hafi ekki getað svarað því með afgerandi hætti hvort hann muni virkilega reyna að standa í veg fyrir því, sem er eðlilegt næsta skref eftir að búið er að viðurkenna þá sem fyrsta skólastig. Þá er vitaskuld enginn boðlegur kandídat nema hann geti sagt fyrir hvað hann standi í skipulagi Vatnsmýrarinnar,“ segir læknirinn Dagur stoltur og áfjáður í að halda áfram verkinu við þróun þessarar borgar sem fékk hann lánaðan til fjögurra ára.





HVERNIG BORG MÁ BJÓÐA ÞÉR? Reykjavíkurborg efnir til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um heildarskipulag Vatnsmýrar í september. Hér eru tillögur um breytta borgarmynd frá 1924 til 1970. Skólavörðuholt, tillaga 1924 eftir Guðjón Samúelsson. Aðalstræti, tillaga 1945 eftir Hörð Bjarnason og fleiri. Nýr miðbær í Kringlunni, 1970 eftir Gunnlaug Halldórsson og fleiri.

NÝJAR VÖRUR DAGLEGA
LAGER SALA SENU
NÝTT KORTATÍMABIL
ER Í FULLUM GANGI
FRÍR ÍS
Á AKTU TAKTU
FYRIR ALLA SEM MÆTA Á LAGERSÖLUNA!
TÓNLIST
TÖLVULEIKIR
DVD
299kr 499kr
699kr 999kr
FYLLTU Á SAFNIÐ FYRIR SMÁAURA
OPIÐ 11-20
ALLA DAGA
LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(gamla World Class húsinu)
sena

GLÖÐ Á GÓÐRI STUND Íþróttatröllið Goran Micic einkaþjálfari hjá Nordica Spa er hér ásamt dóttur sinni Magdalenu Evu.

ÞJÓÐERNISSINNAR Það er alltaf jafn mikið sport að fá andlitsmálningu á hátíðarstundu

Lífleg Menningarnótt

Gífurlegur mannfjöldi sýndi sig og sá aðra á Menningarnótt. Stemmning var gríðarlega góð. Í gærmorgun var mannskapurinn í óða önn að gera klárt og var mikið líf við Laugaveginn. Fólk var ýmist að tyrfa skartgripaverslanir, skreyta í tilefni dagsins eða snurfusa. Í Lækjargötunni var allt heilbrigða fólkið samankomið sem tók þátt í Reykjavíkurmaraþoninu. Strax um hádegisbil var komið mikið af fólki í miðbæinn en skemmtidagskráin var af ýmsum toga. Allt frá flóamörkuðum upp í klassísk tónlistaratriði. Hápunkturinn var að sjálfsögðu flugeldasýning í boði Hjálparsveita skáta við Reykjavíkurhöfn.

GERA FÍNT Það er ekki nóg að hafa bara gaman það þarf líka að þrífa eftir sig

BARNAGLEÐI Hallgrímur Óskarsson lagahöfundur er hér ásamt konu sinni og dætrum.

SPÁÐ Í FRAMTÍÐINA Sigríður Klingenberg spáði fyrir gestum Menningarnætur.

TÖK er skammstöfun á alþjóðlegu prófskírteini sem vottar tölvukunnáttu þína og vottar að þú sért tölvulæs.

Það þýðir að þú kunnir að nýta þér flesta möguleika tölvunnar og þeirra forrita sem hvað mest eru notuð við vinnu og daglegt líf.

TÖK-skírteini er mikill styrkur á vinnumarkaðinum jafnt hérlendis sem erlendis.

TÖK NÁMSKEIÐ

TÖK tölvunám er 90 stunda tölvunám hjá NTV sem bæði er ætlað fyrir byrjendur og þá sem eitthvað kunna. Námið og kennslugögnin miða að því að gera nemendum kleift að taka þau 7 próf sem þarf til að fá TÖK skírteini.

Námsgreinar:

Upplýsingatækni - Windows - Word - Excel
Access - PowerPoint - Póstur - Internetið

Morgunnámskeið:
Byrjar 19. sept. og lýkur 21. okt.
Kennt á mán., mið. og fös.
frákl. 8:30-12:30

Kvöldnámskeið:
Byrjar 12. sept. og lýkur 19. okt.
Kennt á mán. og mið. frá 18 til 22 og annan hvern laug. kl. 8:30-12:30.

ntv
Hlíðasmára 9 - Kópavogi

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

HEILBRIGÐIÐ UPPMÁLAÐ Um 7.000 manns tóku þátt í Reykjavíkurmaraþoninu. Þetta fólk tók sig vel út í hlaupagöllunum og blés ekki úr nös.

Barcelona

2. og 9. september

frá kr. 44.990

5 daga helgarferð

Verð kr.
44.990

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í herbergi á Hotel NH Condor með morgunverði, 2. eða 9. september. Netverð á mann.

Bjóðum frábært tilboð til Costa del Sol í ágúst. Njóttu lífsins á þessum vinsælasta áfangastað Íslendinga í sólinni. Þú bókar og tryggir þér síðustu sætin og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú býrð.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

STÓRMEISTARAR Skákíþróttin höfðar til allra aldurshópa. Kannski verða þessi ungmenni stórmeistarar í framtíðinni?

KÚREKAGLEÐI Línudans nýtur mikilla vinsælda meðal þjóðarinnar. Þessar kunnu réttu sporin.

FLÓAMARKAÐUR Vel var mætt á flóamarkaðinn að Vitastíg 9a þar sem plötusnúðarnir Vipe héldu uppi stuðinu.

SYKURSÆTIR Kandíflos er alltaf jafn ljúffengt á hátíðsdögum.

HYUNDAI
hefur gæðin

Hyundai Terracan

náttúrulega góður

"Þegar ég endurnýja, eru nokkur atriði sem ég legg mikla áherslu á að séu í lagi. Nýi jeppinn **verður að vera sterkbyggður og kraftmikill**, með góða torfæruhæfni, svo að ég komist örugglega þangað sem ég ætla mér. **Jafnframt þarf hann að vera áreiðanlegur**. Ekki vill maður verða strandaglópur einhvers staðar í óbyggðum. Þá þarf hann að vera rúmgóður og þægilegur, af þeirri einföldu ástæðu að maður býður ekki fjölskyldunni sinni eða vinunum upp á hvað sem er.

Ég fann strax að Hyundai Terracan hefur allt þetta og meira til.
Ég get því óhikað mælt með honum sem traustum og skemmtilegum ferðafélaga."

Ásmundur Guðnason, fjallagarpur
Kristín Ásmundsdóttir, fjallahnáta



Terracan GLXA 2900 CRDi dísel, beinskiptur.
Ríkulega búinn með m.a. tölvustýrða miðstöð.
Verð kr. 3.650.000
Bílasamningur kr. 37.998 á mánuði m.v. 30% útborgun.
Við staðgreiðum þann gamla.*

*Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun. Greiðum út þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230

X 97·7

ÚTVARPIÐ PITT
ÞOLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ

Heyrst hefur ...

... að Fylkismennirnir reynslumiklu Ólafur Stígsson og Finnur Kolbeinsson séu að ná sér af erfiðum meiðslum og ættu því að geta hjálpað Árbæjarliðinu við að rétta úr kútnum eftir afar slæmt gengi í Landsbankadeild karla að undanförnu. Fylkismenn hafa tapað síðustu fjórum leikjum sínum í deildinni.

sport

sport@frettabladid.is

60 SEKÚNDUR MEÐ ÁRNA ÞÓR SIGTRYGGSSYNI

U-21 landsliðið er... Best.

Haukar eða Þór...Bæði.

Ertu betri en bróðir þinn (Rúnar Sigtryggsson)... Ekki ennþá.

Verður Ísland heimsmeistari... Vonandi.

Er glasið hálftómt eða hálffullt...Hálffullt.

Erfiðasti andstæðingur...Ég sjálfur.

Besti samherjinn... Aigars Lazdins.

Mark eða stoðsending... Mark.

Besti handknattleiksmaður heims... Igor Balic.

Sannir karlmenn eru... Akureyringar.

Mesti spreligosinn í íslenska landsliðinu er... Kári Kristjánsson.

Fyrirmynd á velli... Rúnar bróðir.

Að verða Evrópumeistari er... Einstök tilfinning.

Besta handknattleikslið heims... Haukar og Þór.

> Við minnum þá á ...



sem ætla ekki að missa af sögulegri stund í Kaplakrika í dag að leikur FH og Vals hefst klukkan 18.00. FH-ingar stefna þar á að bæta aðsóknarmetið á völlinn sinn sem og að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn annað árið í röð og það á mettíma.

> Við skiljum ekki ...

.... af hverju landsleikur Íslands og Hvíta-Rússlands í undankeppni kvenna í dag er settur á sama tíma og stórleikur Chelsea og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Leikurinn er líka á sama degi og heil umferð í Landsbankadeildinni og þetta er ekki til að hjálpa stelpunum við að fá fleira fólk á völlinn.

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

LEIKIR GÆRDAGSINS:

MAN. UTD–ASTON VILLA	1–0
1–0 Ruud Van Nistelrooy (66.)	
BLACKBURN–FULHAM	2–1
1–0 Morten Pedersen (15.), 1–1 Brian Mcbride (49.), 2–1 Kerimoglu Tugay (71.)	
CHARLTON–WIGAN	1–0
1–0 Darren Bent (42.)	
LIVERPOOL–SUNDERLAND	x–x
1–0 Xabi Alonso (24.)	
NEWCASTLE–WEST HAM	0–0
TOTTENHAM–MIDDLESBROUGH	2–0
1–0 Jermain Defoe (49.), 2–0 Ahmed Mido (75.)	
WBA–PORTSMOUTH	2–1
1–0 Geoff Horsfield (2.), 2–0 Geoff Horsfield (59.), 2-1 Laurent Robert (63.)	
BIRMINGHAM–MAN. CITY	1–3
1–0 Nicky Butt (7.), 1–1 Joey Barton (20.), 1–2 Andy Cole (47.).	

LEIKIR DAGSINS:

BOLTON–EVERTON	KL. 14.30
CHELSEA–ARSENAL	KL. 15.00

Þrjú lið áfram með fullt hús

Man. Utd, Tottenham og Charlton hafa unnið tvo fyrstu leiki sína í ensku úrvalsdeildinni. Liverpool vann fyrsta sigurinn en Newcastle á enn eftir að skora.

FÓTBOLTI Tottenham vann annan leikinn í röð 2-0 og er á toppnum á markatölu og ekki gladdi það stuðningsmenn Spurs minna að sjá Edgar Davids spila sinn fyrsta leik með liðinu. Jermain Defoe skoraði annan leikinn í röð og þar var glæsimark á ferðinni sem gladdi örugglega landsliðsþjálfarann Sven-Göran Eriksson sem var á vellinum.

„Staða okkar í deildinni á þessum tímapuntki skipti okkur litlu. Af hverju ættum við að vera að missa okkur eftir aðeins tvo leiki. Það sem skiptir okkur mestu máli er að ná stöðugleika í liðið," sagði stjórinn Martin Jol eftir leikinn en hann var ánægður með Davids. „Þetta var hans fyrsti leikur í marga mánuði og hann var okkar hetja. Hann er nákvæmlega eins leikmaður og ég bjóst við og við erum bæði sterkari líkamlega og andlega með hann innanborðs."

FYRSTI LEIKURINN MEÐ SPURS Hollendingurinn Edgar Davids lék í gær sinn fyrsta leik með Tottenham sem er á toppnum í ensku úrvalsdeildinni. GETTYIMAGES

Ruud kominn í gang

Manchester United vann sanngjarnan sigur á Aston Villa þótt aðeins potmark Ruud van Nistelrooy á 66. mínútu hafi skilið á milli liðanna. Aston Villa hugsaði nær eingöngu um að verjast í leiknum. Sir Alex Ferguson var ánægður með Hollendinginn og hefur sett kröfu um að hann brjóti 30 marka múrinn í vetur.

„Það er mjög mikilvægt fyrir liðið að Ruud skori því hann er óstöðvandi þegar hann kemst í gang. Á fyrstu tveimur tímabilunum skoraði hann 36 og 44 mörk og hann getur vel skorað svo mörg mörk aftur," sagði Alex en Ruud sjálfur játaði það að hafa oft spilað betur. „Ég viðurkenni að ég spilaði ekki vel en það er alltaf gott að skora. Þrjú mörk í þremur leikjum er frábær byrjun og það er mjög mikilvægt fyrir mig að vera farinn að skora á ný og sem betur fer var ég á réttum stað á réttum tíma í dag," sagði Nistelrooy eftir leik.

Liverpool vann sinn fyrsta sigur þegar liðið vann Sunderland 1-0. Xabi Alonso skoraði sigurmarkið beint úr aukaspyrnu. Frammistaða liðsins var þó ekki glæsileg og slök byrjun Evrópumeistaranna hefur kallað á gagnrýnisraddir. „Það var ekkert flæði í okkar leik en eftir erfiða viku þar sem fullt að mönnum voru að spila með sínum landsliðum í 90 mínútur þá var það mikilvægast fyrir okkur að ná í þrjú sitg," sagði stjórinn Rafael Benitez eftir leikinn.

Bent byrjar vel hjá Charlton

Hermann Hreiðarsson og félagar hans í Charlton eru einnig á sigurbraut og það var nýi leikmaður liðsins Darren Bent sem skoraði sigurmarkið gegn nýliðum Wigan með skalla eftir fyrirgjöf Danny Murphy. Bent, sem var keyptur frá Ipswich fyrir tímabilið, kórónaði þar með frábæra viku en hann skoraði tvö mörk í fyrsta leiknum, var valinn í enska landsliðið í vikunni og skoraði svo sitt þriðja mark í tveimur leikjum í gær.

Alan Shearer og félagar í Newcastle gerðu markalaust jafntefli á heimavelli gegn nýliðum West Ham og eiga því enn eftir að skora sitt fyrsta mark á tímabilinu en Geoff Horsfield skoraði hinsvegar tvö mörk fyrir West Bromwich sem vann 2-1 sigur á Portsmouth. Blackburn og Man City unnu einnig góða sigri í gær og það var Andy Cole sem tryggði Manchester City góðan útisigur á Birmingham með laglegu marki.

ooj@frettabladid.is

Fimleikadeild Ármanns

Innritun fyrir haustönn 2005 fer fram á skrifstofu deildarinnar að Sóltúni 16, dagana 24.-26. ágúst 2005, frá kl. 14-19. Boðið verður uppá fimleika fyrir stelpur og stráka frá 5 ára aldri undir umsjón reyndra þjálfara. Byrjendur æfa tvisvar í viku, 50 mín í senn og fá grunnþjálfun sem nýtist í öllum íþróttum. Einnig er boðið uppá framhaldshópa og keppnisþjálfun. Prufutímar verða í boði 22.-24. ágúst frá kl. 17-19.
Æfingar hefjast skv. stundaskrá laugardaginn **27. ágúst.** Þá verða krílahópar fyrir 3-5 ára börn á laugardögum, sem hefjast 3. sept. Frekari upplýsingar fást á **www.armenningar.is/fimleikar,** í síma 561-8470 og með því að senda tölvupóst á *fimleikar@simnet.is.*

Stjórn fimleikadeildar Ármanns

Íþróttafélagið Gerpla

Innritun vetrarstarf 2005-2006

Skráning iðkenda fer fram til 31. ágúst í síma 557 4925 og 557 4923. Einnig má fylla út skráningar á ***www.gerpla.is.***

Stundaskrár verða afhentar dagana 3. og 4. september kl: 13-17 í Íþrótta-miðstöðinni Versölum. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 5. september.

Veturinn 2005-2006 verða eftirfarandi deildir starfandi:

Fimleikadeild.
Tekur við iðkendum 4 ára og eldri.

Borðtennisdeild.
Tekur við iðkendum 6 ára og eldri.

Sunddeild.
Tekur við iðkendum á aldrinum 6 til 9 ára.

Frá og með september 2005 fer öll starfsemi Íþróttafélagsins Gerplu fram í Íþróttamiðstöðinni Versölum, Versölum 3, 201 Kópavogi.

Þróttur

Knattspyrnuþjálfarar

Knattspyrnufélagið Þróttur Laugardal þarf að bæta við sig knattspyrnuþjálfurum fyrir næsta starfsár. Félagið rekur metnaðarfulla starfsemi sem er ört vaxandi. Boðið er upp á bestu aðstöðu sem völ er á í Laugardalnum.

Umsækjendur þurfa að hafa viðurkenda reynslu af þjálfun, hafa sótt þjálfaranámskeið hjá KSÍ, eða sambærileg námskeið. Leitað er eftir einstaklingum með faglegan metnað og áhuga á að koma að öflugu uppbyggingarstarfi félagsins.

Umsóknarfrestur er til 2. september. Umsókn skal merkt framkvæmdastjóra og send Knattspyrnufélaginu Þrótti - Engjavegi 7 - 104 Reykjavík, en þær má einnig senda í tölvupósti á ***gvo@trottur.is***

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Þróttar í síma 580 5900 eða 896 2988.

Knattspyrnudeild Þróttar

Sannkallaður risaslagur í ensku úrvalsdeildinni milli liða Chelsea og Arsenal:

Lundúnaslagur á Brúnni í dag

FÓTBOLTI Fyrsti risaslagur ensku úrvalsdeildarinnar á þessu tímabili fer fram í dag en þá mætast Lundúnaliðin Chelsea og Arsenal. Liðin mættust fyrir tveimur vikum síðan í leiknum um Samfélagsskjöldinn en þá var það Didier Drogba sem stal senunni og skoraði bæði mörk Chelsea sem hrósaði sigri í leiknum. Reikna má með því að Drogba verði í fremstu víglínu í dag þrátt fyrir frábæra innkomu argentínska sóknarmannsins Hernan Crespo um síðustu helgi en hann skoraði sigurmarkið gegn Wigan í uppbótartíma.

Crespo og Drogba léku heilan leik fyrir landslið sín á miðvikudaginn líkt og Eiður Smári Guðjohnsen en enginn af þeim náði þó að skora í þeim leikjum. Arjen Robben var hinsvegar á skotskónum og skoraði tvö mörk fyrir Holland gegn Þýskalandi. Hvað varðar vörnina hjá Chelsea þá verða William Gallas og John Terry líklega áfram í hjarta hennar en Ricardo Carvalho var allt annað en sáttur við að þurfa að verma tréverkið í síðasta leik og lét Jose Mourinho heyra það í fjölmiðlum. Hann á lítinn möguleika á að snúa aftur í liðið eftir þau ummæli.

Miðjumaðurinn Michael Essien verður í leikmannahópi Chelsea í fyrsta sinn eftir að hafa verið keyptur frá Lyon í vikunni. Thierry Henry, fyrirliði Arsenal, segir að þar hafi Chelsea gert góð kaup. „Essien verður frábær fyrir Chelsea, trúið mér. Hann er stórkostlegur leikmaður sem mörg lið langaði í en aðeins Chelsea gat fengið. Þeir hafa sterkt lið en þegar allt kemur til alls eru það ellefu sem keppa gegn ellefu og allt getur gerst í fótbolta," sagði Henry.

Þetta verður 500. leikur Arsene Wenger við stjórnvölinn hjá Arsenal en u.þ.b. níu ár eru síðan hann tók við félaginu. Hann vill því halda upp á þennan áfanga með sigri gegn Chelsea í dag en fleiri reikna þó með sigri þeirra bláklæddu.

TVÖ MÖRK Í SÍÐASTA LEIK Didier Drogba skoraði bæði mörk Chelsea gegn Arsenal í leiknum um Samfélagsskjöldinn. Hvað gerir hann í dag? GETTYIMAGES

elvar@frettabladid.is

ÚR SPORTINU

Jóhannes Karl Guðjónsson skoraði annað mark Leicester sem gerði 2-2 jafntefli gegn Crewe í ensku 1.deildinni í gær. Crewe komst tveimur mörkum yfir en Leicester náði að jafna. Jóhannes skoraði síðara markið á 50.mínútu úr vítaspyrnu. Gylfi Einarsson lék allan leikinn fyrir Leeds sem vann 2-0 sigur gegn Wolves og Þórður Guðjónsson var á varamannabekk Stoke þegar liðið vann Luton 2-1.

Heiðar Helguson lék sinn fyrsta leik fyrir Fulham í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar hann kom inn sem varamaður þegar 10 mínútur voru eftir af leik Blackburn og Fulham en það dugði ekki til að hans menn fengju stig úr leiknum. Heiðar kom inn fyrir Brian McBride sem skoraði eina mark Fulham í leiknum en Blackburn vann leikinn 2-1.

Breiðablik og KS gerðu 1-1 jafntefli í 1.deild karla í gær en með sigri hefðu Blikar tryggt sér sigur í deildinni. Þeir hafa þegar tryggt sér sæti í Landsbankadeildinni að ári en mistókst að sigra botnlið Siglfirðinga og þurfa því að bíða enn með að fagna sigri í deildinni. Víkingur Reykjavík getur enn skotist upp í fyrsta sætið fari svo að liðið vinni alla þrjá leikina sem það á eftir á meðan Breiðablik tapar sínum.

Steven Gerrard fyrirliði Liverpool missir af síðari Evrópuleik liðsins gegn CSKA Sofia á þriðjudag. Hann fór meiddur af velli í 1-0 sigri Liverpool á Sunderland í gær vegna kálfameiðsla. Meiðsli hans eru ekki alvarleg og má reikna með því að hann verði orðinn klár í slaginn aftur um næstu helgi.

Búum okkur undir erfiðan leik

Íslenska kvennalandsliðið leikur í dag sinn eina heimaleik í ár gegn Hvíta-Rússlandi. Jörundur Áki þjálfari segir andann í íslenska liðinu vera góðan.

FÓTBOLTI „Rússar eru mikil fótboltaþjóð og við búum okkur undir það að þetta verði erfið viðureign. Við ætlum að fara í hana af fullum krafti og með mikið sjálfstraust. Annars þekki ég þetta lið lítið, hef reynt mikið að fá upplýsingar um þetta lið en það virðist vera alveg ómögulegt," sagði Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins sem mætir Hvíta-Rússlandi klukkan tvö í dag.

Þetta er fyrsti leikur liðsins í riðli fyrir undankeppni HM 2007 en auk Íslands og Hvíta Rússlands eru Portúgal, Svíþjóð og Tékkland í riðlinum.

Svíþjóð sigurstranglegasta liðið

„Það er nokkuð ljóst að Svíþjóð er sigurtranglegasta þjóðin enda hefur liðið verið að leika um verðlaun á síðustu stórmótum og er eitt besta lið í heiminum. Besta félagsdeild í heimi í kvennaboltanum er einmitt í Svíþjóð og flestir reikna með því að þær vinni þennan riðil. En við verðum að gera okkar allra besta enda er bara eitt lið sem kemst upp," sagði Jörundur en í hópi hans er einn nýliði, Greta Mjöll Samúelsdóttir úr Breiðablik.

„Greta hefur verið að spila rosalega vel í sumar. Það er kærkomið tækifæri fyrir hana að komast inn í þennan hóp því hún er framtíðarlandsliðsmaður,"

Mikil eftirvænting

Jörundur segir góðan anda ríkja í hópnum og það sé búin að vera mikil eftirvænting eftir að hefja þessa keppni.

„Alltaf þegar þessi hópur kemur saman þá er mikið fjör en einnig mikill metnaður fyrir því að ná árangri og það skiptir máli. Stelpurnar hafa fengið mjög góðan stuðning undanfarin ár og vonandi verður framhald á því. Það er ókeypis aðgangur á leikinn og vonandi fjölmennir fólk," sagði Jörundur.

elvar@frettabladid.is

59. LANDSLEIKURINN Eina tækifærið til að sjá Ásthildi Helgadóttur spila hér heima á þessu ári er á Laugardalsvellinum í dag þegar hún leiðir íslenska landsliðið gegn Hvíta-Rússlandi í fyrsta leik liðsins í undankeppni HM 2007 í Kína. Ásthildur hefur spilað frábærlega í sænsku úrvalsdeildinni í sumar og er í feiknagóðu formi.

BYRJUNARLIÐ ÍSLANDS:
Leikaðferðin er 4-4-2

Markvörður:
Þóra Björg Helgadóttir.
Varnarmenn:
Erla Hendriksdóttir
Guðrún Sóley Gunnarsdóttir
Dóra Stefánsdóttir
Erna Björk Sigurðardóttir.
Miðjumenn:
Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir
Edda Garðarsdóttir
Laufey Ólafsdóttir
Dóra María Lárusdóttir.
Framherjar:
Ásthildur Helgadóttir (fyrirliði)
Margrét Lára Viðarsdóttir.

ÍSLANDSMEISTARAR Sigurður Bragi Guðmundsson og Ísak Guðjónsson á Mishubishi Lancer.

26. Alþjóðarallinu lauk í gær:

Tvöfaldur sigur

RALLÍ Sigurður Bragi Guðmundsson og Ísak Guðjónsson á Mitshubishi Lancer EVO5 fögnuðu tvöfalt eftir sigur sinn í Alþjóðarallinu sem lauk í gær.

Sigurður Bragi og Ísak tryggðu sér um leið Íslandsmeistararatitilinn þótt ein keppni sé eftir því þeir hafa komið fyrstir í mark í öllum mótum ársins. Guðmundur Guðmundsson og Jón Bergsson Á Subaru Impreza urðu í 2. sæti en í jeppaflokki unnu Alan Paramore og Steve Partridge á Land-Rover.

Reykjavíkurmaraþonið:

Systur sigruðu

HLAUP Systurnar Bryndís og Martha Ernstdætur unnu báðar sín hlaup í 22. Reykjavíkurmaraþoninu sem fór fram í gær en metþátttaka var í hlaupinu en yfir sjö þúsund manns tóku þátt í Reykjavíkurmaraþoni að þessu sinni og var þátttökumet slegið í öllum vegalengdum.

Bryndís Ernstdóttir sigraði í kvennaflokki í Reykjavíkurmaraþoninu á 2.55.39 klst. en hjá körlunum vann hins vegar Svíinn Maans Höim annað árið í röð. Martha Ernstdóttir, systir Bryndísar, sigraði í hálfmaraþoni kvenna og Runar Höims, bróðir Maans, sigraði í hálfmaraþoni karla.

VARÐI 25 SKOT FRÁ ÞJÓÐVERJUNUM Frábær markvarsla Björgvins Páls Gústavssonar nægði ekki gegn Þjóðverjum en hann varði 25 skot, þar af voru tvö úr vítum.

Heimsmeistarakeppni U-21 árs í Ungverjalandi:

Stigalausir inn í milliriðil

HANDBOLTI Íslenska piltalandsliðið í handbolta tapaði í gær sínum öðrum leik í röð á Heimsmeistaramótinu í Ungverjalandi þegar það lá 27-30 fyrir Þýskalandi í sínum fjórða og síðasta leik í riðlakeppninni. Þar með er ljóst að íslenska liðið tekur engin stig með sér inn í milliriðilinn en liðið varð í þriðja sæti í sínum riðli á eftir Þjóðverjum, sem unnu alla sína leiki og Spánverjum, sem unnu eins marks sigur á íslenska liðinu á föstudaginn. Ísland spilar við Dani, Egypta og Kóreumenn í milliriðlinum sen hefst á morgun en vonin um að ná verðlaunasæti á þessu móti er orðin lítil enda fóru bæði Þjóðverjar og Danir með fjórum stigum meira inn í milliriðilinn.

Enn á ný var það slæmur kafli í seinni hluta fyrri hálfleiks sem reyndist íslenska liðinu dýrkeyptur en fjögur þýsk mörk í röð breytti stöðunni úr 7-6 fyrir Ísland í 7-10 og eftir að Þjóðverjar skoruðu 4 af 5 fyrstu mörkum seinni hálfleiks og komust átta mörkum yfir, 19-11, var staðan orðin vonlítil fyrir íslensku strákana sem náðu að minnka muninn í eitt mark þegar sex mínútur voru eftir en nær komust þeir ekki og Þjóðverjar unnu að lokum þriggja marka sigur.

Þjóðverjar fengu átta fleiri víti í leiknum og íslenska liðið var sex mínútum lengur í skammarkróknum sem hjálpaði ekki liðinu að eiga við hið sterka lið Þjóðverja sem er mjög sigurstranglegt á þessu móti. Svíar og Frakkar sátu bæði eftir í sínum riðli og eru því hvorugt meðal tólf efstu liða á þessu móti.

Björgvin Páll Gústvasson átti frábæran leik í markinu og varði 25 skot en þeir Ásgeir Örn Hallgrímsson og Arnór Atlason voru markahæstir með fimm mörk. Þá gerðu Andri Stefan og Daníel Berg Grétarsson 4 mörk hvor. Það munaði mikið um að þeir Kári Kristjánsson og Árni Þór Sigtryggsson komust ekki á blað í leiknum en öll sjö skot þeirra félaga misheppnuðust. Árni Þór var markahæsti leikmaður liðsins fyrir leikinn og Kári skoraði 11 mörk út 11 skotum í leiknum gegn Spánverjum..

-ooj



TVÖ FRÁBÆR LIÐ Hér til vinstri sjást FH-ingar fagna einu af 44 mörkum sínum í Landsbankadeildinni og í aðalhlutverki eru þeir Allan Borgvardt og Tryggvi Guðmundsson sem hafa skorað saman 25 mörk. Hér til hægri er Þórður Guðjónsson sem skoraði 19 mörk fyrir Skagamenn þegar þeir settu markametið í deildinni fyrir tólf árum síðan.

ÍA 1993 GEGN FH 2005

Það er margt líkt með árangri FH-inga í Landsbankadeildinni í sumar og Skagaliðsins fyrir tólf árum. En standast FH-ingar samanburð við það lið sem flestir spekingar telja eitt það allra sterkasta sem hefur leikið hér á landi?

Magnaður árangur FH í Landsbankadeildinni í sumar minnir um margt á hliðstæðan árangur ÍA árið 1993, sem þá stillti upp einhverju alsterkasta félagsliði sem um getur í sögu efstu deildar á Íslandi. Liðið vann tvöfalt það ár, vann 16 leiki af 18 á Íslandsmótinu og tapaði aðeins einum, skoraði 3-4 mörk að meðaltali í hverjum leik og hafði fádæma yfirburði í flestum leikja sinna, líkt og FH í ár.

ÍÞRÓTTALJÓS
SAMANBURÐUR Á KNATTSPYRNULIÐUM FH 2005 OG ÍA 1993.

VIGNIR GUÐJÓNSSON
BLAÐAMAÐUR

Hafnfirðingar eru reyndar fallnir úr bikarkeppninni en í deildinni hafa þeir borið ægishjálm yfir mótherja sína, skorað rúm þrjú mörk að meðaltali í þeim 14 leikjum sem búnir eru í sumar og aðeins fengið á sig sex í heildina. Þá hefur töluvert verið rætt og skrifað um að viðlíka leikmannahópur og sá sem þjálfarinn Ólafur Jóhannsson hefur haft úr að ráða hjá FH í sumar hvað varðar getu og breidd hafi ekki sést á Íslandi síðustu ár.

Margt sameiginlegt

Þessi tvö firnasterku lið eiga ýmislegt sameiginlegt; Skagamenn voru með tvo afburða erlenda leikmenn árið 1993, þá Lúkas Kostic og Mihjalo Bibercic, rétt eins og FH er með nú í þeim Tommy Nielsen og Allan Borgvardt. Í báðum tilvikum er um að ræða miðvörð annars vegar og sóknarmann hins vegar.

Skagaliðið 1993 var byggt á sama kjarna leikmanna og sumarið áður en þá varð liðið einnig Íslandsmeistari, þó ekki á jafn afgerandi hátt og það átti eftir að gera ári síðar, og var það í fyrsta sinn sem ÍA varð meistari í átta ár. Það sama á við um FH-liðið nú og síðasta sumar – í fyrra varð liðið meistari í fyrsta skipti í sögunni en í sumar geislar sjálfstraustið af liðinu, líklega að hluta til vegna velgengninnar í fyrra. Í ár fær liðið hreinlega ekkert stöðvað – alveg eins og ÍA árið 1993.

ÍA 1993 og FH 2005 endurheimtu bæði gamla jaxla sem höfðu verið í atvinnumennsku og áttu eftir að styrkja liðin mikið; ÍA fékk Ólaf Þórðarson og FH fékk Auðun Helgason og Tryggva Guðmundsson. Samlíkingarnar liggja víða.

En þegar liðin eru borin saman á alþjóðlegum vettvangi skilur stórt á milli. Skagamenn höfðu yfir að ráða 6-7 leikmönnum sem ýmist voru eða áttu eftir að verða fastamenn í íslenska landsliðinu á þessum árum. Hjá FH er aðeins um að ræða tvo leikmenn, þá Auðun og Tryggva, sem hvorugur getur talist til fastamanna landsliðsins þótt þeir hafi gegnt mikilvægu hluverki þar í undanförnum leikjum. Íslenska landsliðið á þessum tíma var mun sterkara en það er nú samkvæmt styrkleikalista FIFA, eina marktæka listanum sem segir til um getu landsliða. Í árslok 1993 var íslenska landsliðið í 46. sæti þessa lista, með fjölda Skagamanna innanborðs. Í dag er landsliðið í 94. sæti, með tvo FH-inga innanborðs.

Aukinheldur er samanburður á árangri liðana í Evrópukeppninni athyglisverður. Lið FH féll úr keppni í 1. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar og átti aldrei möguleika gegn Neftchi Baku frá Aserbaídsjan á meðan ÍA vann tiltölulega auðveldan 3-0 samanlagðan sigur gegn Partizani Tirana frá Albanínu árið 1993. Í næstu umferð náðu Skagamenn einhverjum mögnuðustu úrslitum í sögu íslenskrar knattspyrnu þegar þeir skelltu Feyenoord 1-0 á Laugardalsvellinum, sem þá var langbesta liðið í Hollandi. Liðið tapaði reyndar í Hollandi 3-0, en mótþróinn og hin erfiða hindrun sem íslensku víkingarnir reyndust hollensku risunum var eitthvað sem vakti athygli meðal fótboltaáhugamanna út um allan heim. Í 2. umferð forkeppninar í ár steinlá Neftchi Baku 5-1 samanlagt fyrir belgísku meisturunum í Anderlecht.

Einstaklega samstillt lið FH

Tilgangurinn með þessum pistli er ekki að draga úr mögnuðum árangri FH í ár – síður en svo. Liðið er einstaklega samstillt og býr líklega yfir einni bestu liðsheild sem sést hefur í efstu deild á Íslandi. FH hefur spilað frábæra knattspyrnu í allt sumar og er á góðri leið með að toppa þann árangur sem ÍA náði árið 1993. Hér er aðeins verið að velta fyrir sér skemmtilegum samanburði sem gefur í skyn að það þurfi minna til að vera yfirburðalið á Íslandi nú en fyrir 12 árum síðan. Tímarnir eru vissulega breyttir og ljóst er að sitt sýnist hverjum um hversu öflug þessi tvö lið raunverulega eru. En á pappírunum sem og ef mið er tekið af frammistöðu fyrir utan landssteinana var Skagaliðið 1993 talsvert sterkara en FH 2005. Þar af leiðandi gefur sambærilegur árangur í deild villandi mynd af raunverulegri getu liðanna. En hvort liðið er betra? Svarið við þeirri spurningu er líklega matsatriði hvers og eins. Allavega tel ég að Skagaliðið 1993 færi tiltölulega létt með FH-liðið 2005 á eðlilegum degi. En það er bara ég.

Skífan kynnir byltingu í afþreyingu

01.09.05

Lifðu í þínum heimi. Spilaðu í okkar.

Medievil

World Tour Soccer

Everybody's Golf

Gran Prix

Fired Up

Ridge Racer

Wipeout Pure

Leikir. Kvikmyndir. Tónlist. Ljósmyndir. PlayStation Portable.
www.yourpsp.com

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > HELGI MÁR MAGNÚSSON OG JAKOB SIGURÐARSON

FENGU BÁÐIR VÆNA SNEIÐ AF AMERÍSKU BÖKUNNI

Helgi Magnússon og Jakob Sigurðarson hafa stundað nám samhliða því að leika körfuknattleik í Bandaríkjunum undanfarin ár. Fréttablaðið fékk að skyggnast inn í líf íþróttamanns í Háskóla í Suðurríkjunum

Þeir Helgi og Jakob fóru sem skiptinemar í sama menntaskóla í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum og náðu þar að koma ár sinni nógu vel fyrir borð til að vera boðið á körfuboltanámsstyrk. Helgi á einu ári ólokið í Háskóla sínum í Suður-Karólínu, þar sem hann leikur með Catawba Indians, en Jakob útskrifaðist nú í vor frá Birmingham Southern College, þar sem hann var valinn íþróttamaður ársins á síðasta ári sínu. Blaðamaður hitti þá félaga á kaffihúsi á dögunum og vildi vita hvort líf ungra íþróttamanna í amerískum háskólum væri eins og það kemur okkur fyrir sjónir í bíómyndunum.

Ekta sveitalubbar

„Fólkið þarna í suðurríkjunum er yfir höfuð mjög viðkunnalegt og það tók mjög vel á móti mér þegar ég kom," sagði Helgi þegar ég spurði þá félaga hvernig þeir ættu skap við Bandaríkjamennina.

„Maður var dálítinn tíma að venjast hreimnum hjá fólkinu þarna í suðrinu, því hann er mjög sterkur og svo sá maður fimmtuga karlmenn í hlýrabolum með sítt að aftan, sem þótti ekkert tiltökumál," sagði Helgi hlæjandi, en hann stundaði nám í frekar litlum bæ og sagði að þar væri stemmingin mjög sveitaleg og afslöppuð. Jakob tekur í sama streng.

„Ég fann það svo greinilega þegar maður var á keppnisferðalögum í norðrinu að þar var viðmótið sem maður fékk allt annað og ekki nærri eins hlýlegt." Báðir sögðust þeir félagar stundum hafa

> **Ég man til dæmis hvað mér brá þegar ég var á heimili fyrir forsetakosningarnar þegar Bush var kjörinn fyrst. Þá var húsfreyjan á hnjánum fyrir framan sjónvarpið þegar Bush var að flytja síðustu framboðsræðurnar sínar og bað hástöfum til Guðs að hann yrði kosinn.**

orðið varir við það að áhorfendur á útileikjunum tóku þá fyrir og hrópuðu á þá niðrandi athugasemdir um þjóðerni þeirra eða útlit.

„Það var dálítið merkilegt og mér fannst alltaf gaman þegar var öskrað á mann því það svona kveikti dálítið í manni. Það merkilega við það var að svo kom þetta sama fólk til manns og hrósaði manni eftir leikinn, þannig að þessi hróp voru bara partur af leiknum," sagði Helgi.

Slappar klappstýrur

Blaðamaður spurði þá félaga næst út í samnemendur þeirra og skemmtanalífið á heimavistunum. „Það eru allar útgáfur af fólki þarna víðsvegar að úr landinu og því má segja að séu allra þjóða kvikindi þarna. Þó að þetta fólk sé með ólíkan menningarlegan bakgrunn og við er þetta fólk samt ekkert öðruvísi en við. Það gefst lítill tími til skemmtana þegar maður er á þessum ströngu æfingum með náminu og satt best að segja var frekar lítið um það á meðan skólinn var í gangi. Maður var aðallega innan um aðra íþróttamenn og þeir voru allir í þessu sama prógrammi og við. Auðvitað voru einhverjir skemmtanamenn þarna inn á milli, en það bar lítið á því," sagði Helgi. Því næst víkur talið óumflýjanlega að klappstýrunum frægu, hvernig skyldu þær vera? „Þeir meiga bara alveg eiga þær fyrir mér," sagði Helgi snöggt, en hló svo dátt. „Þær eru alltaf á sveimi í kring um strákana í ameríska fótboltanum og kannski þessa frægustu íþróttamenn, en þetta voru ekki stelpur sem voru að höfða til mín enda hætti liðið með þær fljótlega af því þær voru svo lélegar," bætti hann við og Jakob samsinnti því, enda var hann lengst af lofaður þegar hann var úti.

Hæna á hótelinu

„Námið þarna úti var ekkert mjög erfitt og ég er ekki frá því að það sé auðveldara en hérna heima. Þarna úti er líka tekið mjög gott tillit til manns í náminu vegna keppnisferðalaga og þannig. Kennararnir eru flestir mjög fínir og sýna því skilning ef maður missir úr tímum og svoleiðis. Maður var yfirleitt að æfa körfubolta svona þrjá klukkutíma á dag og svo eitthvað annað eins í skólanum. Stundum voru líka aukaæfingar yfir daginn, en það má segja að námið og karfan hafi tekið mest allan tímann hjá manni, en auðvitað fara menn stundum í bíó og eitthvað svoleiðis," sagði Jakob, sem aðspurður sagðist ekki hafa verið í neinu bræðrafélaganna við skólann sinn.

„Ég hafði bara engan tíma í það," sagði hann en það þýðir ekki að hann og félagar hans í liðinu hafi ekki fundið sér eitthvað til dundurs. „Maður var nú dálítið iðinn við að stríða félögum sínum til að lyfta upp stemmingunni og ég man að einu sinni þegar við vorum á keppnisferðalagi í San Francisco, fórum við á flóamarkað í Kínahverfinu þar sem hægt var að kaupa nánast allt. Við versluðum okkur hænu sem við stungum í poka og komum fyrir inni á herbergi aðstoðarþjálfarans á hótelinu. Það þarf ekki að taka fram hvernig umhorfs var í herberginu þegar hann kom heim um kvöldið, hann gerði allt vitlaust á hótelinu og var dálítinn tíma að jafna sig á þessu," sagði Jakob hlæjandi, en bætti við að hann hefði að lokum geta hlegið að hinu séríslenska gríni.



AMERÍKUFARARNIR Helgi Már Magnússon og Jakob Sigurðarson láta vel af veru sinni í amerísku háskólunum, þótt margt hafi komið þeim ansi spánskt fyrir sjónir

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

Beðið fyrir Bush

En hvað skyldi hafa komið þeim félögum mest á óvart við komu sína til Bandaríkjanna. „Ætli það hafi ekki verið trúarhitinn í fólkinu þarna. Sérstaklega í menntaskólanum þar sem við vorum. Þar voru bænir og kirkjuferðir mjög stór partur af daglegri rútínu, þannig að við vorum orðnir vanir því þegar í háskólann var komið. Ég man til dæmis hvað mér brá þegar ég var á heimili fyrir forsetakosningarnar þegar Bush var kjörinn fyrst. Þá var húsfreyjan á hnjánum fyrir framan sjónvarpið þegar Bush var að flytja síðustu framboðsræðurnar sínar og bað hástöfum til Guðs að hann yrði kosinn. Það var ótrúlegt að sjá hvað þetta fólk sá ekki sólina fyrir þessum manni og mér þótti ansi gaman að viðra skoðanir mínar á honum við krakkana þarna, við ansi dræmar undirtektir. Svo man ég þegar við fórum að sjá Mel Gibson myndina „Passion of the Christ" í bíó. Þá voru margir sem gengu út af henni og höndluðu ekki að horfa á hana og mjög margir krakkar þarna, strákar og stelpur, voru hágrátandi í langan tíma á myndinni og eftir hana. Það var dálítið sérstakt að sjá það," sagði Helgi, sem í haust fer aftur út og klárar námið sitt, en Jakob er kominn á samning hjá þýska liðinu Leverkusen þar sem hann mun spila næsta vetur.

baldur@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

19 20 21 22 23 24 25

Sunnudagur

LEIKIR

- 14.00 **Ísland** og **Hvíta Rússland** mætast á Laugardalsvelli í undankeppni HM kvenna 2007.

- 18.00 **FH** og **Valur** mætast í Kaplakrika í Landsbankadeild karla.
- 18.00 **Keflavík** mætir **ÍA** á Keflavíkurvelli í Landsbankadeild karla.
- 18.00 **KR** tekur á móti **Grindavík** á KR-velli í Landsbankadeild karla.
- 18.00 **ÍBV** og **Þróttur** mætast á Hásteinsvelli í Landsbankadeild karla.

SJÓNVARP

- 9.50 **Hnefaleikar** á Sýn. Sýnt frá bardaga Mike Tyson við Kevin McBride í Washington í júní.
- 11.30 **Formúla eitt** á RÚV. Bein útsending frá kappakstrinum í Tyrklandi.
- 12.10 **Landsleikur í knattspyrnu** á Sýn. Leikur Ungverja og Argentínumanna.
- 12.15 **Enski boltinn** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Bolton og Everton.
- 13.50 **Landsleikur í knattspyrnu** á Sýn. Leikur Dana og Englendinga.
- 14.00 **Kvennalandsleikur** á RÚV. Leikur Íslands og Hvíta Rússlands í beinni útsendingu.

- 14.45 **Enski boltinn** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Chelsea og Arsenal.
- 15.30 **Landsleikur í knattspyrnu** á Sýn. Leikur Króata og Brasilíumanna.
- 17.10 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 17.40 **Landsbankadeildin** á Sýn. Leikur FH og Vals í beinni útsendingu.
- 20.00 **Ísaldarhesturinn** á RÚV.
- 20.00 **Supercopa á Spáni** á Sýn. Bein útsending frá seinni leik Barcelona og Real Betis.
- 12.15 **Helgaruppgjör** á Enska boltanum. Farið yfir gang mála í ensku úrvalsdeildinni um helgina.
- 21.40 **Helgarsportið** á RÚV.
- 21.40 **Landsbankamörkin** á Sýn.
- 22.00 **Fótboltakvöld** á RÚV.
- 22.10 **Landsbankadeildin** á Sýn. Leikur FH og Vals frá því fyrr um daginn.

14. kappakstur formúlu eitt tímabilsins fer fram í Tyrklandi í hádeginu í dag:

Raikkonen verður á ráspól – Schumi síðastur

FORMÚLA EITT Finninn Kimi Raikkonen hjá McLaren tryggði sér í gær sæti á ráspól í tímatökum fyrir Tyrklands-kappaksturinn sem hefst klukkan 11.30 í dag.

Þetta var í fyrsta sinn sem keppt var á þessari braut og það er óhætt að segja að hún hafi komið nokkrum ökumönnum á óvart og snjallir bílstjórarar eins og Michael Schumacher, Jacques Villeneuve, Jenson Button og Takuma Sato máttu þola mikil vonbrigði í Istanbul í gær.

Raikkonen hafði hins vegar betur í baráttu við Renault-mennina Giancarlo Fisichella og Fernando Alonso sem ræsa í 2. og 3. sæti en Alonso er eins og kunnugt er með 26 stiga forskot á toppnum þegar aðeins sex keppnir eru eftir.

Juan Pablo Montoya ræsir fjórði á undan Jarno Trulli en mesta athygli vakti frammistaða Michael Schumacher sem keyrði út úr brautinni og þarf að byrja aftastur í röðinni. -ooj

Á RÁSPÓLNUM Í DAG Finninn Kimi Raikkonen hjá McLaren var ánægður með nýju brautina í Istanbul. GETTYIMAGES

Þú færð allar námsbækurnar hjá Office 1

Nýtt kortatímabil

Ódýrustu námsbækurnar

Opið alla helgina!

Við svörum alltaf samkeppni

Ný bók **5.395,-**
Notuð bók **2.810,-**



Ný bók **4.895,-**
Notuð bók **2.970,-**



Ný bók **975,-**
Notuð bók **570,-**

Ný bók **2.095,-**
Notuð bók **1.230,-**

Ný bók **4.195,-**
Notuð bók **2.330,-**

Ný bók **995,-**
Notuð bók **595,-**

Ný bók **4.450,-**
Notuð bók **2.330,-**

Ný bók **4.990,-**
Notuð bók **2.850,-**

Ný bók **1.525,-**
Notuð bók **880,-**

Ný bók **2.425,-**
Notuð bók **1.320,-**

Ný bók **4.450,-**
Notuð bók **2.540,-**

Ný bók **3.770,-**

Ný bók **2.550,-**



Ný bók **2.795,-**
Notuð bók **1.395,-**



Ný bók **3.995,-**
Notuð bók **2.220,-**



Ný bók **3.795,-**
Notuð bók **1.920,-**

Ný bók **1.495,-**
Notuð bók **580,-**

Ný bók **2.795,-**
Notuð bók **840,-**



Ný bók **2.995,-**

Ný bók **3.979,-**
Notuð bók **2.320,-**

Ný bók **1.995,-**

Ný bók **2.495,-**
Notuð bók **1.100,-**

Ný bók **1.750,-**
Notuð bók **960,-**



Ný bók **3.350,-**
Notuð bók **1.990,-**

Tilboðin gilda út ágúst 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

Verð getur lækkað án fyrirvara

LANGSTÆRSTI
SKIPTIBÓKAMARKAÐUR LANDSINS

Opið í Skeifunni 17 alla daga frá 9-20

Office 1 Superstore

STUÐ MILLI STRÍÐA : Draumurinn um Stínu

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR ER ALSÆL MEÐ NÝJU FRÆNKUNA SÍNA

MYND: HELGI SIGURÐSSON

plifi mig sem nustu konu á ndi þessa ıdina. Það er alls ekki af því að ég hafi unnið í Lottó, ynnst einnverri stórstjörnu á ferðum mínum um bæinn eða komist inn í Idolið. Nei, heppnin er á öðrum nótum. Fyrr í sumar eignaðist ég frænku. Hún flokkast kannski ekki undir stereótýpu af Íslendingi, því hún fæddist í Kína og var ættleidd hingað til lands. Þótt ég væri búin að bíða hennar lengi var þetta allt frekar óraunverulegt, jafnvel þótt foreldrar hennar væru komnir með mynd af henni. Ég átti þó bágt með að trúa mínum eigin augum fyrr en frænkan var lent. Ég hef aldrei verið flokkuð sem besta barnapía landsins enda heyrir það til undantekninga að ég sé beðin um að gæta barna. Ég veit ekki hvort þetta er tilkomið vegna yfirlýsinga minna um að ég sé ekki mikið fyrir börn eða hvort fólk treystir mér ekki fyrir afkvæmum sínum. Ég hef því kannski komið sjálfri mér mest á óvart með þessari ofsahrifningu á litlu frænku. Ég má bara varla af henni sjá og þegar hún er nærri get ég ekki hætt að horfa á hana því hún er svo falleg.

Þegar börn eru ættleidd ríkja aðrar reglur en þegar fólk eignast sín börn upp á gamla mátann. Það er mjög mikilvægt að ættleidd börn séu sem mest með foreldrum sínum til að mynda tengsl við þau og fatta að þau séu aðalfólkið. Það má enginn gefa þeim að borða nema foreldrarnir og er þeim ráðlagt að vera ekki að láta hvern sem er halda á nýja barninu. Ég varð því að sýna litlu frænku mikla stillingu og reyna að vinna hana á mitt band án þess að halda á henni eða gefa henni að borða. Þetta var erfitt. Eina helgi fyrir stuttu þegar við eyddum deginum saman sýndi sú litla að henni fyndist ég ekki alveg ómöguleg. Hún vildi ólm koma til mín. Þar með var björninn unninn. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

PÚ OG PA

Eftir SÖB

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

3	7	2	8	1	5	9	6	4
6	5	8	4	9	2	7	3	1
9	1	4	7	6	3	5	8	2
1	2	7	9	8	4	6	5	3
5	6	3	2	7	1	4	9	8
4	8	9	5	3	6	2	1	7
2	3	6	1	4	9	8	7	5
8	4	1	6	5	7	3	2	9
7	9	5	3	2	8	1	4	6

1		4	3		6	5		
	8			5	9		4	
			7			2		6
	1				5	7		9
	6		8		2		3	
4		9	6				2	
3		6			1			
	5		2	7			8	
		7	9		3	4		1

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

Vertu klár fyrir daginn!

Fylltu inn í eyðurnar.

Það er vit í að fá sér Cheerios á hverjum morgni. Cheerios er sykurlítið en fullt af hreinni orku og uppbyggjandi hollustu fyrir unga sem aldna. Í hverri skeið eru lífsnauðsynleg næringarefni, mikilvæg fjörefni og trefjar sem auka líkamlega vellíðan. Eftir einn disk af Cheerios erum við hressari og kraftmeiri. Við erum líka skýrari í kollinum. Við erum klár fyrir daginn.

Cheerios

Mikilvægasta máltíð dagsins

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS NAT 28735 08/2005

Sýningar í :	SMÁRABÍÓ	REGNBOGANUM	BORGARBÍÓ
Fantastic Four b.i. 10 ára	kl. 1, 2, 3.20, 4.20, 5.40, 6.40, 8, 9, 10.20 og 11.20 - Lúxus kl. 1, 3.20 og 5.40	kl. 3, 6, 8.30 og 10.50	kl. 5.50, 8 og 10.10
Wedding Crashers	kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.30 - Lúxus kl. 8 og 10.30	kl. 3, 6, 8.30 og 11	kl. 3.50, 8 og 10.20
Sharkboy and Lavagirl 3D	kl. 1.30, 3.40 og 5.50	kl. 3 og 6	kl. 4 og 6
The Longest Yard	kl. 8	kl. 8 og 10.30	——
Sin City b.i. 16 ára	kl. 10.30	——	——
Hostage	——	kl. 8 og 10.30	——
Star Wars EP3 b.i. 10 ára	——	kl. 3 og 5.30	——

IRON MAIDEN Hljómsveitin Iron Maiden spilaði á fjölmennum tónleikum í Egilshöll fyrr í sumar.

Lag úr Egilshöll á netið

Rokksveitin Iron Maiden ætlar að gefa út nýja útgáfu af laginu The Trooper á netinu en lagið var tekið upp á tónleikum sveitarinnar í Egilshöll þann 7. júní. Þetta er í fyrsta sinn sem Maiden sendir áður óútgefið lag á netið.

Lagið er gefið út í tilefni af útkomu samnefndrar smáskífu frá Iron Maiden sem er væntanleg í búðir. Með laginu fylgja myndir sem voru teknar á tónleikunum, sem ekki hafa áður verið birtar. Meðal annars verður hægt að nálgast lagið frá tónleikunum í Egilshöll á slóðinni www.7digital.com. ■

Styttist í draum allra leikjafíkla

Leikjafíklar um allan heim halda vart vatni yfir tölvunni og brátt gefst íslenskum leikjafíklum kostur á að festa kaup á henni. PSP-lófatölvan frá Sony er væntanleg hingað til lands fyrsta september. Hún verður í sérstökum pakka sem kemur til með að innihalda fjölda aukahluta, svo sem hulstur sem ver hana, 32MB-minniskort, rafhlöðu og margt fleira.

Þessi lófatölva verður hálfgerð bylting því auk þess að vera fullkomin leikjatölva verður hægt að tengjast internetinu og einnig þráðlausu LAN-neti. Það gerir sextán PSP-spilurum kleift að keppa hver við annan. Mest spennandi eru þó hinir agnasmáu diskar sem tölvan spilar en þeir eru ekki nema 60 mm í þvermál en geta geymt þrefalt meira magn en það sem rúmast á venjulegum geisladiski. Diskarnir rúma einnig heilar bíómyndir og þannig verður til dæmis hægt að horfa á Spider-Man 2 í dvd-gæðum á þessu litla töfratæki. ■

PSP Þessi agnarsmáa en knáa lófatölva gjörbyltir allri leikjaspilun en hægt verður að spila fullkomna þrívíða leiki í henni.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

18 19 20 **21** 22 23 24

Sunnudagur

■ ■ TÓNLEIKAR

☐ 16.00 Tríóið **Drýas** heldur tónleika á **Listasafni Sigurjóns Ólafssonar**. Í Drýas eru þær Herdís Anna Jónasdóttir sópran, Þorbjörg Daphne Hall selló og Laufey Sigrún Haraldsdóttir píanó. Á efnisskránni eru aðeins íslensk verk, meðal annars þjóðlög í útsetningum Jónasar Tómassonar og íslensk sönglög.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

HÁDEGISBÍÓ HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

3 BÍÓ 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI

ÁLFABAKKI

THE SKELETON KEY	KL. 6-8.15-10.30 B.I. 16
THE SKELETON KEY VIP	KL. 8.15-10.30
DECK DOGZ	KL. 2-4-6-8-10
HERBIE FULLY LOADED	KL. 1.40-3.50-6-8.15-10.30
THE ISLAND	KL. 5.45-8-10.30 B.I. 16
THE ISLAND VIP	KL. 1.30-4
KICKING AND SCREAMING	KL. 2-8.15
MADAGASCAR enskt tal	KL. 4-10.30
MADAGASCAR ísl. tal	KL. 2-4-6

KEFLAVÍK

HERBIE FULLY LOADED	KL. 2-4-6-8
SIN CITY	KL. 10 B.I. 16
FANTASTIC FOUR	KL. 1.50-3.55-8
WHO´S YOUR DADDY	KL. 6-10.10

AKUREYRI

THE SKELETON KEY	KL. 8-10
HERBIE FULLY LOADED	KL. 2-4-6-8
THE ISLAND	KL. 10
MADAGASKCAR ísl. tal	KL. 2-4-6
MADAGASKCAR enskt tal	KL. 6

KRINGLAN

HERBIE FULLY LOADED	KL. 12-2.10-4.20-6.30-8.40
DECK DOGZ	KL. 6-8-10
THE ISLAND	KL. 10.40 B.I. 16
THE PERFECT MAN	KL. 4.20-8
MADAGASCAR ísl. tal	KL. 12-2.10-4-6.15
BATMAN BEGINS	KL. 11.30-1.50-10 B.I. 12

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

THE SKELETON KEY	KL. 5.45-8-10.10	B.I. 16 ára
HERBIE FULLY LOADED	KL. 3-6-8-10	
THE ISLAND	KL. 3-5.30-8-10.30	B.I. 16 ára
DARK WATER	KL. 10	B.I. 16 ára
MADAGASCAR enskt tal	KL. 3-8.15	
BATMAN BEGINS	KL. 3-6-8.30	B.I. 12 ára
KICKING & SCREAMING	KL. 3	

Háskólabíó

HJÁ BÍLUNUM Eigendurnir stilltu sér stoltir upp fyrir framan bílana sína.

Breskur bílaklúbbur á Íslandi

Hópur fólks úr breska bílaklúbbnum MG Owners Club er staddur í heimsókn hér á landi. Hópurinn kom á sjö gömlum sportbílum hingað til lands og á dögunum hittu félagarnir meðal annars fyrir vini sína úr íslenskum Old Timer-bílaklúbbum fyrir utan Fosshótel Baron. Þar munu Bretarnir gista þær þrjár vikur sem þeir dvelja hér á landi. Eins og sjá má á myndinni er þarna um miklar glæsikerrur að ræða sem tóku sig vel út í blíðviðrinu í miðborg Reykjavíkur. ■

ÚR BÍÓHEIMUM

í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning?

„We say nothin'. The guy's going to hell for seven years, what are going do wish him luck?"

Svar:
Frank Slaughtery úr kvikmyndinni 25th Hour árið 2002.

dagskrá

Í TÆKINU

JENNIFER LEIKUR Í AFTER THE STORM KL. 22.00 OG 04.00 Á STÖÐ 2 BÍÓ Í KVÖLD.

Besta vinkona Quentin Tarantino

Jennifer Beals fæddist 19. desember árið 1963 í Chicago í Illinois í Bandaríkjunum. Faðir hennar lést þegar hún var tíu ára en hann var af afrískum uppruna. Móðir hennar er aftur á móti írsk. Jennifer vann fyrir sér sem fyrirsæta á unglingsárunum og passaði börn Regis Philbins.

Þegar Jennifer var sautján ára fangaði hún augu framleiðanda myndarinnar My Bodyguard. Þar lék hún sitt fyrsta hlutverk í mynd en skráði sig síðan í bókmenntir í Yale háskóla. Stuttu seinna hringdi umboðsmaður hennar og bað hana um að koma til New York til að fara í áheyrnarprufu fyrir mynd sem átti að vera kvenkyns Saturday Night Fever. Jennifer fékk hlutverkið í myndinni sem fékk nafnið Flashdance. Sú mynd kom Jennifer svo sannarlega á kortið en því miður urðu margir aðdáendur hennar svekktir þegar kom í ljós að hún dansaði eiginlega ekki neitt sjálf í myndinni.

Jennifer sneri aftur til Yale til að klára skólann. Einn bekkjarfélagi hennar í Yale var David Duchovny sem vildi endilega fá hana á móti sér í X-files en Gillian Anderson fékk hlutverkið. Árið 1986 giftist Jennifer óháða kvikmyndagerðarmanninum Alexandre Rockwell.

Jennifer lék í mörgum myndum Alexandres þegar þau voru gift eins og The Soup árið 1992 og Four Rooms árið 1995. Árið eftir skildi hún við Alexandre og árið 1998 fékk hún Golden Satellite verðlaun fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsseríunni The Twilight of the Gods.

Sama ár giftist hún kanadíska athafnamanninum Ken Dixon. Ferill hennar tók kipp árið 2002 þegar hún lek í Showgirls og árið eftir lék hún í Runaway Jury.

Nú síðast lenti Jennifer aftur í sviðsljósinu fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum The L Word.

Jennifer á von á sínu fyrsta barni í nóvember á þessu ári með Ken. Hún er besta vinkona Quentin Tarantino þar sem hún veitti honum húsaskjól þegar hann var óþekktur leikstjóri að reyna að slá í gegn.

Þrjár bestu myndir Jennifer: **Flashdance** – 1983 **Four Rooms** – 1995 **Runaway Jury** – 2003

▶ **20.55** *drama*
FORSVAR

▶ **19.40** *Fræðsla*
NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRUNA

▶ **22.00** *Raunveruleiki*
ROAD TO STARDOM

▶ **20.50** *fasteignir*
ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ

▶ **17.40** *Íþróttir*
FH - VALUR

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Engilbert **8.11** Ernst **8.21** Brummi **8.33** Magga og furðudýrið **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.25** Teiknimyndir **9.32** Líló og Stich **9.55** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir **10.30** Kona á biskupsstóli **11.00** Í hóffar sólkonungs **11.30** Formúla 1. Bein útsending frá Tyrklandi. **13.55** Landsleikur í fótbolta. Bein útsending frá leik kvennalandsliða Íslands og Hvíta-Rússlands. **16.10** Stríðsárin á Íslandi **17.00** Satúrnus **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.25** Krakkar á ferð og flugi

18.50 **Löggan, löggan (3:10)** (Polis, polis)
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljósið**
20.00 **Ísaldarhesturinn** Verðlaunamynd eftir Pál Steingrímsson um uppruna og sögu íslenska hestsins. Textað á síðu 888 í Textavarpi. e.
▶ **20.55** **Málsvörn (25:29)**
21.40 **Helgarsportið**
22.00 **Fótboltakvöld**
22.20 **Fyrirlitning** (Le mépris) Frönsk bíómynd frá 1963 byggð á skáldsögu eftir Alberto Moravia. Rithöfundurinn Paul Javal er ráðinn til að skrifa handrit að mynd eftir Ódysseifskviðu Hómers sem Fritz Lang er að gera á eynni Kaprí. Konu Javals grunar að hann noti hana sem agn til að fá betur borgað fyrir vinnu sína og snýst gegn manni sínum.

0.00 Kastljósið **0.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Kýrin Kolla, Litlir hnettir, Véla Villi, Pingu, Sullukollar, Töfravagninn, Svampur Sveins, Smá skrítnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, Ginger segir frá, WinxClub, Titeuf, Batman, Skrímslaspilið, Froskafjör, Shoebox Zoo)

12.00 Neighbours **12.20** Neighbours **12.40** Neighbours **13.00** Neighbours **13.20** Neighbours **13.45** Idol – Stjörnuleit (16:37) (e) **14.45** Idol – Stjörnuleit (17:37) (e) **15.15** Einu sinni var **15.40** Sálin og sinfónían **16.55** Apprentice 3, The **17.45** Oprah Winfrey

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.15 **Whose Line Is it Anyway?**
▶ **19.40** **Nálægð við náttúruna** Þáttaröð frá Edduverðlaunahafanum Páli Steingrímssyni en í þriðja þættinum er fjallað um lífshlaup lundans, eða Fratercula Arctica sem er fræðiheiti fuglsins.
20.30 **Kóngur um stund (13:16)** Umsjónarmaður er Brynja Þorgeirsdóttir.
20.55 **Monk (6:16)**
21.40 **Blind Justice (1:13)** Jim Dunbar er rannsóknarlögga í New York. Hann er einstakur í sinni röð en Jim er blindur. Hann missti sjónina í skotbardaga en lætur það ekki aftra sér. Félagar Jims dást að hugrekki hans en telja hann algerlega ófæran um að takast á við glæpi í borginni. Aðalhlutverkið leikur Ron Eldard.
22.25 **Medical Investigations (19:20)**

23.10 Divine Secrets of the Ya-Ya (Bönnuð börnum) **1.00** Good Morning Vietnam **2.55** Fréttir Stöðvar 2 **3.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

14.00 The Joe Schmo Show (8:8) **14.45** Sjáðu **15.00** The Newlyweds (15:30) **15.30** The Newlyweds (16:30) **16.00** Joan Of Arcadia (7:23) **16.50** Supersport (6:50) **17.00** American Dad (7:13) **17.30** Friends 2 (14:24) **18.00** Friends 2 (15:24)

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Game TV**
19.30 **Seinfeld 3**
20.00 **Caribbean Uncovered** Bönnuð börnum.
21.00 **The Newlyweds (17:30)**
21.30 **The Newlyweds (18:30)**
▶ **22.00** **Road to Stardom With Missy Elliot (9:10)** Raunveruleikaþáttur með Hip-Hopdívunni Missy Elliot þar sem 13 ungmenni berjast um að verða næsta Hip-Hop/R&B stjarna Bandaríkjanna. Keppendurnir fara í 10 vikna hljómleikaferðmeð Missy og auk þess að þurfa að keppa hvort við annað um sigurverðlaunin, þurfa þau að búa saman allan tímann.
22.45 **Tru Calling (8:20)** Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannslífum.

23.30 David Letterman **0.20** David Letterman

SKJÁREINN

13.00 Þak yfir höfuðið (e) **14.00** Dateline (e) **15.00** The Biggest Loser (e) **16.00** My Big Fat Greek Life (e) **16.30** Coupling (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **18.00** Dr. Phil (e)

18.45 **Ripley's Believe it or not! (e)** Í Ripley's Believe it or Not! er ferðast um víða veröld og fjallað um sérstaka og óvenjulega einstaklinga og aðstæður.
19.30 **Wildboyz (e)** Í þáttunum Wildboyz heimsækja Steve O og Chris Pontius ólík lönd og einbeita sér að því að öðlast þekkingu á þeim ólíku dýrategundum sem byggja hvert land.
20.00 **Worst Case Scenario**
▶ **20.50** **Þak yfir höfuðið**
21.00 **Dateline**
21.50 **Da Vinci's Inquest** Fyrri hluti. DaVinci, Leary og Sunny fara á ráðstefnu til Seattle. Þar uppgötva þau mál sem er tengt morðmálinu sem DaVinci er að vinna í nú þegar.
22.40 **Family of Cops** Dramatísk spennumynd með Charles Bronson í aðalhlutverki.

0.10 Cheers (e) **0.40** The O.C. **1.20** The L Word **2.05** Óstöðvandi tónlist

SÝN

9.50 Hnefaleikar (Mike Tyson – Kevin McBride)

12.10 Landsleikur í knattspyrnu (Ungverjaland – Argentína) **13.50** Landsleikur í knattspyrnu (Danmörk – England) **15.30** Landsleikur í knattspyrnu (Króatía – Brasilía) **17.10** Gillette-sportpakkinn ▶ **17.40** Landsbankadeildin. Bein útsending frá leik FH og Vals.

20.00 **Supercopa** (Barcelona – Real Betis) Útsending frá leik Barcelona og Real Betis.
21.40 **Landsbankamörkin** Mörkin og marktækifærin úr fimmtándu umferð Landsbankadeildarinnar en þá mætast eftirtalin félög: KR – Grindavík, FH – Valur, ÍBV – Þróttur, Keflavík – ÍA og Fram – Fylkir.
22.10 **Landsbankadeildin** (FH – Valur) Útsending frá leik toppliðanna FH og Vals á Kaplakrikavelli. Þetta eru tvö bestu félög landsins en Hlíðarendapiltarnir eru þeir einu sem hafa veitt Íslandsmeisturunum einhverja keppni í Landsbankadeildinni. FH-ingar unnu fyrri leikinn, 1-0, með marki Allans Borgvardt en sigurinn hefði hæglega getað orðið stærri. Valsmenn virkuðu þá taugaóstyrkir á köflum en þeir mæta væntanlega einbeittir til leiks í Hafnarfjörðinn í dag.

0.00 NBA (SA Spurs – Detroit)

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The John F. Kennedy Jr Story **8.00** Blues Brothers **10.10** Leifur Eiríksson **12.00** Beverly Hills Cop **14.00** Blues Brothers **16.10** Leifur Eiríksson **18.00** Beverly Hills Cop **20.00** The John F. Kennedy Jr Story **22.00** After the Storm **0.00** Kin **2.00** Full Tilt Boogie **4.00** After the Storm

OMEGA

8.00 Barnaefni **9.00** Billy Graham **10.00** Robert Schuller **11.00** Samverustund **12.00** Blandað efni **12.30** Acts Full Gospel **13.00** Ulf Ekman **14.00** Um trúna **14.30** Gunnar Þorsteins. (e) **15.00** Ron Phillips **15.30** Mack Lyon **16.00** Dr. E. Frank **16.30** Freddie Filmore **17.00** Samverustund (e) **18.00** Blandað efni **18.30** Peter Popoff Ministries **19.00** Believers Christian Fellowship **20.00** Blandað íslenskt efni **21.00** Jimmy Swaggart **22.00** The Way of the Master **23.00** Voice of Triumph **23.30** Miracle Moments **0.00** Miðnæturhróp

E! ENTERTAINMENT

12.00 The E! True Hollywood Story **14.00** Behind the Scenes **14.30** Style Star **15.00** The E! True Hollywood Story **19.00** THS Investigates **21.00** Child Stars Gone Bad **22.00** Fight For Fame **23.00** THS Investigates **1.00** Child Stars Gone Bad

AKSJÓN

7.15 Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **18.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Fíladelfía **21.00** Níubíó – Free Money **22.15** Korter

ENSKI BOLTINN

10.15 Blackburn - Fulham frá 20.08. **12.15** Bolton – Everton (b) **14.45** Chelsea – Arsenal (b) **17.00** Bolton – Everton **19.00** Chelsea – Arsenal **21.00** Helgaruppgjör **22.00** Helgaruppgjör (e)

FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Blind Justice

Stöð 2 kl. 21.40

Þetta er fyrsti þáttur.

Blind rannsóknarlögga

Hér er á ferð glænýr og hörkuspennandi myndaflokkur um Jim Dunbar, rannsóknarlöggu í New York. Jim er einstakur í sinni röð en hann er blindur. Hann missti sjónina í skotbardaga en lætur það ekki aftra sér. Félagar Jims dást að hugrekki hans en telja hann algerlega ófæran um að takast á við glæpi í borginni. Jim kippir sér ekki upp við álit þeirra og treystir á sjálfan sig og blindrahundinn Hank. Aðalhlutverkið leikur Ron Eldard en á meðal höfunda er Steve Bosch, sem kom meðal annars nálægt þáttunum NYPD Blue og LA Law.

Leikarar í þættinum.

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir

12.10 Barnatíminn : Elísabet Brekkan. **13.00** Sögur af fólki. **14.00** Uppeldisþátturinn. **15.03** Bióþátturinn **16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna.

18.00 Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Messufall e. **21.00** Gullströndin – Skemmtiþáttur e. **22.00** Margrætt e. **23.00** Frjálsar hendur.

0.00 Sögur af fólki e. **1.00** Uppeldisþátturinn e.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Á sumargöngu **10.15** Frændur okkar í Persíu **11.00** Guðsþjónusta í Bústaðakirkju

12.20 Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit: Mærin í snjónum **14.10** P.D.Q. Bach **15.00** Svipmynd af Thor Vilhjálmssyni rithöfundi **16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva

18.28 Sögur og sagnalist **19.00** Íslensk tónskáld **19.50** Óskastundin **20.35** Hverageði er heimsins besti staður **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Úr kvæðum fyrri alda **22.30** Teygjan **23.00** Kvöldvísur

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

18.00 Kvöldfréttir **18.05** Fótboltarásin **22.10** Popp og ról

0.10 Ljúfir næturtónar **2.03** Næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhornið

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.00 Tennis: WTA Tournament Toronto Canada **13.00** Snooker: European Open Belfast Ireland **14.00** Motocross: World Championship Germany **15.00** Snooker: European Open Belfast Ireland **16.00** Athletics: IAAF Super Grand Prix Sheffield **18.00** Tennis: WTA Tournament Toronto Canada **19.30** Motorsports: Motorsports Weekend **20.00** Snooker: European Open Belfast Ireland **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Boxing

BBC PRIME
12.00 Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **15.00** Killer Ants **16.00** One Foot in the Grave **16.30** 2 point 4 Children **17.00** Home From Home **17.30** The Life Laundry **18.00** Two Thousand Acres of Sky **19.00** No Going Back **20.00** Escape to the Country **21.00** Sahara **22.00** Body Hits **22.30** Human Race **23.00** A History of Britain **0.00** British Isles: A Natural History **1.00** Greek Language and People

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Built for the Kill: Poison **13.00** Search for Battleship Bismarck **14.00** Battle of the River Plate *film* **16.30** Treasures of the Titanic **17.00** Going to Extremes – the Silk Routes: Nepal **18.00** Seconds from Disaster: the Bomb in Oklahoma City **19.00** The World's Longest Bridge **20.00** Air Crash Investigation: Flying On Empty **21.00** Paranormal?: Crop Circles **22.00** The Sea Hunters: the Search for Tonquin and Isabella **23.00** Quest for Dragons **0.00** Paranormal?: Lake Monsters

ANIMAL PLANET
12.00 Big Cat Diary **12.30** Chimpanzee Diary **13.00** The Life of Birds **14.00** Growing Up... **15.00** Crocodile Hunter **16.00** Austin Stevens – Most Dangerous **17.00** Great Elephant Rescue **18.00** The Natural World **19.00** Amazon Super River **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Cell Dogs **22.00** Great Elephant Rescue **23.00** Big Cat Diary **23.30** Chimpanzee Diary **0.00** Amazon Super River **1.00** Growing Up...

DISCOVERY
12.00 Ultimate Cars **13.00** Mythbusters **14.00** Pompeii 2 **15.00** Ray Mears' Extreme Survival **16.00** Aircrash **17.00** One Step Beyond **17.30** Massive Machines **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Rides **21.00** Extreme Machines **22.00** Hitler's Women **23.00** Murder Trail **0.00** American Casino

MTV
12.00 Making the Video **12.30** Independent Women Weekend Music Mix **13.00** Madonna – on Stage and on the Record **13.30** Making the Video **14.00** Independent Women Weekend Music Mix **14.30** Making the Video **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Trippin **18.00** World Chart Express **19.00** Dance Floor Chart **20.00** Switched on **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Pimp My Ride **22.30** Mtv Mash **23.00** Mtv Live **0.00** Just See Mtv

VH1
16.00 VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** When Super Models Ruled the World **20.00** VH1 Goes Inside South Park **21.00** Behind the Music **22.00** The Fabulous Life of... **23.00** MTV at the Movies **23.30** VH1 Rocks **0.00** VH1 Hits

CLUB
12.40 City Hospital **13.35** Famous Homes & Hideaways **14.00** Fantasy Open House **14.25** Paradise Seekers **14.50** Art and Soul **15.15** Other People's Houses **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Retail Therapy **18.10** Men on Women **18.40** The Roseanne Show **19.30** Matchmaker **20.00** The Villa **21.00** Sex and the Settee **21.30** My Messy Bedroom **22.00** Ex-Rated **22.30** Men on Women **23.00** Weekend Warriors **23.30** Anything I Can Do **23.55** Arresting Design **0.25** Fashion House **0.50** Ross's BBQ Party **1.15** Staying in Style

CARTOON NETWORK
12.20 The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX
12.20 Digimon II **12.45** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob two-two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

MGM
12.00 Breakheart Pass **13.35** Women of San Quentin **15.10** Square Dance **17.00** Children of Times Square, the **18.35** Sweet Lies **20.10** Convict Cowboy **21.50** Toy Soldiers **23.40** Summer Heat **1.00** Vietnam Texas **2.30** By Duty Bound

TCM
19.00 North by Northwest **21.15** Arsenic and Old Lace **23.10** Murder at the Gallop **0.30** Bhowani Junction **2.20** The Secret of My Success

HALLMARK
12.00 Mcleod's Daughters II **12.45** The Sign of Four **14.30** The Colt **16.00** Mcleod's Daughters II **19.45** Carla **21.30** Sudden Fury **23.00** Christy: Choices of the Heart **0.30** Carla **2.15** Sudden Fury

BBC FOOD
12.00 Rocco's Dolce Vita **12.30** The Italian Kitchen **13.00** Chalet Slaves **13.30** The Big Stew **14.00** Food Source **14.30** Gondola On the Murray **15.00** The Naked Chef **15.30** Saturday Kitchen **16.00** After Midnight **17.00** Ainsley's Barbecue Bible **17.30** Neil Perry Fresh and Fast **18.30** Grigson **19.00** The Way We Cooked **19.30** The Great Canadian Food Show **20.00** Rachel's Favourite Food **20.30** Beyond River Cottage **21.00** The Hi Lo Club **21.30** Ready Steady Cook

DR1
12.00 Intet er os helligt **13.20** Fest ved fjorden **14.00** Sejlsport: Danish Open, matchrace **14.30** Klokkeren fra Notre Dame **16.00** Kaj og Andrea **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være – på krydstogt **18.00** Klœvedal i Kina **19.00** TV Avisen **19.15** Sœndag **19.45** Sœndagssporten med SAS liga **20.10** Pigeklubben **20.50** Jeg har mœdt Osama bin Laden **21.40** Live 8 sammendrag **22.40** De Udvalgte

SV1
14.15 Drömmarnas tid **15.00** Bolagen som styr oss **16.00** Rally-SM **16.30** Anki och Pytte **17.00** Så här går det till på Saltkråkan **17.30** Rapport **17.50** Har du hört den förut? **18.00** Svensson, Svensson **18.25** Tvilling-trilling-daghem **18.30** Sportspegeln **19.00** Minnenas television **20.15** Ramp i öst – sex nya stjärnor **20.45** Jorden med Anna Charlotta **21.15** Rapport **21.20** Design 365 **21.25** Bilder av ett krig **22.00** Arlanda **22.30** Sändning från SVT24

FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

HRÓSIÐ

... fær hljómsveitin Sign, sem stefnir hátt og hefur fengið sjóaðar rokkgoðsagnir til liðs við sig.

HIN HLIÐIN

HIN HLIÐIN Á ÞÓRU SIGURÐARDÓTTUR BLAÐAKONU Á SIRKUS OG UMSJÓNARKONU STUNDARINNAR OKKAR

Ætlaði að verða rokkstjarna

Hvernig ertu núna? Að verða lasin að ég held...
Augnlitur: Blár.
Starf: Úff.. þáttastjórnandi, skemmtikraftur og blaðamaður nær svona yfir það helsta.
Stjörnumerki: Tvíburi.
Hjúskaparstaða: Einhleyp en ekki á lausu.
Hvaðan ertu? Úr Reykjavíkinni og Breiðdalnum.
Helsta afrek: Kemur í ljós...
Helstu veikleikar: Hvatvís, manísk, óskipulögð og aðeins of ör á köflum.
Helstu kostir: Dugleg, drífandi, hugmyndarík og hress!
Uppáhaldssjónvarpsþáttur: Stundin okkar! og Kvöldþátturinn.
Uppáhaldsútvarpsþáttur: Gústi á morgunvaktinni á X-inu.
Uppáhaldsmatur: Indverskur.
Uppáhaldsveitingastaður: Austur-Indíafélagið.
Uppáhaldsborg: Reykjavík.
Mestu vonbrigði lífsins: Þegar Poison aflýstu í Kaplakrika '92.
Áhugamál: Að lesa, dansa, borða, breyta, ferðast, skrifa og gera við.
Jeppi eða sportbíll: Jeppi.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Rokkstjarna.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Að sjálfsögðu er það Jói G. Hann er með beittari húmoristum sem þessi þjóð hefur alið.
Hver er kynþokkafyllst(ur)? Humm... þegar stórt er spurt...
Trúir þú á drauga? Já, bjó meira að segja með einum.
Hvaða dýr vildirðu helst vera? Dreki
Hvaða dýr vildirðu ekki vera? Rotta
Áttu gæludýr? Já, kettina Lufsu og Lopa sem er nú reyndar týndur.
Besta kvikmynd í heimi? The Shawshank Redemption.
Besta bók í heimi? Ég held að það sé verið að skrifa hana...
Næst á dagskrá? Gera upp nýja húsið mitt, finna Lopa og byrja að undirbúa Stundina...

FRÉTTIR AF FÓLKI

Uppi varð fótur og fit hjá **Golfklúbbnum Keili** á fimmtudagskvöld. Í öllu **Eastwood**-æðinu sem nú ríkir kom í ljós að Clint sjálfur og **Jesse Bradford**, einn aðalleikaranna úr Flags of Our Fathers, áttu skráðan rástíma klukkan átta um kvöldið. Allt fór á fleygiferð í klúbbnum og var kölluð til móttökunefnd sem átti að taka á móti goðinu. Einhverjir fjölmiðlamenn fengu veður af komu kappans, sem og fjölmargir sem lögðu leið sína inn á vefsíðuna golf.is þar sem hægt er að skoða rástíma. Þegar klukkan nálgaðist átta var spennan orðin óbærileg og biðu margir eftir því að fá að sjá Clint Eastwood sveifla drævernum. Það kom þó á daginn að hér var um græskulaust grín að ræða og einhverjir æringjar höfðu skráð sig undir þessum þekktu nöfnum til þess að hrekkja aðra kylfinga. Síminn í veitingasölu skálans á Hvaleyri stoppaði þó ekki og fjölmargir gerðu sér leið inn í Hafnarfjörð til þess að sjá Clint Eastwood koma inn á níundu holunni. Þeim varð ekki að ósk sinni.

Ýmislegt hefur gengið á við tökur á stórmynd **Clint Eastwood**, Flags of Our Fathers, hér á landi. Sannkallaður heragi hefur ríkt á tökustaðnum og hafa einhverjir íslenskir aukaleikarar átt erfitt með að fylgja honum. Að minnsta kosti tveir þeirra hafa verið reknir heim með skömm fyrir að fylgja ekki fyrirmælum. Annar þeirra settist að snæðingi í sama matartjaldi og stjörnunar hafa haft út af fyrir sig og fékk hann skömmu síðar reisupassann. Hinn gerði ekki það sem honum var sagt við tökur á einu atriðanna, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, og fékk einnig að fjúka. Já, það er svo sannarlega ekki tekið út með sældinni að vinna fyrir Eastwood, því þar duga engin vettlingatök.

ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR Samdi smásögur á vegum Hins hússins og segir umsjónarmenn Strætó hafa tekið sér mjög vel þegar hugmyndin var borin upp.

ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR: SKRIFAR SMÁSÖGUR Í FIMMTÍU STRÆTISVAGNA

Bókmenntalegur skyndibiti í Strætó

Arndís Þórarinsdóttir er 22 ára bókmenntafræðinemi sem hefur starfað við það í sumar að skrifa smásögur sem síðastliðinn laugardag, Menningarnótt, voru hengdar upp í fimmtíu strætisvögnum. „Ég tók þátt í verkefninu Skapandi sumarstarf á vegum Hins hússins og í sumar skrifaði ég níu smásögur í fullu starfi. Þær voru svo prentaðar ein og ein í tvö hundruð litla bæklinga sem verða settir upp í fimmtíu strætisvögnum, farþegum til dægrastyttingar," segir Arndís. „Hér er því um nokkurs konar bókmenntalegan skyndibita að ræða."

Hugmyndin að verkefninu fæddist á nokkuð sérstakan hátt. „Ég vaknaði um miðja nótt með hugmyndina í kollinum," segir hún. „Þegar fólk er í strætó upplifir það svona dauðan tíma sem það á fyrir sjálft sig. Það er til dæmis ekki hægt að vera með samviskubit yfir því að vera ekki að gera eitthvað annað á meðan, eins og að læra eða taka til," segir Arndís. „Mér fannst kjörið að freista þess að nýta þennan tíma með einhverju spennandi."

Þó að verkefni Arndísar sé nýtt af nálinni er þetta ekki í fyrsta skipti sem farþegum strætisvagnanna stendur til boða að glugga í bókmenntir á leið sinni. „Fyrir nokkrum árum voru settar kiljur í vagnana og því var mjög vel tekið. Vandamálið var bara að fólk gat ekki klárað sögurnar í einni ferð. Smásögurnar mínar eru í tveimur lengdum og meiningin er sú að að þær séu nógu langar til að vera efnismiklar en nógu stuttar til að lesa í einni ferð."

Smásögurnar munu vera í strætisvögnunum um ótilgreindan tíma en þær fjalla um Strætó, borgina og borgarbúa. „Þær eru tiltölulega fjölbreyttar en Strætó kemur fyrir í mörgum þeirra. Hugmyndin er að þær nái til fólks á öllum aldri og þær eru ekki skrifaðar með einn markhóp í huga fram yfir annan."

Arndís hefur nokkurra ára reynslu af skrifum en tekur BA-próf í bókmenntafræði í október. „Ég er reyndar að fara út til London í meistaranám í leikritun eftir hálfan mánuð þannig að ég verð byrjuð í því áður en ég fæ BA-gráðuna," segir Arndís og hlær. „Smásöguverkefnið er frábær reynsla og það er ofsalega gaman að taka þátt í svona verkefnum eins og Hitt húsið býður upp á, þar sem samstarfið byggir á góðvild og jákvæðni. Það hafa allir lagst á eitt til að láta þetta ganga upp og mér hefur verið tekið afar vel. Ég er rosalega ánægð með þetta þó ég sé almennt svolítill fýlupúki," segir Arndís að lokum.

soleyk@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stórsöngvarinn **Joe Cocker** hefur flýtt komu sinni til Íslands um fimm daga til að geta rennt fyrir lax. Cocker er annálaður fyrir áhuga sinn á silungsveiði en ætlar að venda kvæði sínu í kross og reyna fyrir sér í laxveiði. Hvort **Eric Clapton** hafi haft samband við hann og mælt með slíkri veiði skal ósagt látið en gítarhetjan kemur hingað á hverju ári og veiðir í soðið. Cocker heldur sem kunnugt er tónleika í Laugardagshöll 1. september og er miðasalan nú á fullu í verslunum Skífunnar.

Gunnar Örlygsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, er með böggum hildar þessa dagana vegna þess sem hann kýs að kalla árásir á mannorð sitt í hrinu „blaðagreina frá dagblöðum og tímaritum um dansleik" sem hann sótti á Vopnafirði fyrir skömmu. DV og Séð&Heyrt hafa fjallað um meint slagsmál sem þingmaðurinn á að hafa lent í á Vopnafirði en útgáfa Gunnars af atburðarásinni er nokkuð frábrugðin því sem komið hefur fram á prenti: „Ég var áréittur af nokkrum mönnum á dansleiknum með blótsyrðum og ógnandi tilburðum. Ég lét ekki tilleiðast heldur óskaði eftir friði og spekt. Í kjölfarið yfirgaf ég staðinn umyrðalaust. Ég beitti aldrei ofbeldi né heldur var mér vísað út af staðnum." Samkvæmt DV lenti Gunnar í átökum við dyravörð á dansleiknum en sjálfur segir Gunnar það af og frá. „Vopnfirðingar og fjölmörg önnur vitni staðfesta þessa frásögn mína. Mannorð mitt hefur verið alvarlega svert fyrir hlut sem ég átti ekki nokkra aðild að. Mér skilst að Vopnfirðingar muni óska eftir leiðréttingu á frétt DV af þessu máli. Í tímarítinu Séð & Heyrt var fullyrt að ég hefði starfað sem leiðsögumaður í sumar. Sú frétt er einnig röng. Eins og mörg ykkar vita hef ég áhuga á fluguveiði og stunda þá íþrótt af kappi yfir sumartímanum. Hins vegar hafa bræður mínir starfað í sumarleyfum sínum sem leiðsögumenn." Það á hins vegar ekki við um Gunnar að hans sögn. Gunnar hygst hafa samband við lögmann sinn vegna málsins og stefnir ótrauður að því að hreinsa mannorð sitt.

DKR

DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR
AUGLÝSIR EFTIR HRESSUM OG ÁHUGASÖMUM STRÁKUM Í KÓRINN
Drengjakórinn 8-12 ára
Undirbúningsdeild 6-7 ára
Eldri deild 15-20 ára
Meðal verkefna í vetur:
Jólatónleikar í Salnum Kópavogi
Jólatónleikar með Karlakór Reykjavíkur í Hallgrímskirkju
Vortónleikar í Hallgrímskirkju
Söngferð til Frakklands (Parísar) í byrjun júni 2006
Nánari uppl. í síma 896-4914 og 862-0065.
Innritun og prufusöngur fer fram í Hallgrímskirkju mánudaginn 29. ágúst frá kl. 17.00-19.00
Heimasíða kórsins er www.drengjakor.is

Lögreglan tróð upp á útgáfutónleikum

Leynigestir skutu óvænt upp kollinum á seinni útgáfutónleikum tríósins Flís sem haldnir voru í Iðnó á fimmtudagskvöldið í tilefni af plötunni Vottur þar sem sveitin spilar lög sem Haukur Morthens sló í gegn með á sínum tíma.

Flís er skipuð þeim Davíð Þór Jónssyni á píanó, Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni á bassa og Helga S. Helgasyni á trommur en eins og aðdáendur tríósins vita var farin sú leið á geisladisknum að spila lög Hauks í fallegum útsetningum án söngs.

Það kom því gestum á óvart þegar leynigesturinn Ragnar Kjartansson fór upp á svið og kyrjaði „Sorgin sigrar hamingjuna" undir djössuðum undirleik Flís tríósins. Á meðan það atriði fór fram komu dökkklæddir menn sér fyrir á sviðinu og tók undir söng Ragnars. Um leið og hópurinn hóf upp raust sína áttuðu áhorfendur sig á að þarna var á ferðinni sjálfur Lögreglukórinn í Reykjavik með Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjóni í broddi fylkingar.

FLÍS
Útgáfutónleikar drengjanna tóku á sig óvænta mynd

Ætlaði allt um koll að keyra vegna heimsóknar Lögreglukórsins og var lögreglan tilneydd til að taka þrjú aukalög til að koma til móts við óskir áhorfenda. Blue Moon, The Lion sleeps tonight og íslensk þýðing á söng Liverpool-aðdáenda, Þú ert aldrei einn á ferð, varð fyrir valinu. Áhorfendur fögnuðu lögreglukórnum vel og var það mál manna að útgáfutónleikar Flís hefðu heppnast með eindæmum vel en þríeykið sló á létta strengi fram eftir kvöldi og útgáfuteiti var haldið á Kaffi Ólíver að tónleikum loknum. ■

SONY

Hugsaðu stórt!

Fáðu þér 42" veggsjónvarp og DVD upptökutæki fylgir!

KEP42M1SI
42" Sony Plasma sjónvarp
299.950 krónur
RDR-GX210S fylgir frítt með.

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

!
90,9

MARKAÐURINN
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

BAKÞANKAR

ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

Konungleg útrás

Virk kóngafjölskylda getur komið ómerkilegustu þjóðum á kortið. Þetta hefur margoft sýnt sig. Meira að segja Norðmönnum hefur tekist að verða móðins í kjölfar þess að hafa eignast glæsilega prinsessu. Væntanlegur krúnuerfingi í Danmörku beinir kastljósinu þangað. Oftast hefur breska fjölskyldan þó haft vinninginn um athygli heimsins, enda sannkallað fagfólk þar á ferð. Fast á hæla henni kemur Grimaldislektið í Mónakó.

VON okkar Íslendinga um að fá aftur að tilheyra kóngafjölskyldu hefur fram til þessa verið lítil. Við látum okkur nægja að fylgjast með ástum og átökum skandínavískra fjölskyldna. Lítil frétt í vikunni breytti stöðunni algjörlega. Íslensk stúlka var sögð hafa fangað athygli Alberts prins í Mónakó. Svo reyndist hins vegar ekki vera. Erlent slúðurblað bjó til fréttina og þjóðin er enn rauð á vanganum eftir höggið. Þetta var allt saman lygi.

HIN ósanna frétt varpaði þó ljósi á þá staðreynd að hér vantar fleiri fagstéttir en starfsfólk leikskólanna. Það vantar líka prinsa og prinsessur. Meðal annars til þess að heimsækja þessa sömu leikskóla og klappa börnunum á kollinn með settlegan blómvönd í hönd. Kíkja í vinnustaðaheimsóknir og rífa upp móralinn hjá vinnandi fólki. Danskir foreldrar sem eignast barn á afmælisdegi drottningar fá að sögn verðlaun fyrir vikið, bleiubirgðir í heilt ár. Ákveðin stemmning í því.

HÉR vantar royalfjölskyldu sem heldur athygli þjóðarinnar og heimsins með því að skilja oft, helst í kjölfar framhjáhalds, að eyða alltof miklu, vera með puttann á púlsinum þegar kemur að fatatískunni og svo auðvitað að tjá sig einstaka sinnum um málefni sem kóngafólk hefur ekki vit á, eða má ekki hafa vit á. Allt eru þetta lykilatriði, sem tryggja að aldrei nokkurn tímann ríkir gúrkutíð í fjölmiðlum.

MÉR kom þess vegna til hugar í öllu talinu um útrás Íslendinga hvort að fólk á giftingaraldri gæti ekki haft þetta í huga. Að hugsa stórt, og hugsa út, þegar kemur að makavali. Nú er verið að undirbúa íslenskan Bachelor-þátt, þar sem ungar stúlkur berjast um hylli ungs manns með það fyrir augum að giftast honum. Væri ekki nær að reyna við kóngaættirnar?

(Ástríðu)fullar fótboltabullur klippið hér

www.icelandexpress.is

BOLTINN ER HJÁ OKKUR

SAMEINAÐU ÁSTRÍÐUNA OG FERÐALAGIÐ MEÐ ICELAND EXPRESS

Fótbolti www.icelandexpress.is/fotbolti

Nú er enski boltinn farinn að rúlla og Iceland Express, í samstarfi við Markmenn ehf., býður gríðarlegt úrval af boltaferðum á fáránlega góðu verði. Þú færð flotta þjónustu á lægra verði en nokkru sinni fyrr hjá Iceland Express.

Brot af þeim boltaferðum sem í boði eru

Vertu feginn að sumarið sé að verða búið því ferðirnar á enska boltann í september eru lygilega spennandi.

9. – 11. september
Chelsea – Sunderland
Verð 49.900 kr.

23. – 25. september
Chelsea – Aston Villa
VERÐ 49.900 kr.

16. – 20. september
Charlton – Chelsea
Arsenal – Everton
TVENNA! Verð 59.900 kr.

Charton – Chelsea
Liverpool – Manchester United
Arsenal – Everton
ÞRENNA! Verð 79.900 kr.

30. september – 2. október
Fulham – Manchester United
Verð 39.900 kr.

Verð frá 39.900 kr.
Innifalið: flug báðar leiðir með sköttum, miði á völlinn og gisting í tvær nætur með morgunmat.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Fíton/SÍA

SPARI DAGAR

LOKADAGURINN
... Í SMÁRALIND Í DAG

ORMSSON SMÁRALIND
Sími 530-2900

OPIÐ FRÁ KL. 13–18

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu